

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2005

Dómareifanir

1. hefti 2005 (janúar - júní)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Oddný Mjöll Arnardóttir
Skúli Magnússon

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
1. hefti 2005 (janúar – júní)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
Dreifing Háskólaútgáfan
ISSN 1670-6145
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu

Útgáfan er styrkt af dómsmálaráðuneytinu

Frá ritstjóra

Eitt helsta markmið Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands er að vinna að rannsóknum á lögfræðilegum þáttum mannréttinda og standa fyrir fræðslu og kynningu á mannréttindamálefnum einkum meðal dómara, lögmannna og stúdenta. Hér birtist fyrsta hefti í nýrri ritröð með reifunum dóma Mannréttindadómstóls Evrópu frá fyrri hluta ársins 2005. Hyggst stofnunin gefa reglulega út reifanir dóma Mannréttindadómstólsins í því skyni að breiða út þekkingu um framkvæmd hans meðal íslenskra lögfræðinga og annarra sem áhuga hafa á þeim efnum. Þá er ritinu jafnframt ætlað að vera vettvangur fyrir annan fróðleik tengdan mannréttindum og eftir því sem við á ákvarðanir annarra alþjóðastofnana eða nefnda sem fjalla um mannréttindi. Dómsmálaráðuneytið styrkir útgáfuna en án þess styrks væri hún ekki möguleg og eru ráðuneytinu færðar þakkir fyrir.

Áhrif Mannréttinasáttamála Evrópu á íslenskan rétt síðastliðinn áratug eru umtalsverð. Til þess að átta sig á inntaki verndar sáttmálans er nauðsynlegt að kunna skil á því hvernig Mannréttindadómstóllinn hefur skýrt ákvæði hans og mótað í framkvæmd sinni undanfarna áratugi. Er framkvæmd dómstólsins á ákvæðum sáttmálans enn í mikilli þróun, þar sem ný álitæfni koma þar stöðugt til úrlausnar. Á vettvangi Evrópuráðsins hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að starfsmenn réttarvörslukerfa aðildarríkjanna hafi greiðan aðgang að dómum Mannréttindadómstólsins til þess að geta stuðst við þær reglur sem mótast um túlkun ákvæða hans í störfum sínum. Í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. 2002(13) um útgáfu og dreifingu í aðildarríkjunum á texta Mannréttinasáttmálans og dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins eru stjórnvöld hvött til að koma á virkri kynningu og útbreiðslu á dómum hans á tungumáli ríkisins, einkum til dómara, saksóknara og annarra sem vinna innan réttarkerfisins. Í langflestum aðildarríkjum sáttmálans er að finna útgáfur á viðkomandi tungumáli á dómum eða reifunum dóma hans. Íslenskir lögfræðingar hafa átt greiðan aðgang að heimasíðu Mannréttindadómstólsins á slóðinni www.echr.coe.int. Þótt dómarnir séu ekki þýddir í heild sinni í útgáfu þessari er vakin sérstök athygli á dómum sem hafa meiri þýðingu en aðrir, efnisatriði þeirra og rökstuðningur reifaður og gefið tilefni til nánari skoðunar.

Árið 2004 kvað Mannréttindadómstóll Evrópu upp 718 dóma og stefnir í að dómur hans á þessu ári verði einnig á bilinu 700-800 talsins. Er upplýsingagildi þess að reifa alla dómuna mjög lítið, enda fjallar stór hluti þeirra um sendurtekin úrlausnarefni, einkum tafir í meðferð mála fyrir innanlandsdómstólum, og meirihluti kærumála beinist að örfáum aðildarríkjanna 45. Í útgáfu þessari er reynt að velja úr þá dóma sem taldir eru hafa sérstakt gildi fyrir túlkun ákvæða sáttmálans. Er þar einkum stuðst við flokkun dóma eftir mikilvægi þeirra sem gerð er á heimasíðu Mannréttindadómstólsins. Eins geta ákvarðanir dómstólsins um meðferðarhæfi verið mikilvægar og verða þær reifaðar eftir því sem tilefni gefst. Þá verða reifaðir dómur sem kunna að hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenskan rétt. Er þar sérstaklega lítið til dóma í málum gegn hinum Norðurlöndunum þar sem oft er til umfjöllunar

löggjöf eða ákvarðanir sem eiga hliðstæðu í íslenskri réttarframkvæmd. Loks verða hér birt í heild sinni ákvarðanir og dómur í kærumálum gegn íslenska ríkinu.

Mannréttindastofnun hefur ráðið nokkra laganema við lagadeild Háskóla Íslands til þess að vinna að reifunum dómanna. Með því að virkja laganema í þessu verkefni gefst þeim kostur á að afla sér gagnlegrar þekkingar og þjálfunar sem nýtist bæði í laganáminu en ekki síður að útskrift lokinni þegar við taka raunhæf álitaeftni í starfi. Í þessu fyrsta hefti voru það laganemarnir Helgi Þór Þorsteinsson og Hervör Pálsdóttir sem komu að verkefninu. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir þeirra framlag. Ritnefnd útgáfunnar skipa dr. Oddný Mjöll Arnardóttir hdl. og Skúli Magnússon héraðsdómari. Munu þau ásamt undirritaðri stýra útgáfunni og hafa umsjón með gerð reifana. Eru allar ábendingar sem lúta að útgáfunni vel þagnar af ritstjórninni.

Sem áður segir er markmið með útgáfu þessarar ritraðar að dreifa með víðtækum hætti upplýsingum um dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins. Í því skyni hefur Mannréttindastofnun HÍ náð samkomulagi við Tímarit lögfræðinga sem hefur mikla útbreiðslu meðal íslenskra lögfræðinga og munu áskrifendur tímaritsins njóta góðs af því samstarfi. Verður sú tilhögun höfð á, að minnsta kosti í fyrstu á meðan útgáfan festist í sessi, en að öðru leyti annast Háskólaútgáfan dreifingu hennar. Loks er stefnt að því birta efni útgáfunnar á heimasíðu Mannréttindastofnunar HÍ þar sem allir eiga kost á því að kynna sér efni hennar.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit

1. hefti 2005 (janúar – júní)

2. gr. Réttur til lífs	9
Bubbins gegn Bretlandi. Dómur frá 17. mars 2005.	
<i>Mannsbani vegna valdbeitingar lögreglu. Rannsókn.</i>	9
Öcalan gegn Tyrklandi. Dómur frá 12. maí 2005 (sjá reifun undir 6. gr.).....	11
3. gr. Bann við pyndingum	12
Mamatkulov og Askarov gegn Tyrklandi. Dómur frá 4. febrúar 2005	
(sjá reifun undir 34. gr.).....	12
Nevmerzhitsky gegn Úkraínu. Dómur frá 5. apríl 2005.	
<i>Gæsluvarðhald. Aðbúnaður fanga. Tímalengd varðhalds.</i>	
<i>Skýlda ríkis til að leggja fram gögn.</i>	12
Öcalan gegn Tyrklandi. Dómur frá 12. maí 2005 (sjá reifun undir 6. gr.).....	16
Novoselov gegn Rússlandi. Dómur frá 2. júní 2005.	
<i>Aðbúnaður fanga.</i>	16
5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi	18
Enhorn gegn Svíþjóð. Dómur frá 25. janúar 2005.	
<i>Nauðungarvistun vegna smitsjúkdóms.</i>	18
Singh gegn Tékklandi. Dómur frá 25. janúar 2005.	
<i>Útlendingar. Varðhald. Brottvísun.</i>	19
Epple gegn Þýskalandi. Dómur frá 24. mars 2005.	
<i>Handtaka. Réttur til að vera færður án tafar fyrir dómara.</i>	21
Nevmerzhitsky gegn Úkraínu. Dómur frá 5. apríl 2005	
(sjá reifun undir 3. gr.).....	22
Öcalan gegn Tyrklandi. Dómur frá 12. maí 2005 (sjá reifun undir 6. gr.).....	22
Storck gegn Þýskalandi. Dómur frá 16. júní 2005.	
<i>Nauðungarvistun. Andleg vanheilsa. Læknismeðferð.</i>	22
Kolanis gegn Bretlandi. Dómur frá 21. júní 2005.	
<i>Vistun á geðsjúkrahúsi. Réttur til að bera frelsissviptingu undir dóm.</i>	26
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi	29
Musumeci gegn Ítalíu. Dómur frá 11. janúar 2005.	
<i>Fangelsisreglur. Aðgangur að dómstólum. Lagaheimild fyrir</i>	
<i>takmörkun bréfaskipta</i>	29
Capeau gegn Belgíu. Dómur frá 13. janúar 2005.	
<i>Sakleysi uns sekt er sönnuð. Bætur fyrir gæsluvarðhald.</i>	30
Mamatkulov og Askarov gegn Tyrklandi. Dómur frá 4. febrúar 2005	
(sjá reifun undir 34. gr.).....	31
Miller gegn Svíþjóð. Dómur frá 8. febrúar 2005.	
<i>Opinber málsmeðferð. Krafa um örorkubætur.</i>	31
Graviano gegn Ítalíu. Dómur frá 10. febrúar 2005.	
<i>Vitni. Bein sönnunarfærsla.</i>	33

Steel og Morris gegn Bretlandi. Dómur frá 15. febrúar 2005 (sjá reifun undir 10. gr.)	34
M.S. gegn Finnlandi. Dómur frá 22. mars 2005. <i>Aðgangur að gögnum í refsímáli. Jafnræði málsaðila.</i>	34
Monory gegn Rúmeníu og Ungverjalandi. Dómur frá 5. apríl 2005 (sjá reifun undir 8. gr.)	36
A.L. gegn Þýskalandi. Dómur frá 28. apríl 2005. <i>Sakleysi uns sekt er sönnuð. Bætur fyrir gæsluvarðhald.</i>	36
Ócalan gegn Tyrklandi. Dómur frá 12. maí 2005. <i>Handtökuheimild. Frelsissvipting. Ómannúðleg meðferð. Réttur til að hitta lögmann. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Óvilhallur dómstóll. Dauðarefsing</i>	37
Vetter gegn Frakklandi. Dómur frá 31. maí 2005 (sjá reifun undir 8. gr.)	41
Claes og fleiri gegn Belgíu. Dómur frá 2. júní 2005. <i>Refsiabyrgð ráðherra. Sérdomstólar</i>	41
Chmelíř gegn Tékklandi. Dómur frá 7. júní 2005. <i>Hæfi dómara í refsímáli.</i>	44
Krasuski gegn Póllandi. Dómur frá 14. júní 2005. <i>Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.</i>	45
Storck gegn Þýskalandi. Dómur frá 16. júní 2005 (sjá reifun undir 5. gr.)	47
Teteriny gegn Rússlandi. Dómur frá 30. júní 2005 (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka)	47
7. gr. Engin refsing án laga	48
K.A. og A.D. gegn Belgíu. Dómur frá 17. febrúar 2005. <i>Fyrirsjáanleg beiting refsiakvæða. Kynlífsathafnir</i>	48
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	51
Musumeci gegn Ítalíu. Dómur frá 11. janúar 2005 (sjá reifun undir 6. gr.)	51
Sciacca gegn Ítalíu. Dómur frá 11. janúar 2005. <i>Myndataka í tengslum við opinbera rannsókn. Dreifing mynda.</i>	51
L.M. gegn Ítalíu. Dómur frá 8. febrúar 2005. <i>Húsleit. Úrræði til að fá skorið úr um lögmæti aðgerða.</i>	52
K.A. og A.D. gegn Belgíu. Dómur frá 17. febrúar 2005 (sjá reifun undir 7. gr.)	53
Jankauskas gegn Litháen. Dómur frá 24. febrúar 2005. <i>Fangar. Bréfaskipti.</i>	53
Matheron gegn Frakklandi. Dómur frá 29. mars 2005. <i>Símhlerun. Lögmæti sönnunargagna.</i>	54
Monory gegn Rúmeníu og Ungverjalandi. Dómur frá 5. apríl 2005. <i>Haag-samningur um brottnám barna. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.</i>	55
Buck gegn Þýskalandi. Dómur frá 28. apríl 2005. <i>Húsleit. Haldlagning gagna. Umferðarlagabrot</i>	59
Wolfmeyer gegn Austurríki. Dómur frá 26. maí 2005 (sjá reifun undir 14. gr.)	60
Vetter gegn Frakklandi. Dómur frá 31. maí 2005.	

<i>Hleranir lögreglu. Jafnræði málsaðila</i>	60
Znamenskaya gegn Rússlandi. Dómur frá 2. júní 2005. <i>Akvörðun um fæðerni</i>	62
Fadeyeva gegn Rússlandi. Dómur frá 9. júní 2005. <i>Mengun. Friðhelgi heimilis</i>	63
Storck gegn Þýskalandi. Dómur frá 16. júní 2005 (sjá reifun undir 5. gr.).....	66
Zawadka gegn Póllandi. Dómur frá 23. júní 2005. <i>Umgengnisréttur. Athafnaskylda stjórnvalda</i>	67
Bove gegn Ítalíu. Dómur frá 30. júní 2005. <i>Umgengnisréttur. Athafnaskylda stjórnvalda</i>	68
10. gr. Tjáningarfrelsi	70
Steel og Morris gegn Bretlandi. Dómur frá 15. febrúar 2005. <i>Synjun um gjafsókn. Jafnræði málsaðila. Ærumeiðingar í garð fyrirtækis</i>	70
Ukrainian Media Group gegn Úkraínu. Dómur frá 29. mars 2005. <i>Ummæli um stjórnámálamenn. Staðreyndir og gildisdómar</i>	72
Independent News and Media Plc. og Independent Newspapers Ltd. gegn Írlandi. Dómur frá 16. júní 2005. <i>Bætur vegna ærumeiðinga. Stjórnámálamenn</i>	74
11. gr. Funda- og félagafrelsi	77
Partidul Comunistilor (Nepeceristi) og Ungureanu gegn Rúmeníu. Dómur frá 3. febrúar 2005. <i>Synjun um að skrá stjórnálaflökk</i>	77
13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns	79
L.M. gegn Ítalíu. Dómur frá 8. febrúar 2005 (sjá reifun undir 8. gr.).....	79
Bubbins gegn Bretlandi. Dómur frá 17. mars 2005 (sjá reifun undir 2. gr.).....	79
Monory gegn Rúmeníu og Ungverjalandi. Dómur frá 5. apríl 2005 (sjá reifun undir 8. gr.).....	79
Krasuski gegn Póllandi. Dómur frá 14. júní 2005 (sjá reifun undir 6. gr.).....	79
14. gr. Bann við mismunun	80
Wolfmeyer gegn Austurríki. Dómur frá 26. maí 2005. <i>Refsilöggjöf. Samkynhneigðir</i>	80
Claes og fleiri gegn Belgíu. Dómur frá 2. júní 2005 (sjá reifun undir 6. gr.).....	81
Jahn o.fl. gegn Þýskalandi. Dómur frá 30. júní 2005 (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka).....	81

34. gr. Kærur einstaklinga	82
Mamatkulov og Askarov gegn Tyrklandi. Dómur frá 4. febrúar 2005. <i>Útlendingar. Framsal. Hætta á ómannúðlegri meðferð. Frestun á framkvæmd ákvörðunar. Skylda ríkis til að tryggja raunhæfa beitingu kæruréttar</i>	82
Öcalan gegn Tyrklandi. Dómur frá 12. maí 2005 (sjá reifun undir 6. gr.).....	85
38. gr. Rannsókn máls og sáttumleitanir	86
Nevmerzhitsky gegn Úkraínu. Dómur frá 5. apríl 2005 (sjá reifun undir 3. gr.).....	86
46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra	86
Öcalan gegn Tyrklandi. Dómur frá 12. maí 2005 (sjá reifun undir 6. gr.).....	86
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	87
Teteriny gegn Rússlandi. Dómur frá 2. júní 2005. <i>Fullnusta dóma. Hugtakið eign</i>	87
Baklanov gegn Rússlandi. Dómur frá 9. júní 2005. <i>Eignaupptaka. Lagaheimild</i>	88
Jahn o.fl. gegn Þýskalandi. Dómur frá 30. júní 2005. <i>Eignarnám. Bótaréttur</i>	90
Bosphorus Airways gegn Írlandi. Dómur frá 30. júní 2005. <i>Haldlagning. Löggjöf Evrópusambandsins. Framkvæmd viðskiptabanns SP. Ábyrgð aðildarríkis</i>	92

2. gr. Réttur til lífs

Bubbins gegn Bretlandi

Dómur frá 17. mars 2005

Mál nr. 50196/99

2. gr. Réttur til lífs

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Mannsbani vegna valdbeitingar lögreglu. Rannsókn.

1. Málsatvik

Kæran var lögð fram fyrir hönd Michael Fitzgeralds, látins bresks ríkisborgara, af systur hans, Theresu Bubbins. Fitzgerald var skotinn til bana af lögreglu í íbúð sinni í Bedford eftir umsátur 26. febrúar 1998. Síðdegis þann dag kom unnusta Fitzgeralds, akandi að íbúð hans og sá þá fótleggi karlmanns sem hún taldi vera innbrotspjóf hverfa inn um eldhúsglugga á jarðhæð íbúðarinnar. Hún hafði áhyggjur af öryggi Fitzgeralds og kallaði því inn um bréfalúguna. Þar sem enginn svaraði hringdi hún í lögregluna. Fyrst eftir banaskot lögreglunnar kom í ljós að maðurinn í íbúðinni var í raun Fitzgerald sjálfur. Hafði hann komið heim mjög ölvaður og lykklalaus.

Atvik þróuðust þannig eftir að lögregla kom á staðinn að lögregluumsátur varð um íbúðina sem stóð í nær tvær klukkustundir en þá birtist Michael Fitzgerald og miðaði byssu á einn lögreglumannanna. Þar sem hann brást ekki við skipun um að sleppa byssunni skaut lögreglumaðurinn einu skoti sem banaði Fitzgerald. Það var ekki fyrir en eftir athugun að ljóst varð að byssa sú er hann hafði haft undir höndum var eftirlíking af skammbyssu. Málinu var vísað kvartanadeildar um lögreglumál svo að hún gæti hafið innri rannsókn á málinu. Rannsóknarskýrslan var send saksóknara sem komst að þeirri niðurstöðu að það væru engin gögn sem réttlættu refsismál gegn nokkrum lögreglumanni vegna atviksins. Í kjölfarið staðfesti kvartanadeild um lögreglumál það álit lögreglurannsóknar þeirrar sem fram hafði farið að engin sök væri af hálfu lögreglumanna í Bedford. Kvartanadeildin taldi rannsóknina nægilega ítarlega. Sérstök réttarrannsókn fór fram á dauða Fitzgeralds og varð það niðurstaðan að manndrápið hefði ekki verið andstætt lögum. Kæranda var synjað um gjafsókn til að knýja fram endurskoðun dómstóla á réttarrannsókninni af svæðisnefnd um gjafsóknarmál.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi kærði dráp bróður síns og meint árangursleysi við rannsókn þá sem kom í kjölfarið á grundvelli 2. og 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 2. gr.: Dómstóllinn sá ekki ástæðu til að efast um að lögreglumaðurinn sem skaut banaskotinu hefði í raun og veru talið líf sitt í hættu og talið nauðsynlegt að skjóta á Fitzgerald til að verja sig og samstarfsmenn sína. Þar að auki taldi dómstóll-

2. gr. Réttur til lífs

inn sig ekki geta endurskoðað mat lögreglumanns sem hafði þurft að bregðast við til að afstýra hættu sem hann taldi raunverulega ógna lífi sínu. Lögreglumaðurinn horfði upp á mann miða byssu að sér. Maðurinn hafði að auki virt að vettugi allar fyrri viðvaranir um að gefa sig fram og hafði þrátt fyrir þær viðvaranir ítrekað gefið í skyn að hann mundi skjóta. Áður en lögreglumaðurinn skaut banaskotinu hafði hann jafnvel kallað lokaviðvörðun sem ekki var hlýtt. Dómstóllinn taldi notkun banvænnar valdbeitingar, þótt hún hafi endað með sviplegum hætti, ekki hafa verið fram úr meðalhófi né hafi hún gengið lengra en telja mátti algjörlega nauðsynlegt til að bregðast við þeirri raunverulegu og aðkallandi hættu sem lögregluþjónninn taldi steðja að sér og samstarfsmönnum sínum.

Hvað varðaði skipulagningu og stjórn aðgerðarinnar taldi dómstóllinn ljóst að framkvæmd hennar hefði ávallt verið undir stjórn yfirmanna og að ákvörðun um notkun vopnaðra lögreglumanna hafi verið endurskoðuð og samþykkt af sérsveitarráðgjöfum sem höfðu verið kallaðir á vettvang. Dómstóllinn leit til þess að til voru lagareglur sem fjalla á skýran hátt um notkun lögreglu á skotvopnum og hvernig skuli fara með lögregluáðgerðir til þess að koma í veg fyrir valdbeitingu að geðþótta. Í málinu höfðu engir af lykilaðilum starfað án eftirlits. Þeir höfðu allir verið þjálfaðir í notkun skotvopna og skipulagning þeirra og gjörðir voru undir stjórn og eftirliti reyndra yfirmanna. Því var ekki sýnt fram á að það hafi verið mistök að skipuleggja og undirbúa aðgerðina með þessum hætti til að minnka eins og hægt var lífshættu Fitzgeralds. Að lokum var talið að dauða Fitzgeralds hefði borið að vegna beitingar valds sem var ekki meira en ýtrasta nauðsyn krafðist og því hefði ekki verið brotið gegn 2. gr. hvað varðar efnishluta hennar.

Hvað varðar það kærufeni að ekki hafi verið fylgt reglum sem mæla fyrir um að raunveruleg rannsókn fari fram taldi dómstóllinn að réttarrannsóknir á Englandi og í Wales fullnægi skyldum skv. 2. gr. varðandi rannsóknir á mannsbana af völdum opinberra starfsmanna. Í máli þessu stóð réttarrannsókn yfir í fjóra daga. Hlýtt var á framburð margra vitna auk þess sem kviðdómur fór á vettvang. Þótt kæranda hafi verið synjað um gjafsókn var hagsmuna fjölskyldunnar gætt alla málsmeðferðina af reyndum lögmanni. Dómstóllinn taldi að ríkið hefði ekki brotið gegn skyldum sínum skv. 2. gr.

Um 13. gr.: Þrátt fyrir að ekki væri brotið gegn 2. gr. kom það ekki í veg fyrir að rökstudd krafa um brot á 13. gr. kæmi til skoðunar. Þótt réttarrannsóknin hafi verið árangursrík leið til að varpa ljósi á atburði þá er leiddu til dauða Fitzgeralds og þannig hefði ríkið uppfyllt skyldur sínar skv. 2. gr. fékkst ekki úr því skorið hvort lögreglan væri skaðabótaskyld. Vissulega komst kviðdómur að þeirri niðurstöðu, að lokinni réttarrannsókn, að drápið hefði ekki verið andstætt lögum. Hins vegar yrði ekki sagt að sú niðurstaða gæti skorið úr um bótaskyldu af hálfu lögreglunnar en slíkt mál þyrfti að leysa á öðrum vettvangi sem lýtur öðrum laga- og sönnunarreglum. Dómstóllinn hafði áður lýst því yfir að þegar rökstudd krafa væri uppi um brot á 2. og 3. gr. sáttmálans skyldi krafa um miskabætur vera meðal réttarrárræða. Í þessu máli hafði kærandi enga möguleika á að fá slíkar bætur þar sem lög landsins gerðu

2. gr. Réttur til lífs

ekki ráð fyrir þeim, jafnvel þó svo að einkamál gegn lögreglunni félli henni í vil. Mjög ólíklegt hefði verið að hún hefði fengið gjafsókn til að höfða slíkt einkamál. Dómstóllinn taldi því að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda skv. 13. gr.

Kæranda voru dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 12.000 evrur fyrir útlögðum kostnaði á grundvelli 41. gr.

Einn dómari skilaði séráliti.

Öcalan gegn Tyrklandi

Dómur frá 12. maí 2005 - Yfirdeild

Mál nr. 46221/99

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Handtökuheimild. Frelsssvipting. Ómannúðleg meðferð. Réttur til að hitta lögmann. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Óvilhallur dómstóll. Dauðarefsing.

3. gr. Bann við pyndingum

Mamatkulov og Askarov gegn Tyrklandi

Dómur frá 4. febrúar 2005 - Yfirdeild

Mál nr. 46827/99

Sjá reifun dómsins undir 34. gr.

Útlendingar. Framsal. Hætta á ómannúðlegri meðferð. Frestun á framkvæmd ákvörðunar. Skylda ríkis til að tryggja raunhæfa beitingu kæruréttar.

Nevmerzhitsky gegn Úkraínu

Dómur frá 5. apríl 2005

Mál nr. 54825/99

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

38. gr. Rannsókn máls og sáttumleitanir

Gæsluvarðhald. Aðbúnaður fanga. Tímalengd varðhalds. Skylda ríkis til að leggja fram gögn.

1. Málsatvik

Kærandi, Yevgen Ivonovych Nevmerzhitsky, er úkraínskur ríkisborgari, fæddur 1970. Hann var áður útibússtjóri í einu bankaútibúa Polvtava Bank í Kíev. Á tímabilinu frá 8. apríl 1997 til 22. febrúar 2000 var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald í tengslum við lögreglurannsókn þar sem hann var grunaður um ólöglegar gjald-eyrisfærslur, þjófnað, skattsvik, misnotkun opinbers valds og fjársvik og skjalafals í opinberu starfi.

Fyrsti varðhaldsúrskurðurinn var kveðinn 8. apríl 1997 en varðhaldið var síðan framlengt fimm sinnum af þeim saksóknurum sem fóru með málið, um 6 til 18 mánuði í senn. Þann 1. nóvember og 16. desember 1999 höfnuðu borgardómur Kíev og áfrýjunarréttur beiðni kæranda um lausn úr varðhaldi, jafnvel þótt vistun hans hefði þegar verið komin fram úr þeim tíma sem varðhald má lengst vera að lögum. Meðan á varðhaldi kæranda stóð fór hann í hungurverkfall nokkrum sinnum, en var þá neyddur matur ofan í hann. Hann var vistaður, ásamt 12 öðrum, í 7 fermetra klefa þar sem ekki var vatn að fá til drykkjar né þvottar. Einnig fékk hann ýmsa húð-sjúkdóma vegna þess að flær og höfuðlýs voru í rúminu. Þann 1. apríl 1999, meðan hann var enn í hungurverkfalli, var hann færður í einangrunarklefa. Klefinn, sem var 7 fermetrar að stærð, var rakur með blautum steinsteypuveggjum og auk þess ekki loftræstur. Fékk kærandi ekki að fara reglulega í gönguferðir utandyra.

Þann 19. febrúar 2001 var kærandi m.a. sakfelldur fyrir skjalafals í opinberu starfi, meiriháttar skjalafals og misbeitingu valds. Hann var dæmdur í 5 og 1/2 árs fangelsisvist og allar eigur hans voru gerðar upptækar. Á grundvelli sakarupp-gjafarlöggjafar frá 11. maí 2000 og vegna þess að kærandi hafði þegar verið í haldi í 2 ár, 10 mánuði og 15 daga, þurfti hann ekki að afplána dóminn.

3. gr. Bann við pyndingum

Eftir að kærandi var látinn laus 23. febrúar 2000 var hann lagður inn á borgar-sjúkrahúsið í Kíev þar sem hann dvaldist til 17. mars 2000. Hann hefur síðan verið áfram í lækni meðferð.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum sínum skv. 3. gr. vegna aðbúnaðar hans í varðhaldinu, sérstaklega hvað varðaði einangrunarklefan. Þá var honum meinað um nægilega lækni meðferð og matur var neyddur ofan í hann meðan hann var í hungurverkfalli. Hann taldi einnig að brotið hefði verið gegn 1. og 3. mgr. 5. gr. hvað varðar lengd þess tíma sem hann var hafður í haldi og að vistun hans hafi ekki verið í samræmi við lög.

Niðurstaða

Um 38. gr.: Dómstóllinn tók tillit til þess að úkraínska ríkið lagði ekki fram ýmis mikilvæg gögn varðandi heilsufar kæranda, ákvarðanir um að framlengja varðhald hans og ákvarðanir um að neyða mat ofan í hann. Ríkið gaf ekki heldur neinar haldbærar skýringar á neitun sinni við að svara ýmsum spurningum dómstólsins eða að leggja fram viðeigandi gögn, ákvarðanir og lækna skýrslur. Dómstóllinn taldi sig geta dregið ákveðnar ályktanir af hegðun ríkisins. Þótt hafðir væru í huga erfiðleikar þeir sem voru við að upplýsa staðreyndir taldi dómstóllinn, í ljósi mikilvægis þess að ríki aðstoði við framkvæmd sáttmálans, að úkraínska ríkið hefði ekki uppfyllt skyldur sínar skv. 1. mgr. 38. gr. um að aðstoða dómstóllinn á allan veg við að upplýsa staðreyndir málsins.

Um 3. gr.: Dómstóllinn leit til þess að hann gat ekki upplýst með vissu um þær aðstæður sem kærandi þurfti að þola í varðhaldi sínu, en langt var um liðið. Þegar tekið var tillit til þess að yfirlýsingar kæranda voru stöðugar, ítarlegar og í aðalatriðum í samræmi við upplýsingar um aðbúnað varðhaldsfanga í Úkraínu, sem hefur verið skoðaður af nefnd Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum og mannréttindafulltrúa úkraínska þingsins, og þar sem úkraínska ríkið gerði heldur engar athugasemdir við þessar yfirlýsingar taldi dómstóllinn að kærandi hefði verið vistaður við aðstæður sem teldust vanvirðandi og því hefði verið brotið gegn réttindum hans skv. 3. gr.

Dómstóllinn taldi einnig að ástandið hefði verið gert enn verra með því að kærandi sætti agaviðurlögum sem fólust í vistun í einangrunarklefa þar sem aðstæður samrýmdust engan veginn kröfum 3. gr. Að auki staðfestu lækna skýrslur sem aðilar lögðu fram, að meðan á varðhaldsvist kæranda stóð smitaðist hann af ýmsum húðsjúkdómum. Greinilegt var í ljósi læknisskoðana og innlagnar kæranda á spítala eftir að hann var látinn laus 23. febrúar 2000 að heilsu hans hafði hrakað talsvert. Þótti komin fram nægileg sönnun þess að kæranda hefði verið haldið í óheilbrigðu umhverfi þar sem ekkert tillit var tekið til lágmarkshreinlætis. Þessar aðstæður höfðu svo slæm áhrif á heilsu og líðan kæranda að dómstóllinn taldi meðferðina vanvirðandi og því brot á 3. gr.

3. gr. Bann við pyndingum

Dómstóllinn tók sérstaklega til skoðunar þvingun kæranda til að neyta fæðu. Hann ítrekaði að aðgerð sem er talin læknisfræðilega nauðsynleg, eins og það að neyða mat ofan í mann til að bjarga lífi hans, teljist ekki í sjálfu sér ómannúðleg eða vanvirðandi. Hins vegar þyrfti að liggja fyrir sönnun um að slík aðgerð væri læknisfræðilega nauðsynleg og að ákvörðunin hefði verið tekin eins og reglur bjóða. Að auki mætti aðgerðin sjálf ekki vera alvarlegri en heimilað hafði verið í dómaframkvæmd dómstólsins varðandi 3. gr. Dómstóllinn benti aftur á að úkraínska ríkið lagði hvorki fram skriflegar læknaáskráir né ákvörðun yfirmanns stofnunarinnar, en hvort tveggja hefði verið nauðsynlegt ef fara hefði átt að reglum varðandi það að neyða mat ofan í fanga. Þar sem ríkið sýndi ekki fram á að nauðsynlegt hefði verið að neyða mat ofan í kæranda var ákvörðunin talin byggð á geðþótta. Formreglum hafði því ekki verið fylgt og í ljósi eindreginnar andstöðu kæranda við að matast var ekki talið að úkraínsk yfirvöld hefðu ekki haft hagsmuni hans að leiðarljósi þegar þau þvinguðu hann til að neyta fæðu. Hvað varðar þá aðferð sem notuð var til að neyða mat ofan í kæranda gerði dómurinn ráð fyrir því að yfirvöld hefðu fylgt þeim reglum sem um það giltu. Það að beita handjárnnum, munnopnara og sérstakri gúmmíslöngu, sem stungið er ofan í kokið, ef um mótþróa er að ræða, gæti hins vegar talist til pyndinga í skilningi 3. gr. ef aðgerðin var ekki gerð af læknisfræðilegri nauðsyn. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að sú nauðung sem kærandi var beittur til að matast, án þess að sýnt væri fram á læknisfræðileg rök fyrir því, og að notkun þess búnaðar, sem gert var ráð fyrir í reglunum, gegn vilja kæranda, hafi verið slík meðferð að jafnaðist á við pyndingar skv. 3. gr. Var því brotið gegn 3. gr.

Dómstóllinn leit til þess að kærandi var fyrst skoðaður af lækni eftir að hann hafði verið í haldi í einn og hálfan mánuð. Áður en kærandi var hnepptur í varðhald hafði hann ekki þjádast af neinum húðsjúkdómum og var heilsufar hans eðlilegt. Í sjálfstæðri lækni skoðun 8. maí 1998 var ráðlagt að kærandi fengi meðferð við exemi. Hins vegar var ekki farið eftir þeim meðmælum. Að auki fór ekki fram lækni skoðun né heldur fékk kærandi að hitta lækni frá 5. ágúst 1998 til 10. janúar 2000. Að áliti dómstólsins getur það ekki kallast viðunandi og eðlileg lækni meðferð í ljósi hungurverkfalls kæranda og þeirra sjúkdóma sem hann þjádast af. Þá hafði ríkið ekki lagt fram nein skrifleg gögn um það hvernig matur var neyddur ofan í hann meðan á hungurverkfallinu stóð, hvers konar næring var notuð né hvers konar lækniástoð kærandi fékk. Undir þessum kringumstæðum taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 3. gr. þar sem skortur á læknishjálpi og meðferð meðan kærandi var í varðhaldi hefði verið slík að telja yrði vanvirðandi meðferð.

Um 1. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn benti á að varðhald teldist í sjálfu sér löglegt ef það byggðist á dómsúrskurði. Hins vegar lágu engir dómsúrskurðir til grundvallar áframhaldandi varðhaldi kæranda frá 29. maí 1997 til 1. nóvember 1999. Þær ákvarðanir um framlengingu varðhaldsins voru teknar af saksóknurum sem voru aðilar að málinu og gátu ekki talist sjálfstæðir embættismenn sem hafa heimild til að fara með dómsvald. Í ljósi stöðu og hlutverks þeirra gátu þeir ekki haft með höndum viðeigandi endurskoðun á lögmati þeirrar ákvörðunar að framlengja varðhald kær-

3. gr. Bann við pyndingum

anda. Dómstólar endurskoðuðu einungis þær ákvarðanir saksóknara um framlengingu varðhalds sem teknar voru 1. nóvember og 16. desember 1999 þegar þeir höfnuðu beiðni kæranda um lausn. Ekki voru gefnar neinar sérstakar ástæður fyrir höfnuninni né tiltekið hversu miklu lengur varðhald skyldi standa þótt farið hefði verið yfir hámarkstíma varðhalds að lögum 30. september 1998. Frekari rannsóknir voru fyrirskipaðar 1. nóvember 1999 af borgardómi Kíev og 16. desember 1999 af hæstarétti.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að varðhald kæranda hefði ekki verið lögmaett í skilningi 1. mgr. 5. gr. á þremur tímabilum: Frá 1. október 1997 (eftir aðra framlengingu varðhaldsins á þeim tíma sem dómstóllinn hafði lögsögu) til 1. nóvember 1999. Frá 16. til 22. febrúar 2000 (kæranda var ekki sleppt úr haldi fyrr en 23. febrúar 2000 þó að hámarkstími varðhalds þegar um framhaldsrannsókn fyrirskipaða af dómstólum væri að ræða hefði runnið út 16. febrúar 2000). Frá 22. til 23. febrúar (kæranda var ekki sleppt fyrr en 23. febrúar 2000, degi eftir að tekin var ákvörðun um að láta hann lausan). Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. þegar kærandi var í haldi án heimildar í lögum þessi þrjú tímabil.

Um 3. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn tók tillit til þess að kærandi var í varðhaldi frá 8. apríl 1997 til 23. febrúar 2000. Jafnvel þótt rannsókn efnahagsbrota sé flókin gat dómstóllinn ekki fallist á það að nauðsynlegt hefði verið að halda kæranda svo lengi í varðhaldi án skjótrar eða reglulegrar endurskoðunar dómara. Því komst dómstóllinn að því að brotið hefði verið gegn 3. mgr. 5. gr. Dómstóllinn komst að því að varðhald yfir kæranda stóð í 2 ár, 10 mánuði og 15 daga en af því tímabili gat dómstóllinn aðeins tekið til skoðunar 2 ár, 5 mánuði og 12 daga, þ.e. eftir 11. september 1997, en fyrr öðlaðist mannréttindasáttmálinn ekki gildi í Úkraínu.

Dómstóllinn taldi að þær ástæður sem upprunalega voru gefnar til skýringar varðhaldinu, þ.e. rannsóknarhagsmunir og grunur um að kærandi hefði framið þau afbrot sem hann var kærður fyrir, hefðu getað réttlætt gæsluvarðhald í upphafi. Eftir því sem leið á rannsóknina og öflun sönnunargagna var nær lokið urðu þær skýringar sífellt veikari. Í ljósi niðurstaðna sinna um heilsufar kæranda og aðstæður hans í varðhaldinu taldi dómstóllinn að hann hefði ekki þurft að sæta svo löngu varðhaldi. Þar sem ekki lágu fyrir skýr sönnunargögn af hálfu ríkisins sem mæltu á annan veg taldi dómstóllinn að áframhaldandi varðhald yfir kæranda hefði hvorki verið nauðsynlegt né réttlætanlegt vegna sérstakra kringumstæðna. Þá benti dómstóllinn á það að önnur úrræði til að tryggja návist kæranda við réttarhöld voru ekki skoðuð að neinu ráði.

Dómstóllinn komst að því að þótt þær ástæður sem yfirvöld gáfu til að réttlæta varðhaldsvist kæranda í meira en 2 ár og 5 mánuði hefðu hugsanlega verið gildar og nægilegar í upphafi voru þær það ekki þegar fram liðu tímar. Af þeim sökum var brotið gegn réttindum hans skv. 3. mgr. 5. gr.

Kæranda voru dæmdar 1.000 evrur í skaðabætur, 20.000 evrur í miskabætur og 5.000 evrur vegna útlagðs kostnaðar á grundvelli 41. gr.

Einn dómari skilaði séráliti.

Öcalan gegn Tyrklandi
Dómur frá 12. maí 2005 - Yfirdeild
Mál nr. 46221/99

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Handtökuheimild. Frelsisvipting. Ómannúðleg meðferð. Réttur til að hitta lögmann. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Óvilhallur dómstóll. Dauðarefsing.

Novoselov gegn Rússlandi
Dómur frá 2. júní 2005
Mál nr. 66460/01

3. gr. Bann við pyndingum

Aðbúnaður fanga.

1. Málsatvik

Kærandi, Andrey Ivanovich Novoselov, er rússneskur ríkisborgari, fæddur 1961. Þann 27. október 1998 var hann tekinn höndum og vistaður á rannsóknardeild Novorossiysk-fangelsisins. Þann 5. nóvember 1998 var hann sakfelldur fyrir óspektir á almannaferi og dæmdur til 6 mánaða fangelsisvistar sem hann aflánaði í sama fangelsi. Hann var látinn laus 28. apríl 1999.

Kærandi var vistaður í fangaklefum sem voru um 42 fermetrar að stærð og hýstu 42 til 51 fanga. Þar voru 30 svefnpláss en kærandi hélt því fram að tvö hefðu verið notuð til að geyma vatnsílát svo að hægt væri að þvo sér og sturta niður úr salerninu sem einnig var í klefanum. Kærandi hélt því jafnframt fram að fangarnir hefðu ekki haft nein sængurföt, hann hefði þurft að sofa án dýnu í mánuð, einungis væri kveikt á loftræstikerfinu í nokkrar mínútur þegar eftirlitsmenn kæmu í heimsókn, ekkert ferskt loft kæmist inn í klefann þar sem málmlötur hefðu hulið mest af gluggunum, að þykkt, svart lag af óhreinindum lægi yfir gólfunum og að fatnaður fanganna væri morandi í lús og öðrum skordýrum. Rússneska ríkið hélt því fram að fangarnir hefðu haft sængurföt, klefarnir væru loftræstir, hreinlæti í klefunum væri viðunandi og skordýraeitri væri dreift í hverjum mánuði.

Í apríl 1999 fékk kærandi smitandi kláðamaur og var ekki einangraður frá hinum föngunum. Ekki hefðu hinir fangarnir heldur verið einangraðir þegar þeir fengu svipaða eða aðra sjúkdóma. Kærandi hélt því einnig fram að í nokkrum tilvikum hefðu fangar með berkla gist nokkra daga í klefanum. Ríkið hélt því fram að sýktir fangar væru einangraðir í sérstakri álmu. Kærandi fékk tvívegis háan hita. Frá 13. til 20. apríl 1999 gekkst hann undir meðferð vegna húðbólgu. Þegar kærandi var látinn laus hafði hann lést um 15 kg, hann mæddist fljótt þegar hann gekk og þreyttist auðveldlega, gat ekki hlaupið og þjádíst af blöðrum og kláða um allan líkamann. Þann 5. maí 1999 gekkst hann undir lækni skoðun og fékk staðfest að hann þjádíst af næringarskortu.

3. gr. Bann við pyndingum

Þann 30. júlí 2002 höfðaði kærandi skaðabótamál vegna hinna ómannúðlegu og vanvirðandi aðstæðna sem hann hafði verið vistaður í. Kröfu hans var synjað af dómstólum 1. október 2002 þar sem kærandi var ekki talinn hafa sannað að fangelsisstarfsmenn hefðu borið ábyrgð á ástandinu. Kærandi áfrýjaði dóminum en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum sínum skv. 3. gr. vegna aðstæðna þeirra sem hann var vistaður í og heilsubrests þess sem hann varð fyrir í kjölfarið.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að aðilar málsins voru ekki sammála í ýmsum atriðum varðandi aðbúnað í fangelsinu. Hins vegar voru þeir sammála í meginatriðum um þann fjölda fanga sem var vistaður í klefa kæranda á tímabilinu. Hafði kærandi þannig eytt allri 6 mánaða vist sinni í 42 fermetra klefa ásamt allt að 51 öðrum fanga og urðu þeir að deila með sér 28 eða 30 rúmum. Hann hafði því minna en 1 fermetra fyrir sig og deildi svefnstað með öðrum föngum, en fangarnir skiptust á að sofa. Fyrir utan einnar klukkustundar útivist á dag var kærandi lokaður í klefa sínum 23 tíma á sólarhring. Dómstóllinn taldi að þessi aðstaða þar sem kærandi neyddist til að lifa, sofa og deila salerni með svo mörgum öðrum föngum í sama klefa hefði ein og sér nægt til að valda kvölum og erfiðleikum umfram hina óhjákvæmilegu þjáningu sem felst í fangelsun og verið til þess fallin að valda honum ótta, sálarangist og minnimáttarkennd sem auðmýkti hann og niðurlægði.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið sannað án skynsamlegs vafa að loftræstingin, upphitun, ljósabúnaður eða hreinlætisaðstaða hafi verið ófullnægjandi í skilningi 3. gr. benti dómstóllinn á að rússneska ríkið viðurkenndi að gluggarnir hafi verið byrgðir, kærandi hafi tvisvar fengið hita og þjást af húðbólgu meðan á vistun hans stóð. Þessir þættir, ásamt hinum gífurlegu þrengslum, gerðu vistunaraðstæður kæranda þannig að þær stóðust ekki skilyrði 3. gr. Að lokum taldi dómstóllinn að ekki skipti máli hvort tilgangurinn með hinum slæmu aðstæðum hafi verið að niðurlægja fangana eða ekki. Þótt svo væri ekki kæmi það ekki í veg fyrir að brotið hefði verið gegn 3. gr. Jafnvel þótt aðstæðurnar væru ekki fangelsisstarfsmönnum um að kenna bar rússneska ríkið ábyrgð á öllum sínum stofnunum og ástandi þeirra.

Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að réttindi kæranda skv. 3. gr. hefðu verið brotin.

Voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 1.400 evrur fyrir málskostnaði á grundvelli 41. gr.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Enhorn gegn Svíþjóð

Dómur frá 25. janúar 2005

Mál nr. 56529/00

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Nauðungarvistun vegna smitsjúkdóms.

1. Málsatvik

Kærandi, Eie Enhorn, er sænskur ríkisborgari og fæddur 1947. Hann er samkynhneigður. Árið 1994 kom í ljós að hann var HIV-jákvæður og að hann hafði smitað 19 ára gamlan mann sem hann hafði átt kynmök við árið 1990. Þann 2. febrúar 1995 óskaði yfirlæknir sýslunnar úrskurðar dómstóls til að fá heimild til nauðungarvistunar kæranda í einangrun á sjúkrahúsi í allt að þrjú mánuði á grundvelli ákvæða 38. kafla smitsjúkdómalaga frá 1988. Þar sem kærandi hafði brotið gegn fyrirmælum sem yfirlæknirinn setti honum í því skyni að hindra HIV-smit gekk hinn 16. febrúar 1995 dómsúrskurður þess efnis að kærandi skyldi nauðungarvistaður í allt að þrjú mánuði á grundvelli 38. kafla smitsjúkdómalaga. Eftir þetta var vistun kæranda framlengd á sex mánaða fresti til 12. desember 2001, en á þeim tíma stakk kærandi nokkrum sinnum af og dvaldi utan sjúkrahússins. Þann 12. desember 2001 hafnaði dómstóll beiðni um framlengingu nauðungarvistunarinnar á þeim grundvelli að ekki væri vitað um dvalarstað kæranda og upplýsingar skorti um hegðun hans og heilsu. Frá 1995 til þess dags hafði frelsissvipting kæranda staðið samanlagt í nær eitt og hálf ári. Vitað var um dvalarstað kæranda frá 2002 en að mati yfirlæknisins var þá ekki ástæða til frekari nauðungarvistunar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að nauðungarvistun sú sem hann þurfti að þola í einangrun á sjúkrahúsi hefði brotið gegn rétti hans skv. 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn féllst á að vistun kæranda ætti sér stoð í sænskum lögum en skoðaði hvort sú frelsissvipting sem kærandi þurfti að þola hafi í raun verið „lögleg gæsla manns til að koma í veg fyrir að smitandi sjúkdómur breiðist út“ í skilningi e-liðar 1. mgr. 5. gr. Þar sem dómaframkvæmd á þessu sviði var rýr reyndist nauðsynlegt að skilgreina hvaða sjónarmiðum skyldi beita við úrlausn þess hvort slík vistun væri í samræmi við meðalhóf og ekki um geðþóttaákvörðun að ræða. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að sjónarmið sem helst bæri að líta til við þetta mat væru hvort umræddur smitsjúkdómur væri hættulegur almannaheilsu og öryggi, og svo aftur hvort vistun þess smitaða væri lokaúrræði til að hindra útbreiðslu sjúkdómsins. Reyna þyrfti vægari úrræði og komast að niðurstöðu um að þau væru ekki nægileg

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

til að vernda almannaheill. Ef þessi skilyrði væru ekki uppfyllt væri ekki talinn grundvöllur fyrir frelsissviptingu.

Í málinu var óumdeilt að fyrra skilyrðið var uppfyllt, ljóst var að almannahætta stafar af HIV-veirunni. Þurfti þá að taka afstöðu til þess hvort nauðungarvistun teldist lokaúrræði þar sem engin önnur gætu dugað almenningi til varnar. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ríkið hafði ekki sýnt fram á að hafa reynt nein vægari úrræði á tímabilinu frá 16. febrúar 1995 til 12. desember 2001. Þrátt fyrir að kærandi hafi verið frjáls ferða sinna mestallan þann tíma voru engin merki né gögn um að hann hafi þá smitað nokkurn með HIV-veirunni né að hann hafi nokkurn tímann stundað kynlíf án þess að tilkynna rekkjunaut sínum um sjúkdóm sinn. Við þessar aðstæður taldi dómstóllinn að nauðungarvistun kæranda í einangrun hafi ekki verið lokaúrræði til að koma í veg fyrir að hann smitaði aðra af HIV eftir að önnur ráð höfðu verið reynd og talin ófullnægjandi til að vernda almannahagsmuni. Þá var talið að með því að framlengja nauðungarvistun kæranda á sjö ára tímabili, með þeim afleiðingum að hann dvaldist samanlagt í nær eitt og hálf ár á spítala gegn vilja sínum, hafi yfirvöld ekki gætt nægilegs jafnvægis milli nauðsynjar þess að hindra útbreiðslu HIV-veirunnar og þess að kærandi gæti notið réttar síns til frelsis.

Mannréttindadómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn rétti kæranda skv. 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 12.000 evrur í miskabætur og 2.083 evrur fyrir útlögðum kostnaði á grundvelli 41. gr.

Tveir dómáramur skiluðu séráliti.

Singh gegn Tékklandi

Dómur frá 25. janúar 2005

Mál nr. 60538/00

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Útlendingar. Varðhald. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærendur, Balbir Singh og Bakhschisch Singh, eru indverskir ríkisborgarar, fæddir 1955 og 1956. Í nóvember 1996 voru kærendur handteknir í Tékklandi, þar sem þeir höfðu löglega búsetu, og voru þeir ákærðir fyrir að aðstoða aðra við að fara ólöglega yfir landamæri Tékklands. Þann 9. apríl 1998 dæmdi undirrættur í Prag kærendur í 21 mánaðar fangelsi og var þeim jafnframt vísað úr landi um óákveðinn tíma.

Eftir að kærendur höfðu afplánað fangelsisvist voru þeir settir í varðhald 11. ágúst 1998 þar til brottvísun úr landi yrði viðkomandi. Því var haldið fram að brottvísun væri óframkvæmanleg þar sem kærendur höfðu ekki vegabréf. Kærendum var sleppt úr haldi 11. febrúar 2001 og voru þeim fengin ferðaskjöl sem gerðu þeim kleift að yfirgefa Tékkland.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kært var fyrir brot á f-lið 1. mgr. og 4. mgr. 5. gr. MSE. Töldu kærendur að varðhald þeirra eftir afplánun hefði verið ólöglegt og ekki í samræmi við kröfur um meðalhóf, sérstaklega með tilliti til lengdar þess. Þá héldu þeir því einnig fram að tékkneskir dómstólar hefðu ekki gætt að málshraða við meðferð mála þeirra um lausn úr varðhaldinu.

Niðurstaða

Kærendur voru í haldi tékkneskra stjórnvalda í tvö og hálf ár meðan þeir biðu brottvísunar. Málsmeðferðin einkenndist af tímaskeiðum þar sem ekkert var unnið að málum þeirra. Taldi dómstóllinn að tékknesk stjórnvöld hefðu átt að sýna meiri aðgát við meðferð mála kærenda, sérstaklega eftir að indverska sendiráðið lýsti yfir andstöðu sinni við að gefa út vegabréf fyrir þá í apríl 1999. Var óljóst hvers vegna tékkneska lögreglan hafði ekki hlutast til um að kærendum yrðu útveguð ferðaskjöl í samræmi við ákvæði laga um útlendinga, áður en þeim var veitt lausn þann 11. febrúar 2001.

Fram kom að samkvæmt tékkneskum lögum var aðeins unnt að framlengja varðhald lengur en tvö ár ef rökstudd ástæða væri til að ætla að lausn manns myndi torvelda meðferð málsins. Á máli því sem til umfjöllunar var hér höfðu hvorki orðið efnisbreytingar á meðan á varðhaldinu stóð né komið fram er það var tekið fyrir hjá dómstólum. Taldi dómstóllinn að kærendur hefðu verið sakfelldir fyrir brot sem ekki var sérstaklega alvarlegt. Þá var gerð athugasemd við það að lengd varðhalds kærenda fór fram úr lengd fangelsisvistar þeirrar sem kærendur voru dæmdir til að afplána vegna brotanna.

Um 1. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn taldi tékknesk stjórnvöld ekki hafa sýnt viðeigandi aðgát við meðferð mála kærenda og að lengd varðhalds þeirra hefði ekki verið hófleg. Var það einróma niðurstaða dómsins að brotið hefði verið gegn f-lið 1. mgr. 5. gr.

Um 4. mgr. 5. gr.: Hvað snerti kærur aðila til æðri dóms vegna varðhaldsins og kröfur um lausn kom fram að málsmeðferð vegna fyrstu kærunnar stóð í nær þrjá mánuði á tveimur dómstigum, og þar að auki tók það annan mánuð að birta aðilum niðurstöðu úrskurðar, sem leiddi óhjákvæmilega til óvissu um möguleika á nýrri kæru. Meðferð seinni kæru stóð í nær átta mánuði.

Með tilliti til fordæma á þessu sviði taldi Mannréttindadómstóllinn að slík lengd á meðferð máls fullnægði ekki þeim kröfum um málshraða sem fram koma í 4. mgr. 5. gr. Sáttmálans og komst því að einróma niðurstöðu um að brotið hefði verið gegn ákvæðinu.

Samkvæmt 41. gr. voru kærendum dæmdar 5.000 evrur í miskabætur hvorum og 3.000 evrur sameiginlega vegna kostnaðar og útgjalda.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)

Epple gegn Þýskalandi
Dómur frá 24. mars 2005
Mál nr. 77909/01

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Handtaka. Réttur til að vera færður án tafar fyrir dómara.

1. Málsatvik

Kærandi, Ulrich Epple, er þýskur ríkisborgari fæddur 1970. Þann 18. júlí 1997 var haldin hátíð á eyjunni Lindau. Sama dag hafði einnig verið boðað til annarrar samkomu undir yfirskriftinni „sjöundi óreiðudagur Lindau“. Hafði sú samkoma verið bönnuð vegna hugsanlegrar hættu á röskun á almannaöryggi og allsherjarreglu. Um kl. 6 árdegis skipaði lögregla kæranda að yfirgefa hátíðarsvæðið en hann neitaði að verða við því. Vegna neitunar hans, útlits og klæðaburðar og vegna þess að í gagnagrunni lögreglu kom fram að hann hafði áður sótt slíka samkomu skipaði lögregla honum að yfirgefa eyjuna og koma ekki aftur þangað það sem eftir væri helgarinnar. Kærandi neitaði að verða við þessu og var hann þá handtekinn og færður á lögreglustöð þar sem hann var í haldi til kl. 13.45 næsta dag.

Þýskir dómstólar komust að þeirri niðurstöðu að varðhald lögreglu hefði verið lögmeitt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að með handtökunni og varðhaldi í kjölfarið hefði verið brotið gegn b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr.

Niðurstæða

Dómstóllinn taldi að handtaka kæranda og upphaflegt varðhald af hálfu lögreglu hefði ekki brotið gegn 1. mgr. 5. gr. Hvað varðaði lengd varðhaldsins tók dómstóllinn fram að kærandi hefði verið í haldi í meira en 19 klukkutíma, þar sem dómstóllinn í Lindau starfaði ekki um helgar. Hafði vakthafandi dómari komið seint til starfa laugardaginn 19. júlí 1997. Þá hefðu beðið dómarans 17 kærur um lögmeiti varðhalds.

Samkvæmt þýskum lögum átti ávallt að láta mann lausan í síðasta lagi við lok næsta dags eftir handtöku, ef ekki lægi fyrir dómsúrskurður um gæsluvarðhald. Dómstóllinn tók fram að refsing við háttsemi kæranda væri aðeins sekt að hámarki 250 evrur. Með hliðsjón af málsatvikum og mikilvægi þess sem rétturinn til frelsis hefur í sáttmálanum taldi dómstóllinn að þegar lengd varðhalds kæranda og dráttur sá sem varð á fyrirtöku dómara væru virt saman, hefði ekki verið tryggt nægilegt jafnvægi á milli þeirrar nauðsynjar að framfylgja skipun þeirri sem kæranda var gert að fylgja og réttar kæranda til frelsis. Taldi dómstóllinn einróma að brotið hefði verið gegn b-lið 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Engar bætur voru dæmdar kæranda á grundvelli 41. gr. þar sem hann gerði ekki kröfu um þær, þótt honum hefði verið leiðbeint um rétt sinn til þess.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)

Nevmerzhitsky gegn Úkraínu

Dómur frá 5. apríl 2005

Mál nr. 54825/99

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Gæsluvarðhald. Aðbúnaður fanga. Tímalengd varðhalds. Skylda ríkis til að leggja fram gögn.

Öcalan gegn Tyrklandi

Dómur frá 12. maí 2005 - Yfirdeild

Mál nr. 46221/99

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Handtökuheimild. Frelsisvipting. Ómannúðleg meðferð. Réttur til að hitta lögmann. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Óvilhallur dómstóll. Dauðarefsing.

Storck gegn Þýskalandi

Dómur frá 16. júní 2005

Mál nr. 61603/00

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Nauðungarvistun. Andleg vanheilsa. Læknismeðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, Waltraud Storck, er þýskur ríkisborgari, fædd 1958. Hún hefur dvalið á geðsjúkrahúsum og öðrum stofnunum í nærfellt 20 ár. Kærandi er 100% öryrki.

Kærandi var vistuð á geðsjúkrahúsi í einkaeigu í júlí 1977 að beiðni föður hennar. Var vistunin til tæpra tveggja ára. Á vistunartímanum varð kærandi lögráða. Kærandi reyndi margoft að strjúka úr vistinni, en var jafnan lokuð inni á nýjan leik gegn vilja sínum með valdbeitingu og atbeina lögreglu. Kærandi var ekki svipt lögræði. Ekki hafði heldur verið leitað úrskurðar dómstóla um vistun hennar á umræddri stofnun. Á hælínu sætti kærandi meðferð við geðklofasýki, en hliðarverkanir meðferðarinnar orsökðu sjúkdóm í miðtaugakerfi hennar, sem leiddi m.a. til skertrar hreyfigetu hennar. Einnig missti kærandi málið á tímabili. Árið 1994 komst sérfræðingur að þeirri niðurstöðu, að kærandi hefði aldrei þjáðst af geðklofa, heldur hefði hegðun hennar verið afleiðing bágra fjölskylduadstæðna. Annað álit sérfræðings frá 1999 staðfesti niðurstöður fyrra álits.

Þann 5. apríl 1979 var kærandi vistuð á geðsjúkrahúsi og dvaldi þar til 21. maí 1980. Hélt hún því fram að tilviljun hefði valdið því að hún þurfti ekki að vera lengur á sjúkrahúsinu þar sem annar sjúklingur hafði boðið henni húsnaði til að búa í.

Frá 21. janúar 1981 gekkst kærandi aftur undir meðferð á sama geðsjúkrahæli og árin 1977–1979. Hafði þá hún misst málgetu og sýndi samkvæmt mati lækna merki um einhverfu.

Frá 3. september 1991 til 28. júlí 1992 gekkst kærandi undir lækni meðferð á háskólalæknastofu þar sem hún öðlaðist aftur málgetu sína.

Þann 12. febrúar 1997 höfðaði kærandi mál fyrir dómstólum á hendur geðsjúkrahúsi því sem hún hafði dvalist á. Hélt hún því fram að vistun hennar á árunum 1977–1979 og 1981 hefði verið ólögleg samkvæmt þýskum lögum og byggði það m.a. á álitserð sérfræðings. Þá taldi hún lækni meðferðina sem hún fékk og vistunina hafa skaðað andlega og líkamlega heilsu sína verulega. Krafðist hún bóta vegna þess tjóns sem hún hafði beðið af vistuninni á framangreindu tímabili. Með dómi undirréttar 9. júlí 1998 var bótaréttur kæranda viðurkenndur þar sem vistun hennar var talin hafa verið ólögmæt, enda hafði kærandi hvorki beint né óbeint gefið samþykki sitt fyrir vistuninni.

Áfrýjunardómstóll ómerkti dóm undirréttar og vísaði málinu frá 22. desember 2000. Taldi hann vistun kæranda árin 1977–1979 ekki hafa falið í sér ólöglega frelsisskerðingu og að hún hefði að nokkru leyti samþykkt vistun sína árið 1981. Kröfur kæranda um skaðabætur voru taldar fyrndar.

Kærandi höfðaði einnig mál vegna lækni meðferðar þeirrar sem hún fékk á háskólalæknastofu. Taldi hún sig hafa fengið ranga sjúkdómsgreiningu. Undirréttur féllst ekki á kröfu kæranda þar sem ekki voru taldar fyrir hendi nægar sannanir um að hún hefði ekki hlotið rétta lækni meðferð. Kærandi áfrýjaði dóminum. Staðfesti áfrýjunardómstóllinn dóm undirréttar. Kærandi stefndi einnig lækni sem sá um meðferð hennar á einkastofu og stofunni sjálfri til greiðslu skaðabóta en þær kröfur náðu ekki fram að ganga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi vistun sína og lækni meðferð á umræddri einkastofnun og læknastofu háskólans hafa brotið gegn rétti hennar skv. 1. mgr. 5. gr. og 8. gr. Þá taldi hún hafa verið brotið gegn rétti hennar skv. 1. mgr. 6. gr. þar sem hún hefði ekki hlotið réttláta málsmeðferð fyrir þýskum dómstólum.

Niðurstaða

Um 1. mgr. 5. gr.: Mannréttindadómstóllinn tók fram að við mat á frelsisskerðingu þyrfti að líta fyrst til þeirrar stöðu sem kærandi var í og annarra atriða, svo sem tegundar frelsisskerðingar, lengdar, áhrifa og eðlis.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að vistun kæranda á hæli á árabílinu 1977–1979 hefði falið í sér ólögmæta frelsisskerðingu. Leit dómstóllinn til þess að kæranda var haldið á lokaðri deild og undir stöðugu eftirliti. Þá var henni ekki heimilað að yfirgefa hælið í um 20 mánaða skeið. Þegar kærandi reyndi ítrekað að flýja var hún færð aftur í fjötrum. Meðal annars hafði atbeina lögreglu verið leitað til að færa hana aftur í vistunina. Hún hafði ekki getað haft samskipti við neinn utan

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

hælisins. Hlutlægt séð taldi dómstóllinn sýnt fram á að frelsi kæranda hafi verið skert. Hins vegar væri mælikvarði 1. mgr. 5. gr. ekki aðeins hlutlægur. Réttur einstaklings til frelsis yrði aðeins talinn skertur að hann hefði ekki samþykkt frelsisskerðinguna á fullnægjandi hátt. Kærandi var lögráða þegar hún var vistuð á umræddum tíma. Var hún því hæf til að samþykkja eða mótmæla vistun sinni á hælínu. Óumdeilt var að hún hafði ekki skrifað undir innlagningskjal og að hún kom á hælíð sjálf, með föður sínum. Með vísan til atvika taldi dómstóllinn sýnt fram á að kærandi hafði verið vistuð án samþykkis síns, sem hún var talin hæf til þess að gefa. Var vistun hennar því brot á 1. mgr. 5. gr.

Við mat á því hvort ríkið yrði talið bera ábyrgð á vistun kæranda á umræddu hæli leit dómstóllinn til þriggja atriða. Í fyrsta lagi hvort takmörkun á frelsi hafi verið gerð með atbeina stjórnvalda. Í öðru lagi hvort dómstólar Þýskalands hefðu brotið á rétti kæranda með því að túlka ekki innlend lög í samræmi við tilgang 1. mgr. 5. gr. Í þriðja lagi hvort ríkið kynni að hafa brotið þá jákvæðu skyldu sína að hlutast til um að vernda rétt kæranda gegn takmörkunum af hendi einka- eða lögaðila.

Óumdeilt var að dómsúrskurður lá ekki fyrir um vistun kæranda á hælínu né leyfi stjórnvalda. Þá var ekkert eftirlit af hálfu hins opinbera á lögmæti eða framkvæmd vistunar einstaklinga á umræddu hæli. Stjórnvöld höfðu í raun gerst beinir þátttakendur í skerðingu á frelsi kæranda þegar hún var flutt nauðug viljug aftur á geðsjúkrahús með atbeina lögreglu, eftir flóttatilraun 4. mars 1979.

Dómstóllinn tók fram að þrátt fyrir skýra neitun kæranda á því að fara aftur á hælíð eftir flóttatilraun sína, var engin rannsókn hafin af hálfu lögreglu eða stjórnvalda á lögmæti vistunar hennar. Dómstóllinn taldi ríkið ekki hafa fullnægt þeim jákvæðu skyldum sem á því hvíla skv. 1. mgr. 5. gr. þar sem það hafði ekki viðhaft eftirlit með lögmæti vistunar kæranda. Þá hafði ekki verið hlutast til um rannsókn á vistuninni eftir að aðstoðar lögreglu var leitað við að færa kæranda aftur í vistunina. Það var ekki talið nægilegt að fyrir hendi var eftirlit með leyfi til að reka einkastofur. Tryggði það ekki almennt eftirlit með þeirri vistun sem fram færi á slíkum stofnunum. Breytingar á lögum hvað þetta varðar komu of seint til að gagnast kæranda. Þannig brutu stjórnvöld jákvæðar skyldur sínar til að tryggja frelsi kæranda frá 1977–1979. Frá þeim tíma sem kærandi lýsti skýrlega yfir andstöðu sinni við að vera færð aftur í vistunina af lögreglu, var nauðsynlegt að útvega úrskurð dómstóls fyrir áframhaldandi vistun hennar. Þar sem hann lá ekki fyrir var vistun hennar ekki lögmæt og í andstöðu við 1. mgr. 5. gr.

Hvað vistun kæranda á sama sjúkrahúsi árið 1981 varðaði, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu, að ekki hefði verið um ólögmæta frelsisskerðingu að ræða. Leit dómstóllinn m.a. til mats innlendra dómstóla á staðreyndum málsins og þess að kærandi var lögráða þegar hún var lögð inn á hælíð aftur. Var gert ráð fyrir því að hún hafi verið fær um að lýsa yfir samþykki sínu á þessu tímabili. Þá hafði hún viðurkennt að hafa tekið sjálfviljug þátt í lækni meðferð sinni að einhverju marki. Með vísan til staðreynda málsins taldi dómstóllinn kæranda ekki hafa verið vistaða gegn vilja sínum og þannig hefði réttur hennar skv. 1. mgr. 5. gr. ekki verið brotinn.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Um 1. mgr. 6. gr.: Kærandi taldi að þröng túlkun áfrýjunardómstóls hvað varðaði bótakröfu hennar og mat dómstólsins á matsgerð dómkvadds matsmanns sem var kvaddur til í máli hennar hefði brotið rétt hennar skv. 1. mgr. 6. gr. Hvað snerti túlkun og beitingu laga varðandi bótakröfu kæranda vísaði dómstóllinn til niðurstöðu sinnar skv. 1. mgr. 5. gr., og taldi sérstök álitamál önnur varðandi 1. mgr. 6. gr. ekki koma til álita í því sambandi. Þá taldi kærandi þann matsmann sem dómstóllinn hafði dómkvatt hafa verið óhæfan og dómstóllinn hafa dregið rangar ályktanir af matsgerð hans.

Dómstóllinn taldi þau gögn sem fyrir honum lágu, um val matsmanns og mat dómstólsins á matsgerðum hans, ekki leiða í ljós að málsmeðferð hefði ekki verið réttlát.

Kærandi taldi einnig að málsmeðferð dómstóla í bótamáli gegn háskólalækna- stofnuninni hefði verið óréttlát. Taldi hún matsgerð sem var lögð fram í málinu ranga, matsmanninn ekki hafa svarað þeim spurningum sem beint var til hans og hann hafa metið atriði sem hann hafði ekki sérþekkingu á. Þá hefðu dómstólar ekki metið á fullnægjandi hátt matsgerðina en hún var útbúin með hjálp aðstoðarlækna. Dómstóllinn benti á að við meðferð máls kæranda hefði verið tekið tillit til þess að matsgerðin var unnin með hjálp aðstoðarlækna og leit ennfremur til tveggja annarra sérfræðilegra álitserða. Mat áfrýjunardómstólsins á sönnunarbyrði taldi dómstóllinn ekki umdeilanlegt. Taldi dómstóllinn ekki hafa verið brotið gegn rétti kæranda til réttlátrar málsmeðferðar skv. 1. mgr. 6. gr.

Um 8. gr.: Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs hennar skv. 8. gr. Taldi hún það bæði eiga við um frelsisskerðingu og lækni-meðferð gegn vilja hennar árin 1977–1979 og 1981.

Dómstóllinn benti á að rétturinn til frelsis skv. 1. mgr. 5. gr. er sérregla í samanburði við 8. gr. Með kæru sinni varðandi takmarkanir á ferðafrelsi hennar taldi dómstóllinn að hún væri í raun að endurtaka kæru skv. 1. mgr. 5. gr. og að sérstök álitafni tengd 8. gr. væru ekki fyrir hendi. Dómstóllinn skoðaði hins vegar nánar rök kæranda um að hún hefði sætt lækni-meðferð gegn eigin vilja. Dómstóllinn taldi að kæranda hefði verið veitt lækni-meðferð gegn vilja sínum og hefði það skert réttindi hennar skv. 8. gr. Dómstóllinn taldi ríkið hafa brugðist þeirri athafnaskyldu sinni að vernda kæranda fyrir slíkrri skerðingu. Með vísan til niðurstöðu um atbeina lögreglu við að færa kæranda aftur í vistunina, taldi dómstóllinn að ábyrgð ríkisins hefði stofnast við það tímamark vegna skorts á aðgerðum í kjölfarið, sbr. það sem áður er sagt um 1. mgr. 5. gr.

Niðurstaða dómstóla í máli kæranda varðandi fyrningarfrest var ekki talin hafa tekið mið af ástandi kæranda á þeim tíma sem hún var vistuð. Hvað varðaði niðurstöðu um samningssamband milli kæranda og lækna-stöðvarinnar tók dómstóllinn fram að kærandi mótmælti vistun sinni sem og lækni-meðferð. Þannig varð ekki séð að kærandi hefði gengist viljug undir samning um lækniþjónustu. Jákvaðar skyldur ríkis til að vernda einstaklinga gegn broti á rétti samkvæmt sáttmálanum af hálfu einkaaðila höfðu einnig verið brotnar að mati Mannréttinda-

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

dómstólsins. Í því felst að ríkinu ber að hafa eftirlit með starfsemi einkarekinna sjúkrastofnana. Ekki væri nægilegt að lög mæltu fyrir um refsingar gegn líkamsárás, eða að einstaklingur sem hefði verið skertur frelsi gæti fengið bætur eftir á. Skortur hafði verið á eftirliti ríkisins yfir einkareknum sjúkrastofnunum. Ríkið hafði ekki fullnægt jákvæðum skyldum sínum samkvæmt ákvæðinu.

Var ekki talið að sú meðferð er kærandi hlaut á stofnuninni réttlættist af ákvæði 2. mgr. 8. gr. Samkvæmt landslögum var nauðsyn á dómsúrskurði um að vista einstaklinga ef samþykki þeirra lægi ekki fyrir. Ekki hafði verið hlutast til um að slíkur úrskurður yrði fenginn. Frelsisskerðing kæranda var því ekki lögmæt með vísan til 2. mgr. 8. gr.

Hvað varðaði dvöl kæranda á sama hæli árið 1981 þótti hún ekki hafa sýnt fram á að hún hafi ekki veitt samþykki sitt fyrir lækni meðferð sinni á þessu tímabili. Dómstóllinn taldi dóm áfrýjunardómstóls hvað varðaði samþykki kæranda fyrir lækni meðferð á þessu tímabili, og þá lækni meðferð sem hún fékk, byggðan á fullnægjandi gögnum. Áfrýjunardómstóllinn hafði byggt á rökstuddri álitserð dómkvadds matsmanns og álitserðum sem lagðar voru fram af kæranda. Varð ekki ráðið af gögnum málsins að meðferð hennar hafi verið óviðurkvæmileg. Var því ekki talið að lækni meðferð á þessu tímabili hefði brotið í bága við 8. gr.

Hvað varðaði dvöl kæranda á lækna stofnun háskólans 1991 lagði dómstóllinn áherslu á, að jafnvel smávægileg inngrip í líkamlegt sjálfræði, og þar með einkalíf fólks, skerði réttindi skv. 8. gr. ef slíkt er gert andstætt vilja einstaklinganna sjálfra. Hins vegar var ekki talið sannað í málinu, að kærandi hefði sætt meðferð á umræddri lækna stofnun gegn vilja sínum. Hvað meðferð kæranda á umræddri stofnun varðaði var talið að kærandi gæti ekki talist hafa samþykkt aðra lækni meðferð en þá sem framkvæmd væri af kostgæfni og í samræmi við kröfur þess tíma. Var fallist á niðurstöðu áfrýjunardómstóls þess efnis að kærandi hefði ekki sætt meðferð sem bryti gegn 8. gr.

Kæranda voru dæmdar 75.000 evrur í miskabætur og 18.315 evrur í málskostnað á grundvelli 41. gr.

Kolanis gegn Bretlandi

Dómur frá 21. júní 2005

Mál nr. 517/02

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Vistun á geðsjúkrahúsi. Réttur til að bera frelsissviptingu undir dóm.

1. Málsatvik

Kærandi, Maria Kolanis, er breskur ríkisborgari, fædd 1972. Þann 2. febrúar 1998 var hún sakfelld fyrir meiriháttar líkamsmeiðingar af ásetningi. Vegna geðsjúkdóms var hún vistuð á sjúkrahúsi á grundvelli geðheilsulaga frá 1983. Hún beindi umsókn um að verða útskrifuð af sjúkrahúsinu til sérstakrar nefndar sem starfaði samkvæmt

lögnum. Nefndin úrskurðaði 16. ágúst 1999 að kærandi skyldi útskrifuð með vissum skilyrðum. Hún skyldi búa heima hjá foreldrum sínum, sæta eftirliti félagsráðgjafa og réttargeðlæknis og halda áfram meðferð sinni. Geðlæknir hennar taldi hins vegar að hann gæti ekki haft nægilegt eftirlit með kæranda á heimili foreldra hennar og hún ætti því að vera vistuð á sambýli. Í kjölfarið tókst heilbrigðisyfirvöldum ekki að finna geðlækni á svæðinu sem gat haft eftirlit og umsjón með kæranda úti í samfélaginu.

Þann 3. desember 1999 höfðaði kærandi mál til endurskoðunar á ákvörðun heilbrigðisyfirvalda um að sjá henni ekki fyrir eftirliti geðlæknis, eins og geðheilsu- matsnefndin hafði kveðið á um sem skilyrði þess að hún yrði útskrifuð af sjúkrahúsinu. Dómstóll hafnaði umsókn hennar á þeim grundvelli að heilbrigðisyfirvöldum bæri ekki fortakslaus skylda til að uppfylla skilyrði geðheilsu- matsnefndar. Þeim bæri aðeins skylda til að gera allt sem í valdi þeirra stóð, innan skynsamlegra marka, til að uppfylla skilyrðin og þeim læknum sem að málinu komu væri bæði rétt og skylt að beita faglegu mati sínu í málinu. Þann 23. desember 2000 var kærandi útskrifuð af spítalanum með vissum skilyrðum og vistuð á sambýli í London.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að áframhaldandi vistun hennar á sjúkrahúsinu, eftir úrskurð matsnefndarinnar um að hún skyldi útskrifuð að uppfylltum vissum skilyrðum, hefði ekki verið lögmæt og hún hefði ekki getað fengið réttarstöðu sína endurskoðaða. Því hefði verið brotið gegn réttindum hennar skv. 1., 4. og 5. mgr. 5. gr. og 13. gr.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn benti á að útskrift kæranda af sjúkrahúsinu var bundin þeim skilyrðum að meðferð skyldi haldið áfram og hún yrði undir eftirliti, heilsu sinni og annarra í samfélaginu til verndar. Þar sem ekki var kostur á meðferð var áframhaldandi vistun hennar talin nauðsynleg og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. Eins og kom í ljós í málinu var ekki sjálfgefið að kostur væri á þeirri meðferð sem talin var nauðsynleg af matsnefndinni. Undir slíkum kringumstæðum var hvorki talið hægt að túlka 1. mgr. 5. gr. svo að hún kvæði á um að kærandi skyldi útskrifuð meðan skilyrði, sem sett voru henni og öðrum til verndar, voru enn óuppfyllt, né hægt væri að leggja fortakslausa skyldu á yfirvöld að tryggja að skilyrðin yrðu uppfyllt.

Ekki var heldur talið nauðsynlegt að reynt væri að sjá fyrir hvaða meðferð væri tiltæk í samfélaginu til að matsnefndin gæti hagað úrskurðum sínum þannig að mögulegt væri að framfylgja þeim. Ef fram hefði komið að heilbrigðisyfirvöld hefðu ekki gert allt sem í valdi þeirra stóð eða að geðlæknir hefði brugðist skyldu sinni með því að neita meðferð hefði verið hægt að skjóta slíku máli til dómstóla.

Dómstóllinn féllst því hvorki á það að heilbrigðisyfirvöld eða geðlæknar á staðnum gætu komið í veg fyrir að sjúklingar væru útskrifaðir með geðþótta-

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

ákvörðunum né heldur að svo hafi verið í þessu máli. Dómstóllinn taldi að eftir úrskurð matsnefndarinnar frá 16. ágúst 1999 hafi kærandi enn þjáðst af geðsjúkdómi sem talinn var réttlæta vistun hennar á sjúkrahúsi á grundvelli e-liðar 1. mgr. 5. gr. Dómstóllinn komst því einróma að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 5. gr.

Hins vegar taldi dómstóllinn að í meira en eitt ár hefði kærandi ekki haft möguleika á að fá frelsissviptingu sína endurskoðaða af dómstólum. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að 4. mgr. 5. gr. hefði verið brotin. Í ljósi þess að dómstóllinn taldi 4. mgr. 5. gr. hafa verið brotna og þar sem breska ríkið hafði fallist á það að ekki hefðu verið til raunhæf úrræði fyrir kæranda að krefjast skaðabóta var það að auki samhljóða niðurstaða dómstólsins að 5. mgr. 5. gr. hefði verið brotin. Dómstóllinn taldi hins vegar að ekki þyrfti að leysa sjálfstætt úr álitaefnum um brot á 13. gr.

Dómstóllinn dæmdi kæranda 6.000 evrur í miskabætur og 4.656 evrur fyrir málskostnaði á grundvelli 41. gr.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Musumeci gegn Ítalíu

Dómur frá 11. janúar 2005

Mál nr. 33695/96

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Fangelsisreglur. Aðgangur að dómstólum. Lagaheimild fyrir takmörkun bréfaskipta.

1. Málsatvik

Kærandi, Carmelo Musumeci, er ítalskur ríkisborgari, fæddur 1955. Hann var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um að hann stjórnaði glæpasamtökum sem voru m.a. bendluð við eiturylfjasölu, fjárkúgun og fjárhættuspil. Frá júlí 1992 var hann látinn sæta sérstökum fangelsisreglum sem settu honum ýmsar hömlur sem aðrir fangar þurftu ekki að sæta. Þessi sérstaka meðferð, sem upphaflega átti aðeins að standa í eitt ár, var framlengd níu sinnum með ákvörðunum sem kærandi mótmælti í hvert sinn. Eftir að hafa verið sakfelldur fyrir manndráp var kærandi látinn sæta ströngu eftirliti í afplánun. Dómstólar höfðu kröfum hans um að fá að afplána dóm sinn eftir venjulegum fangelsisreglum á þeim grundvelli að stjórnvöld ættu fullnaðarákvörðun um það hvort einstaklingur væri látinn sæta sérstöku eftirliti.

2. Málsmeðferð fyrir Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi að réttur hans til aðgangs að dómstólum skv. 1. mgr. 6. gr. hefði verið brotinn þar sem hann var látinn sæta sérstökum fangelsisreglum og eftirliti án þess að hafa nokkur úrræði til að fá þá ákvörðun endurskoðaða. Hann taldi einnig að 8. gr. hefði verið brotin þar sem bréfaskriftir hans höfðu sætt ritskoðun.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Dómstóllinn leit til þess að kærandi hafði mótmælt því að hinum sérstöku fangelsisreglum væri beitt níu sinnum en engar af þeim ákvörðunum sem vörðuðu mótmæli hans voru teknar innan hins reglubundna 10 daga frests sem dómstóll hafði til að úrskurða um slík mótmæli. Það að tímamörkin hafi endurtekið og kerfisbundið verið virt að vettugi minnkaði, jafnvel gerði að engu, möguleika kæranda til að fá endurskoðun dóms á þessum ákvörðunum. Þess vegna taldi dómstóllinn að sá dómstóll sem bar ábyrgð á þessum ákvörðunum væri ekki raunhæft úrræði fyrir kæranda og að sú seinkun sem sífellt varð á úrlausnum um mótmæli kæranda hafi brotið gegn rétti hans til að fá ákvörðun endurskoðaða af dómstóli. Mannréttindadómstóllinn komst því einróma að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda skv. 1. mgr. 6. gr.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Hvað varðar sérstakt eftirlit með kæranda leit dómstóllinn til þeirrar niðurstöðu að stjórnvöld væru talin hafa fullnaðarákvörðun um það. Stjórnlagadómstóll Ítalíu hafði hins vegar komist að því að sum ákvæði fangelsisstjórnunarlaganna stæðust ekki stjórnarskrá þar sem þau veittu ekki neinn rétt til að fá ákvarðanir um réttindi fanganna endurskoðuð. Með hliðsjón af þessu varð það einróma niðurstaða dómstólsins að skorður við því að kærandi gæti fengið ákvörðunina um sérstakt eftirlit endurskoðaða bryti gegn réttindum hans skv. 1. mgr. 6. gr.

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi að 18. gr. þágildandi fangelsisstjórnunarlaganna, sem heimilaði eftirlit með bréfaskriftum fanga, gæti ekki uppfyllt skilyrði 2. mgr. um að mælt væri fyrir um takmarkanir í lögum. Í lagaheimildinni væri heimild til takmörkunar á bréfaskiptum veitt með almennum hætti, án þess að skilyrði hennar væru rakin eða hversu lengi hún mætti standa. Var það því einróma dómstólsins að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda skv. 8. gr.

Þar sem kærandi hafði ekki krafist bóta taldi dómstóllinn ekki ástæðu til að beita 41. gr.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)

Capeau gegn Belgíu

Dómur frá 13. janúar 2005

Mál nr. 42914/98

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sakleysi uns sekt er sönnuð. Bætur fyrir gæsluvarðhald.

1. Málsatvik

Kærandi, Wim Capeau, er belgískur ríkisborgari, fæddur 1967. Hann var handtekinn 29. mars 1994 í tengslum við rannsókn á íkveikju og úrskurðaður í gæsluvarðhald 21. apríl 1994. Málinu lauk með því að kærandi var ekki ákærður. Hann sótti um bætur fyrir gæsluvarðhald að ósekju. Umsókn hans var fyrst hafnað af dómsmálaráðherra og síðan áfrýjunarnefnd sem úrskurðar um slíkar bætur á þeim grundvelli að hann hefði ekki lagt fram sönnunargögn um sakleysi sitt eins og skylt var samkvæmt lögum frá 13. mars 1973.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sú regla að hann þyrfti að sanna sakleysi sitt til að fá bætur greiddar bryti í bága við 2. mgr. 6. gr.

Niðurstaða

Um 2. mgr. 6. gr.: Mannréttindadómstóllinn taldi að það eitt og sér að hafna bótum til einstaklings sem hefði sætt gæsluvarðhaldi en síðan ekki verið ákærður, bryti ekki gegn reglunni um að menn skyldu taldir saklausir þar til annað sannaðist.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Áskilnaður laga um að sakborningur aflaði sönnunargagna um sakleysi sitt til þess að hann ætti rétt á bótum leiddi til þess að vafi virtist leika á um sakleysi hans. Slíkt skilyrði sem gæfi í skyn að yfirvöld teldu kæranda sekan var talið óeðlilegt og ekki í samræmi við það að menn skyldu taldir saklausir þar til annað sannaðist. Því komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda skv. 2. mgr. 6. gr.

Þar sem kærandi hafði ekki sett fram kröfu um bætur innan tilskilins tímafrests var ekki talinn grundvöllur til að dæma honum bætur skv. 41. gr.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)

Mamatkulov og Askarov gegn Tyrklandi

Dómur frá 4. febrúar 2005 - Yfirdeild

Mál nr. 46827/99

Sjá reifun dómsins undir 34. gr.

Útlendingar. Framsal. Hætta á ómannúðlegri meðferð. Frestun á framkvæmd ákvörðunar. Skylda ríkis til að tryggja raunhæfa beitingu kæruréttar.

Miller gegn Svíþjóð

Dómur frá 8. febrúar 2005

Mál nr. 55853/00

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Opinber málsmeðferð. Krafa um örorkubætur.

1. Málsatvik

Kærandi, Robert Edward Miller, er sænskur ríkisborgari, fæddur 1918. Í ágúst árið 1996 sótti hann um örorkubætur til almannatryggingaskrifstofu Stokkhólms, vegna taugasjúkdóms sem hann þjáðist af og hófst áður en hann náði 65 ára aldri. Tryggingastofnun Stokkhólms hafnaði beiðni hans um bætur á þeim grundvelli að örorka hans hefði ekki náð tilskildu stigi fyrr en eftir að hann náði 65 ára aldri.

Kærandi skaut ákvörðuninni til stjórnarsýsludómstóls í Stokkhólmi og óskaði eftir að fram færu munnleg réttarhöld í málinu. Var kröfum hans hafnað og var sú niðurstaða staðfest hjá áfrýjunardómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum sínum skv. 1. mgr. 6. gr. þegar beiðni hans um munnlega málsmeðferð var hafnað og honum var meinað að leiða fram vitni til skýrslutöku.

Niðurstaða

Dómstóllinn minnti á það að þegar mál er fyrir dómstólum í fyrsta og hugsanlega

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

eina skipti felur rétturinn til opinberrar málsmeðferðar í sér rétt til munnlegrar málsmeðferðar. Ekki væri heimilt að víkja frá þessu nema sérstakar ástæður mæltu með því. Við skoðun á því hvað teldust sérstakar ástæður skyldi líta til eðlis þess máls sem væri fyrir dóminum hverju sinni. Því tók dómstóllinn fyrst til skoðunar hvort sérstakar aðstæður hefðu verið fyrir hendi við mál kæranda sem réttlættu að vikið væri frá munnlegri málsmeðferð.

Samkvæmt sænskri löggjöf skyldi meta það hvort maður uppfyllti skilyrði fyrir greiðslu örorkubóta út frá heildarþörf viðkomandi á stuðningi og aðstoð. Dómstóllinn leit til þess að þau gögn sem kærandi lagði fram studdu kröfu hans um örorkubætur frekar en að draga úr henni og einn starfsmaður félagsmálastofnunar var á þeirri skoðun að endurupptaka ætti mál kæranda. Taldi dómstóllinn því að svarið við þeirri spurningu hvort kærandi hefði uppfyllt skilyrði fyrir rétti til örorkubóta hefði ekki legið ljóst fyrir.

Dómstóllinn hafnaði þeim röksemdum ríkisins að framburður læknis kæranda hefði ekkert gildi eftir svo langan tíma. Þvert á móti taldi dómstóllinn að við vitnaleiðslur hefði læknirinn hugsanlega getað útskýrt betur athugasemdir sínar í sjúkraskýrslum. Dómstóllinn taldi að þau efni sem fælust í málskoti kæranda til dómstóla væru ekki einungis formlegs eðlis. Talið var að réttvísinni hefði verið betur þjónað ef kærandi hefði haft tækifæri við stjórnarsýsluréttinn til að gera grein fyrir aðstæðum sínum, í heild sinni og á þeim tíma sem um ræddi ásamt því að geta leitt fram vitni máli sínu til stuðnings. Dómstóllinn hafnaði einnig þeim staðhæfingum ríkisins að kærandi hefði firrt sig réttinum til munnlegrar málsmeðferðar með því að óska ekki eftir því í upphafi. Kærandi hefði einmitt gert stjórnarsýsludómstólnum grein fyrir því að hann teldi að ýmis atriði varðandi sjúkraskýrslur hans þörfuðust frekari útskýringa og að þörf væri á vitnisburði læknis. Stjórnarsýsludómstóllinn hefði því haft nægar upplýsingar til að taka málið til athugunar.

Í ljósi alls ofangreinds taldi dómstóllinn að ekki væri hægt að segja að álitaefnið hvort kærandi uppfyllti þau lagaskilyrði sem sett eru fyrir örorkubótum fyrir 65 ára aldur væri slíkt að það leysti stjórnarsýsluréttinn almennt undan þeirri skyldu að hafa munnleg réttarhöld.

Því komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 1.500 evrur í miskabætur og 5.000 evrur fyrir málskostnaði.

Þrír dómarmar skiluðu séráliti.

Graviano gegn Ítalíu

Dómur frá 10. febrúar 2005

Mál nr. 10075/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Vitni. Bein sönnunarfærsla.

1. Málsatvik

Kærandi, Giuseppe Graviano, er ítalskur ríkisborgari, fæddur 1963. Hann aflánar nú ævilangan fangelsisdóm í Novara á Ítalíu fyrir manndráp og þátttöku í glæpasamtökum (maffu).

Kærandi var ákærður og saksóttur fyrir dómstóli í Palermo ásamt tólf öðrum sakborningum. Höfðu þá kennsl verið borin á hann á grundvelli framburðar fyrirverandi meðlima glæpasamtakanna sem höfðu gerst uppljóstrarar lögreglu. Í framburði uppljóstraranna A og B var kærandi sagður hafa haft milligöngu um morð. Meðan á meðferð málsins stóð fyrir ofangreindum dómstóli, og eftir að dómara heyrðu framburð uppljóstraranna tveggja, var einn þeirra átta dómara er skipuðu dóminn færður til annarra skyldustarfa og annar dómari settur í hans stað. Kærandi mótmælti þeirri ákvörðun ákærvalds að leggja aðeins fyrir dómara skýrslur um yfirheyrslur vitna og annað það sem fram fór áður en dómarskiptin urðu. Ákærvaldið hafnaði kröfu kæranda um að láta vitnaleiðslur fara fram að nýju.

Þann 3. apríl 1999 var kærandi dæmdur í lífstíðarfangelsi á grundvelli fyrirbyggjandi sönnunargagna, einkum framburða A og B.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kært var fyrir brot á 1. mgr. og d-lið 3. mgr. 6. gr. Hélt kærandi því fram að meðferð máls hans hefði ekki verið réttlát, einkum með tilliti til þess að einn átta dómara sem skipuðu dóminn var færður til og annar dómari settur í hans stað. Þá taldi kærandi synjun kröfu hans um að vitnin A og B yrðu kvödd fyrir dóminn á ný einnig fela í sér brot á rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að almennt ættu dómarskipti að loknum vitnaleiðslum að valda því að vitni væru kölluð aftur fyrir dóm. Hins vegar höfðu sérstakar kringumstæður réttlætt undantekningu frá meginreglum um munnlega sönnunarfærslu í máli kæranda. Ekki var því talið að réttur kæranda til réttlátrar málsmeðferðar hefði verið takmarkaður þrátt fyrir að einn dómara hefði ekki verið viðstaddur vitnaleiðslur umræddra vitna, A og B. Þar sem allir hinir sjö dómara sem skipuðu dóminn voru viðstaddir þegar vitnin voru leidd fyrir dóminn væri réttur kæranda nægilega tryggður. Að mati dómstólsins var ennfremur fullnægjandi að hinn nýi dómari hefði aðeins haft tækifæri til að lesa skýrslur um framburð vitnanna A og B, en ekki verið viðstaddur skýrslugjöf þeirra. Dómstóllinn tók fram að dómarskiptin hefðu ekki skert rétt kæranda til þess að fá að spyrja eða láta spyrja vitnin A og B sem gáfu

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

vitnisburð sinn í opnum réttarhöldum sem bæði kærandi og lögmaður hans voru viðstaddir. Lögmaðurinn hafði tækifæri til að spyrja vitnin þeirra spurninga er hann taldi mikilvægar fyrir vörn kæranda.

Þá taldi dómstóllinn kæranda ekki hafa sýnt fram á að endurtekna yfirheyrslur hefðu getað fært fram ný sönnunargögn sem þýðingu hefðu getað haft fyrir niðurstöðu málsins.

Undir þessum kringumstæðum taldi dómstóllinn að hvorki synjun kröfu kæranda um að vitnin yrðu leidd fyrir dóm á ný né framlagning skýrslna um vitnisburð þeirra hefði falið í sér takmörkun á rétti kæranda til réttlátrar málsmeðferðar. Var það einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. eða d-lið 3. mgr. 6. gr.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)

Steel og Morris gegn Bretlandi

Dómur frá 15. febrúar 2005

Mál nr. 68416/01

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Synjun um gjafsókn. Jafnræði málsaðila. Ærumeiðingar í garð fyrirtækis.

M.S. gegn Finnlandi

Dómur frá 22. mars 2005

Mál nr. 46601/99

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Aðgangur að gögnum í refsímáli. Jafnræði málsaðila.

1. Málsatvik

Kærandi er gambískur ríkisborgari, fæddur 1955 og býr í Gambíu. Var hann kærður til lögreglu í Finnlandi fyrir ítrekuð gróf kynferðisbrot gegn þáverandi stjúpdóttur sinni á heimili þeirra. Var hún þá 15 ára. Hann mótmælti því við meðferð refsímálsins að þau hefðu nokkurn tíma verið ein í íbúðinni þar sem hin meintu brot áttu að hafa farið fram.

Þann 27. september 1996 var kærandi með dómi undirréttar dæmdur til 11 mánaða fangelsisvistar og gert að greiða þolanda bætur. Rannsókn málsins hófst eftir að stjúpdóttir kæranda gaf skýrslu um hin meintu brot hjá lögreglu 14. ágúst 1996. Fyrir undirrétti gáfu brotþoli, trúnaðarmaður hennar og þáverandi eiginkona kæranda skýrslu. Framburður þáverandi eiginkonu kæranda studdi ekki þann framburð hans að hann hefði aldrei verið einn með stjúpdóttur sinni í framangreindri íbúð.

Kærandi áfrýjaði dóminum til áfrýjunardómstóls í Helsinki 28. október 1996, en meðfylgjandi áfrýjuninni var yfirlýsing fyrrverandi eiginkonu hans þar sem hún breytti framburði sínum þannig að hún studdi framburð kæranda. Krafðist kærandi

ennfremur munnlegrar meðferðar málsins. Þann 26. nóvember 1996, eftir að útrunninn var sá tími sem leggja mátti fram skrifleg gögn fyrir áfrýjunardómstólinn, lagði fyrrverandi eiginkona kæranda fram bréf þar sem hún dró fyrrnefnda yfirlýsingu sína til baka. Þann 1. júlí 1997 staðfesti áfrýjunardómstóll dóm undirréttar án þess að málið væri munnlega flutt.

Kæranda varð fyrst kunnugt um að eiginkona hans hefði dregið yfirlýsingu sína til baka þegar honum var birtur dómur áfrýjunardómstóls. Þar kom meðal annars fram að yfirlýsing sú sem fylgdi áfrýjun kæranda hefði að sögn eiginkonunnar verið skrifuð undir miklum þrýstingi. Var það mat áfrýjunardómstólsins að enginn vafi væri á því að framburður konunnar fyrir undirrétti hefði verið réttur. Hefði því auðsjáanlega verið óþarft að óska eftir andmælum kæranda vegna breytingar á yfirlýsingunni.

Beiðni kæranda um áfrýjun málsins til Hæstaréttar var hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að hann hefði ekki fengið kost á að koma að andsvörum vegna afturköllunar fyrrverandi eiginkonu sinnar á yfirlýsingu þar sem hún breytti framburði sínum, sem hafði verið til hagsbóta fyrir kæranda. Kærandi taldi með þessu hafa verið brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar skv. 1. mgr. 6. gr.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að jafnræði aðila, einn þátta réttlátrar málsmeðferðar, feli í sér að aðilar fái sömu möguleika til að færa fram mál sitt. Hefði framangreint bréf eiginkonu kæranda þar sem hún dró yfirlýsingu sína til baka hvorki verið kynnt kæranda né saksóknara málsins. Hefði því ekki verið brotið gegn jafnræði málsaðila. Hins vegar feli rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar einnig í sér rétt málsaðila til að fá vitneskju og tækifæri til að tjá sig um öll sönnunargögn og málsástæður sem eru færð fram við dómstól. Dómstóllinn hafnaði þeirri málsástæðu finnska ríkisins að afturköllun yfirlýsingarinnar frá 26. nóvember hefði ekki haft nein áhrif á niðurstöðu málsins. Taldi dómstóllinn að afturköllun yfirlýsingar þeirrar sem fylgdi með áfrýjun kæranda hefði greinilega getað haft áhrif á niðurstöðu áfrýjunardómstólsins, eins og fram kom í dóminum sjálfum.

Aðeins aðilar málsins sjálfir gátu ákveðið hvort bréfið kallaði á svör þeirra. Það sem sérstaklega skipti máli hér væri traust sem aðilar refsímáls bæru til dómstóla, sem byggðist meðal annars á vitneskju þeirra um að þeir hafi fengið tækifæri til að koma fram með andsvör við þau gögn sem lögð væru fram við meðferð málsins.

Kanna þyrfti hvort Hæstiréttur hefði getað bætt að einhverju leyti úr ætluðu broti á jafnræði málsaðila fyrir áfrýjunardómstólnum. Enda væri það viðurkennt af dómstólnum að galli á málsmeðferð á lægri dómstigum geti verið leiðréttur við áfrýjun, ef áfrýjunardómstóllinn hefur fulla endurskoðunarheimild á hinum áfrýjaða dómi, þ.e. til að ógilda hann og taka nýja ákvörðun eða vísa málinu til undirréttar til nýrrar efnismeðferðar.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Málsmeðferðin fyrir Hæstarétti varðaði aðeins spurningu um hvort leyfi til áfrýjunar yrði veitt, en ekki efnislegt mat á máli kæranda. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að Hæstiréttur hefði ekki getað rétt úr ætluðu ójafnræði í málsmeðferð áfrýjunardómstólsins. Var því brotið gegn 1. mgr. 6. gr. MSE.

Samkvæmt 41. gr. voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 500 evrur vegna málskostnaðar.

Monory gegn Rúmeníu og Ungverjalandi

Dómur frá 5. apríl 2005

Mál nr. 71099/01

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Haag-samningur um brotnám barna. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

A.L. gegn Þýskalandi

Dómur frá 28. apríl 2005

Mál nr. 72758/01

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

Sakleysi uns sekt er sönnuð. Bætur fyrir gæsluvarðhald.

1. Málsatvik

Kærandi er þýskur ríkisborgari, fæddur 1964 og rak bílaleigu í Þýskalandi. Þann 3. nóvember 1994 var kæranda tilkynnt að hafin væri rannsókn á meintum tryggingasvikum hans og þriggja annarra manna. Þann 4. nóvember 1994 var kærandi handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um að hann myndi reyna að torvelða rannsókn málsins. Þann 29. nóvember 1994 var hann leystur úr haldi með því skilyrði að kærandi hefði ekki samband við aðra sakborninga sem rannsóknin beindist að eða þau vitni sem tengdust málinu.

Ákæra var ekki gefin út á hendur kæranda. Hann krafðist bóta vegna gæsluvarðhaldsins en kröfu hans var hafnað 21. mars 2000 af undirrétti. Í bréfi dómara við undirréttinn til lögmanns kæranda kom fram að hefði kærandi verið ákærður hefðu verið yfirgnæfandi líkur á sakfellingu hans. Í bréfinu var meðal annars vísað til sönnunargagna sem lágu fyrir í málum gegn öðrum sakborningum í málinu. Kærandi áfrýjaði dóminum en kröfu hans var hafnað af áfrýjunardómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að rökstuðningur þýskra dómstóla fyrir því að hafna bótakröfu hans og efni bréfs dómara í máli hans endurspegluðu afstöðu um sekt hans án þess að hún hefði verið sönnuð að lögum. Taldi hann með þessu brotið gegn rétti sínum skv. 2. mgr. 6. gr.

Niðurstæða

Í niðurstöðu dómstólsins sagði að sú grundvallarregla sem fram kemur í 2. mgr. 6. gr. MSE sé brotin ef yfirlýsing opinbers starfsmanns felur í sér afstöðu um sekt sakbornings án þess að hún hafi verið dæmd að lögum. Dómstóllinn taldi ákvörðun um bótarétt vegna gæsluvarðhalds geta gefið tilefni til álitamála varðandi 2. mgr. 6. gr. ef rökstuðningur hennar þyrfti að fela í sér afstöðu til sektar sakbornings án þess að hún væri sönnuð að lögum. Dómstóllinn tók fram að hin umdeildu ummæli dómarsins hefðu ekki verið sett fram opinberlega heldur í bréfi sem var aðeins beint til lögmanns kæranda. Dómstóllinn taldi orðalag bréfsins vafasamt og óviðunandi. Innlendur áfrýjunardómstóll og stjórnlagadómstóll hefðu hins vegar tekið skýrt fram í niðurstöðum sínum í máli kæranda, að það væri í andstöðu við meginregluna um sakleysi uns sekt er sönnuð að telja hann sekan. Þá gæti höfnun bótakröfu vegna varðhalds eða framlengingar varðhalds ekki verið jafnað til refsingar eða annarra refsikenndra viðurlaga.

Með hliðsjón af málsatvikum, takmörkuðum afleiðingum hinnar umdeildu ummæla svo og því að æðri innlendir dómstólar tóku sérstaklega til skoðunar kröfur kæranda í ljósi 2. mgr. 6. gr. komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti hans skv. 2. mgr. 6. gr.

Öcalan gegn Tyrklandi

Dómur frá 12. maí 2005 - Yfirdeild

Mál nr. 46221/99

2. gr. Réttur til lífs

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

34. gr. Kærur einstaklinga

46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra

Handtökuheimild. Frelsisvipting. Ómannúðleg meðferð. Réttur til að hitta lögmann. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Óvilhallur dómstóll. Dauðarefsing.

1. Málsatvik

Kærandi, Abdullah Öcalan, er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur 1949. Kærandi var tekinn höndum í Kenýa í Afríku 15. febrúar 1999 eftir að tyrkneskir dómstólar höfðu gefið út sjö handtökuskipanir á hendur honum. Var hann að auki eftirlýstur af alþjóðalögreglu Interpol. Honum var gefið að sök að hafa komið á fót vopnaðri sveit í þeim tilgangi að stunda hryðjuverk og ráðast gegn tyrkneska ríkinu. Var kærandi færður um borð í flugvél á Nairobi-flugvelli og handtekinn þar af tyrkneskum embættismönnum. Var síðan flogið með hann til Tyrklands. Við komu þangað var hann færður í varðhald lögreglu í fangelsi á eyjunni Imrali frá 16. til 23. febrúar 1999 og var hann yfirheyrður af öryggissveitum. Á því tímabili var honum meinað að hitta lögmann. Þann 23. febrúar 1999 var kærandi leiddur fyrir dómara

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

við öryggisdómstól sem úrskurðaði hann í gæsluvarðhald. Kærandi var einungis heimilaður takmarkaður aðgangur að lögmönnum sínum og máttu þeir ekki afhenda honum afrit annarra málskjala en ákærunnar. Þann 4. júní 1999 heimilaði dómstóllinn kæranda aðgang að málskjölunum undir eftirliti tveggja starfsmanna og fengu lögmenn hans að afhenda honum afrit ákveðinna skjala.

Þann 29. júní 1999 var kærandi sakfelldur fyrir að hafa undirbúið aðskilnað hluta tyrknesks landsvæðis frá Tyrklandi og stofnun vopnaðrar sveitar til að ná því markmiði. Hann var dæmdur til dauða skv. 125. gr. tyrkneskra hegningarlaga. Sú ákvörðun var staðfest af áfryjunarrétti. Tyrkneska þingið afnam dauðarefsingu á friðartímum með lögum árið 2002 og þann 3. október sama ár mildaði öryggisdómstóll refsingu kæranda í lífstíðarfangelsi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólunum

Kæran

Kærandi hélt því m.a. fram að:

- ákvörðun um dauðarefsingu og framkvæmd hennar bryti gegn 2., 3. og 14. gr. sáttmálans,
- aðstæður við flutning hans frá Kenýa til Tyrklands – og í varðhaldinu á eyjunni Imrali – hefðu falið í sér ómannúðlega meðferð sem bryti gegn 3. gr.,
- hann hefði verið sviptur frelsi sínu á ólögmetan hátt, ekki verið leiddur án tafar fyrir dómara og ekki haft réttarræði til að fá skorið úr um lögmæti vistunar sinnar. Hefði með því verið brotið gegn 1., 3., og 4. mgr. 5. gr.,
- hann hefði ekki hlotið réttláta málsmeðferð þar sem dómstóllinn sem dæmdi í máli hans hefði ekki verið sjálfstæður og óvilhallur, að dómaramir hefðu verið undir áhrifum skaðlegrar fjölmiðlaumfjöllunar og að lögmönnum hans hafi ekki verið veittur nægur aðgangur að málgögnum til að undirbúa vörn hans með fullnægjandi hætti. Hefði þetta brotið gegn 1. mgr. 6. gr.,
- lögfræðingum hans í Amsterdam hefði verið meinað að hafa samband við hann eftir handtöku hans og að tyrkneska ríkið hefði ekki orðið við beiðni Mannréttindadómstólsins um að veita honum tiltekna upplýsingar en með því hefði verið brotið gegn 34. gr.
- Hann vísaði einnig til þess að réttindi hans skv. 7., 8., 9., 10., 13., 14. og 18. gr. sáttmálans hefðu verið brotin.

Niðurstaða deildar

Þann 12. mars 2003 komst deild 7 dómara að þeirri niðurstöðu að m.a. hefði verið brotið gegn 3. og 4. mgr. 5. gr., 1. og 3. mgr. 6. gr. og einnig 3. gr. þar sem dauðarefsing hafði verið ákveðin í kjölfar óréttlátrar málsmeðferðar fyrir dómstólum. Bæði kærandi og tyrkneska ríkið skutu málinu til yfirdeildar.

Niðurstaða yfirdeildar

Um 5. gr.: Dómstóllinn taldi að ómögulegt hefði verið fyrir kæranda að neyta nokkurra úrræða til að fá skorið úr um lögmæti varðhalds hans hjá lögreglu. Talið

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

var að möguleikinn á skaðabótum gæti ekki talist réttarlegt úrræði sem skæri úr um lögmæti frelsisskerðingarinnar. Hafði kærandi því ekkert raunhæft úrræði og því hefði verið brotið gegn 4. mgr. 5. gr.

Dómstóllinn benti á að kærandi var í haldi lögreglu án þess að vera leiddur fyrir dómara í að minnsta kosti 7 sólarhringa. Ekki var fallist á það að nauðsynlegt hefði verið að halda kæranda svo lengi án þess að hann væri leiddur fyrir dómara. Því hefði verið brotið gegn 3. mgr. 5. gr.

Um 6. gr.: Dómstóllinn benti á að herdómari sem dæmði í máli kæranda hefði vikið sæti 23. júní 1999. Það eitt að hann viki sæti undir lok réttarhaldanna gat hins vegar ekki talist nægilegt til þess að losa kæranda við þann eðlilega ótta að dómstóllinn væri hvorki sjálfstæður né óvilhallur. Hafði því verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. að þessu leyti.

Dómstóllinn taldi að kærandi hefði ekki fengið réttláta málsmeðferð, einkum vegna eftirtalinna ágalla: hann hafði enga lögmannastöð þegar hann var yfirheyrður í haldi lögreglu, hann gat ekki átt samskipti við lögmenn sína í einrúmi, hann gat ekki sjálfur fengið beinan aðgang að gögnum málsins fyrr en á síðustu stigum þess, takmarkanir voru gerðar á því hversu oft og hversu lengi lögmenn hans máttu heimsækja hann og jafnframt var lögmönnum hans ekki gefinn fullnægjandi aðgangur að gögnum málsins fyrr en á síðari stigum málsmeðferðar. Yfirdeildin komst að þeirri niðurstöðu að áhrif þessara þátta í heild sinni takmörkuðu svo getu kæranda til að halda uppi vörnum að brotið hefði verið gegn meginreglunni um réttláta málsmeðferð. Taldist þetta því brot á 1. mgr. 6. gr., sbr. b- og c-lið 3. mgr. 6. gr. Yfirdeildin taldi ekki nauðsynlegt að kanna önnur kærufni varðandi málsmeðferðina á grundvelli 6. gr.

Um 2. og 3. gr.: Dómstóllinn benti á að dauðarefsing hefði verið aflögð í Tyrklandi og dómur kæranda verið mildaður í lífstíðarfangelsi. Að auki fullgilti Tyrkland 6. viðauka sáttmálans um afnám dauðarefsingar 12. nóvember 2003. Því var ekki brotið gegn 2. eða 3. gr. varðandi framkvæmd dauðarefsingar.

Dómstóllinn tók fram að dauðarefsing á friðartímum væri form refsingar sem ekki teldist lengur ásættanlegt með tilliti til 2. gr. Sú staðreynd að enn hefðu nokkur aðildarríkjá ekki enn undirritað eða fullgilt 13. viðauka varðandi afnám dauðarefsingar undir öllum kringumstæðum gæti komið í veg fyrir að dómstóllinn kæmist að þeirri niðurstöðu að það væri almennt viðurkennt af aðildarríkjum að framkvæmd dauðarefsingar væri ómannleg og vanvirðandi meðferð sem bryti í bága við 3. gr., þar sem frávik frá þeirri grein væru ekki heimil jafnvel á stríðstímum. Hins vegar væri ekki nauðsynlegt að taka beina afstöðu til þessa álítaefnis þar sem það væri gagnstætt sáttmálanum að framkvæma dauðarefsingu í kjölfar óréttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, jafnvel þótt 2. gr. yrði túlkuð svo að hún heimilaði enn dauðarefsingu.

Dómstóllinn taldi að væri dauðadómur kveðinn upp þegar sakborningur hefði ekki hlotið réttláta málsmeðferð þá væri honum gefin ástæða til að óttast aftöku.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Óttinn og óvissan um framtíðina sem dauðadómur hefði í för með sér, við aðstæður þar sem voru raunverulegar líkur á að dóminum yrði fullnægt, ylli viðkomandi óhjákvæmilega talsverðri sálarkvöl. Slíka sálarkvöl væri ekki hægt að skilja frá þeirri óréttlátu málsmeðferð sem á undan hefði gengið, í ljósi þess að mannlíf var í veði. Yfirdeildin benti á að dauðadómum hefði ekki verið fullnægt í Tyrklandi síðan 1984 og að í máli kæranda hefði tyrkneska ríkið farið eftir tilmælum dómstólsins um frestun framkvæmdar ákvörðunar, skv. reglu 39 í málsmeðferðarreglum dómstólsins, og frestað aftökunni. Jafnframt var bent á að skýrsla kæranda hafði ekki verið send þinginu til að samþykkja dauðarefsinguna, eins og stjórnarskrá Tyrklands gerði ráð fyrir á þeim tíma.

Hins vegar var yfirdeildin sammála deildinni um að ferill kæranda sem stofnanda og leiðtoga PKK, samtaka sem staðið hefðu fyrir ofbeldisherferð og valdið mörg þúsund dauðsföllum, hefði gert hann að eftirlýstasta manni Tyrklands. Í ljósi þess að kærandi hafði verið sakfelldur fyrir alvarlegustu glæpi tyrkneskra hegningarlaga og í ljósi hins almenna pólitíska andrúmslofts í Tyrklandi – áður en ákvörðunin var tekin um að leggja niður dauðarefsingu – varðandi það hvort kærandi skyldi líflátinn, mátti telja að raunveruleg hætta væri á því að dóminum yrði framfylgt. Hin raunverulega ógn stóð yfir í meira en þrjú ár allt þar til öryggisrétturinn mildaði dóminn í ævilangt fangelsi þann 3. október 2002.

Því komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að uppkvaðning dauðadóms í kjölfar óréttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og af dómstóli sem hvorki var tryggt að væri sjálfstæður né hlutlaus teldist ómannúðleg meðferð og bryti gegn 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi ekki sannað að handtaka eða aðstæður kæranda við flutning hans frá Kenýa til Tyrklands hefði valdið honum meiri niðurlægingu en almennt felst í handtöku og fangelsisvist, né hefði verið beitt slíkri hörku að 3. gr. hefði verið brotin. Því hefði ekkert brot á 3. gr. átt sér stað hvað þetta varðar. Þótt dómstóllinn tæki undir tilmæli nefndar Evrópuráðsins gegn pyndingum um að milda mætti langtímaáhrif félagslegrar einangrunar kæranda með því að veita honum sams konar aðstöðu og öðrum föngum sem sæta hámarksöryggisgæslu í Tyrklandi, t.d. að sjá sjónvarp og hafa símasamband við fjölskyldu sína, var yfirdeildin sammála deildinni að ástand vistunaraðstöðunnar þar sem kæranda var haldið hafi ekki verið svo slæmt að 3. gr. teldist hafa verið brotin. Var því ekki brotið gegn 3. gr. hvað þetta varðar.

Um 34. gr.: Yfirdeildin benti á að ekkert gæfi til kynna að kæranda hefði verið meinað að neyta kæruréttar síns. Þótt tyrkneska ríkið hefði ekki lagt fram þau gögn sem dómstóllinn hafði áður óskað eftir hindraði það ekki að kærandi gæti sett fram kærur sínar vegna refsímálsins sem hafði verið höfðað gegn honum. Var því ekki brotið gegn 34. gr.

Um 46. gr.: Yfirdeildin ítrekaði að það væri á forræði hvers ríkis, undir eftirliti ráðherranefndarinnar, hvaða úrræðum ríkið beitti til að uppfylla skyldur sínar skv. 46. gr. sáttmálans. Í undantekningartilvikum hefði dómstóllinn þó bent á úrræði sem hann teldi heppileg til að bregðast við kerfislægum vandamálum í aðildarríkjum og

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Þannig hjálpað ríkjum að uppfylla skyldur sínar skv. 46. gr. Í slíkum tilfellum legði dómstóllinn almennt til ýmis úrræði og eftirléti viðkomandi ríki val um hvaða leið væri farin. Í öðrum undantekningartilvikum væru eðli brotsins þannig að um ekkert raunverulegt val á úrræðum væri að ræða og benti dómstóllinn þá á eina mögulega úrræðið.

Yfirdeildin ítrekaði jafnframt að hvað snerti mál gegn Tyrklandi varðandi sjálfstæði og hlutleysi öryggisdómstóla þeirra hefði dómstóllinn í vissum tilvikum beint þeim tilmælum til ríkisins að það úrræði sem væri mest viðeigandi væri að réttað skyldi aftur yfir kæranda ef hann svo óskaði. Yfirdeildin benti á að þegar einstaklingur hefur verið sakfelldur af dómstóli sem uppfyllti ekki kröfur um sjálfstæði og hlutleysi, væru ný réttarhöld, ef krafa kæmi fram um þau, besta leiðin til að bæta fyrir brotið. Hins vegar yrði við ákvörðun um það hvaða úrræði ríkið beitti til að uppfylla skyldur sínar skv. 46. gr. að líta til málsatvika hverju sinni og niðurstöðu dómstólsins í því máli.

Dómstóllinn taldi að niðurstaða hans um að réttindi kæranda skv. 3., 5. og 6. gr. hefðu verið brotin fælu í sér nægilegar bætur til kæranda. Jafnframt voru kæranda dæmdar 120.000 evrur á grundvelli 41. gr. fyrir málskostnaði.

Sjö dómarar skiluðu séráliti.

Vetter gegn Frakklandi

Dómur frá 31. maí 2005

Mál nr. 59842/00

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Hleranir lögreglu. Jafnræði málsaðila.

Claes o.fl. gegn Belgíu

Dómur frá 2. júní 2005

Mál nr. 46825/99, 47132/99, 47502/99, 49010/99, 49104/99, 49195/99 og 49716/99

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

14. gr. Bann við mismunun

Refsiábyrgð ráðherra. Sérdomstólar.

1. Málsatvik

Kærendur voru sjö, sex eru belgískir ríkisborgarar en einn franskur ríkisborgari. Voru þeir allir saksóttir fyrir brot er vörðuðu samninga vegna opinberra innkaupa. Kærendur eru Willy Claes, fyrrverandi framkvæmdastjóri NATO og ráðherra, Guy Coëme, fyrrverandi ráðherra og þingmaður fulltrúadeildar belgíska þingsins, Alfons Puelinckx, Luc Wallyn, Auguste Merry Hermanus, Johan Delanghe og Serge Dassault. Mál kæranda voru öll dæmd af áfrýjunardómstóli sem dæmdi í málinu á fyrsta dómstigi skv. 103. gr. stjórnarskrár Belgíu með vísan til þess að tveir þeirra

gegndu embætti ráðherra þegar meint brot þeirra voru framin. Mál annarra kærenda voru einnig rekin fyrir sama dómstól á þeirri forsendu að um tengd brot væri að ræða.

Coëme var ákærður og saksóttur fyrir spillingu í opinberu starfi vegna milligöngu sinnar um gerð samnings um sölu þyrlna til belgíska hersins. Var því haldið fram að hann hefði árið 1988 veitt tilboði ítalsks fyrirtækis forgang, og þegið í staðinn greiðslu til Sósíalístaflokksins. Claes var einnig ákærður og saksóttur fyrir spillingu í starfi. Var því haldið fram að hann hefði árið 1989 greitt fyrir samningsgerð við tiltekinn aðila um kaup á sérstökum rafeindakerfum fyrir flugdeild belgíska hersins. Í skiptum fyrir það var hann talinn hafa þegið greiðslu umboðslauna til Sósíalístaflokksins. Með dómi áfrýjunardómstólsins frá 23. desember 1998 var Claes sakfelldur og dæmdur í þriggja ára skilorðsbundið fangelsi. Kærendurnir Coëme og Puelinckx voru dæmdir í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi. Áfrýjunardómstóllinn dæmdi ennfremur Wallyn, Hermanus og Delanghe í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi. Áfrýjunardómstóllinn dæmdi Dassault í átján mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að þola upptöku 51.331.981 belgískra franka og 10.000.000 franska franka.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendurnir Claes og Coëme töldu að þar sem ekki hefði verið fyrir hendi lagaákvæði um meðferð mála sem höfðuð voru skv. 103. gr. belgísku stjórnarskrárinnar, hefði meðferð mála þeirra og dómurinn ekki hvílt á grundvelli nægilega aðgengilegra og fyrirsjáanlegra lagareglna.

Aðrir kærendur kærðu sameiningu mála sinna við mál Claes og Coëme. Með sameiningunni höfðu mál þeirra hlotið sérstaka málsmeðferð skv. 103. gr. stjórnarskrárinnar, án þess að þeir hefðu nokkurn tíma gegnt ráðherraembætti.

Puelinckx hélt því ennfremur fram að myndir sem fjölmiðlar höfðu tekið af honum í fylgd fangelsisstarfsmanna og birtar voru opinberlega, hefðu verið til þess fallnar að gefa til kynna að hann væri sekur. Taldi hann að myndirnar hefðu náðst af honum vegna vanrækslu fangelsisstarfsmanna.

Kærurnar voru byggðar á 1. mgr. og 2. mgr. 6. gr. og 14. gr. MSE.

Niðurstaða

Um 6. og 14. gr.:

Claes og Coëme: Dómstóllinn tók fram að flest þeirra álitamála sem uppi væru í málum kærenda hefðu áður komið til úrlausnar hjá honum, sbr. dóm frá 22. júní 2000 í máli *Coëme o.fl. gegn Belgíu*. Álitaefnin sem deilt var um í því máli varðandi málsmeðferð belgískra dómstóla í svokölluðu Inusop-máli höfðu að mati Mannréttindadómstólsins verið leyst af þar til bærum stjórnvöldum, sérstaklega með forðæmisgefandi dómi áfrýjunardómstólsins árið 1996. Af þessu leiddi að mati dómstólsins að Claes og Coëme hefði verið fært, að minnsta kosti með aðstoð lögfræðinga sinna eða annarra ráðgjafa, að hafa hliðsjón af Inusop-málinu hvað varðaði

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

skýringar dómstóla á viðeigandi lagaákvæðum í tengslum við málsmeðferð mála skv. 103. gr. belgísku stjórnarskrárinnar. Með vísan til þessa taldi dómstóllinn ekkert benda til þess að kærendur hefðu haft lakari stöðu en ákærvaldið við málsmeðferðina. Þá var jafnræði þeirra við málsmeðferðina ekki talið hafa verið takmarkað á annan hátt. Með vísan til þess taldi dómstóllinn 6. gr. MSE ekki hafa verið brotna.

Hinir fimm kærendurnir: Dómstóllinn endurtók að í dómi hans í málinu *Coëme o.fl.* hefði verið talið að 103. gr. stjórnarskrár Belgíu heimilaði að réttað væri yfir ráðherrum í undantekningartilvikum fyrir áfrýjunardómstólnum. Hins vegar væri engin lagaheimild fyrir því að ákvæðið væri notað til að rétta yfir einstaklingum sem aldrei hefðu gegnt ráðherraembætti, vegna tengdra brota. Þar sem ekkert lagaákvæði var fyrir hendi sem heimilaði slíka sameiningu mála fyrir áfrýjunardómstólnum, taldi dómstóllinn að skipun hans hefði ekki verið samkvæmt lögum í skilningi 6. gr. MSE hvað varðaði þessa kærendur. Hafði áfrýjunardómstóllinn því ekki lögsögu í málum þeirra. Var því brotið gegn 1. mgr. 6. gr. Í ljósi þessarar niðurstöðu taldi dómstóllinn ekki nauðsynlegt að fjalla um kærur varðandi 6. gr. og 14. gr. saman.

Um 2. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn taldi kæru Puelinckx ekki varða beint aðgerðarleysi stjórnvalda við að virða rétt kæranda skv. 2. mgr. 6. gr. Rök kæranda voru þau að brotið hefði verið óbeint gegn ákvæðinu með því að stjórnvöld hefðu stuðlað að ágangi fjölmiðla, meðal annars með því að leyfa að hann sæist í handjárnnum eða umkringdur lögreglumönnum. Myndirnar sem kærandi lagði fram fólu að mati dómstólsins ekki í sér sönnun þess að fangelsisstarfsmenn hefðu auðveldað töku mynda af kæranda, eða ýtt undir ágang fjölmiðla. Þá tók dómstóllinn fram að ekki hefði verið sýnt fram á að fjölmiðlar hefðu á nokkurn hátt getað haft áhrif á niðurstöðu máls þess sem rekið var gegn honum fyrir dómstólum. Var því ekki brotið gegn 2. mgr. 6. gr.

Hvað varðaði Dassault, Wallyn, Puelinckx, Hermanus og Delanghe taldi dómstóllinn að belgíska ríkinu bæri að fallast á kröfu kæranda um endurupptöku mála sinna eða málum þeirra yrði vísað til nýrrar málsmeðferðar fyrir dómstólum. Yrði það ekki gert skyldi Belgía greiða Puelinckx, Wallyn og Delanghe 7.500 evrur í miskabætur og 8.000 evrur í málskostnað og útgjöld.

Tveir dómáramur skilufu séráliti.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)

Chmelíř gegn Tékklandi

Dómur frá 7. júní 2005

Mál nr. 64935/01

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Hæfi dómara í refsímáli.

1. Málsatvik

Kærandi, Martin Chmelíř, er tékkneskur ríkisborgari, fæddur árið 1973. Þann 12. febrúar 1998 var hann handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Þann 3. mars 1998 var hann ásamt tveimur meðákærðum sakfelldur fyrir ýmis brot, þar á meðal rán og ólöglegan vopnaburð. Hann var dæmdur í átta ára fangelsi. Kærandi áfrýjaði málinu. Í desember 1999 óskaði kærandi eftir því að M.V., forseti dómsins, viki sæti þar sem hann hefði áður átt í nánu sambandi við dómara. Þann 15. febrúar 2000 sektaði M.V. kæranda um fjárhæð sem nemur 1.674 evrum þar sem hann hefði móðgað réttinn með ósönnum ásökunum sem væru ósvífin árás á M.V. og ætlaðar til að tefja gang málsins.

Í millitíðinni, þann 7. febrúar 2000, höfðaði kærandi einkamál á hendur M.V. fyrir brot gegn persónu hans en krafan náði ekki fram að ganga. Annarri kröfu um að M.V. viki sæti var einnig hafnað á þeim grundvelli að hún fæli í sér töf og nýja árás á mannorð dómans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að réttindi sín skv. 1. mgr. 6. gr. hefðu verið brotin þar sem hlutleysi þeirra dómara sem fóru með mál hans á áfrýjunarstigi hefði ekki verið tryggt.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn benti á að þegar kærandi höfðaði málið á hendur M.V. sat M.V. sem dómsformaður í refsímáli gegn honum. Voru málin til meðferðar samtímis í dómskerfinu í meira en sjö mánuði. Af þeirri ástæðu væri ekki hægt að útiloka að kærandi hefði ástæðu til að óttast að M.V. liti á sig sem andstæðing. Ótti kæranda jókst við ákvörðun M.V. um að sekta hann. Dómstóllinn féllst á að innlendir dómstólar hefðu rétt til að beita málsaðila agaviðurlögum. Í þessu máli taldi dómstóllinn hins vegar að það hefði ekki verið hegðun kæranda sem gaf tilefni til sektarinnar heldur það að hann móðgaði dóminn. Þó svo að sú móðgun hefði stafað af árás á dómsforsetann var hegðun kæranda metin af þessum sama dómara út frá hans eigin persónulegu afstöðu þar sem honum fannst hann sérstaklega gerður að skotmarki og móðgaður. Því var talið að hans eigin skynjun, mat á staðreyndum og dómgreind hefði komið til þegar úrskurðað var um hvort dómurinn hefði verið móðgaður í þessu tilviki. Dómstóllinn tók einnig tillit til þess hversu þung refsing var lögð á kæranda, en hann fékk hámarkssekt og var varaður við því að litið yrði á frekari árásir af sama meíði sem lögbrot. Dómstóllinn taldi þessi atriði lýsa sterkum viðbrögðum dómans við hegðun kæranda.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Undir þessum kringumstæðum taldi dómstóllinn að ótti kæranda um að M.V. væri ekki óvilhallur hefði verið á rökum reistur. Dómurinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að réttindi kæranda skv. 1. mgr. 6. gr. hefðu verið brotin.

Talið var að niðurstaða dómsins fæli í sér nægilegar miskabætur til kæranda en honum voru einnig dæmdar 1.000 evrur fyrir málskostnaði á grundvelli 41. gr. (Dómurinn er aðeins til á frönsku.)

Krasuski gegn Póllandi **Dómur frá 14. júní 2005**

Mál nr. 61444/00

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

1. Málsatvik

Kærandi, Krasuski, var pólskur ríkisborgari, fæddur 1943 og lést í desember 2004. Ekkja hans fékk leyfi til að halda máli hans áfram fyrir dómstólnum. Þann 1. febrúar 1996 stefndu kærandi og eiginkona hans eigendum fyrirtækis sem þau höfðu gert verksamning við um byggingarvinnu á húsi þeirra. Þau kröfðust skaðabóta vegna skemmda sem verktakinn hafði valdið á húsinu. Þann 13. mars og 27. júní 1996 fyrirskipaði dómari að matsgerðar yrði aflað hjá dómkvöddum matsmönnum. Var matsgerðin lögð fram í málinu 4. nóvember 1996. Kærendur mótmæltu matsgerðinni og í kjölfarið var óskað endurskoðunar á henni. Staðfestu matsmennirnir matsgerðina 26. janúar 1997. Þann 17. júlí 1997 breyttu kærendur kröfugerð sinni í skaðabótamálinu. Þann 31. mars 1998 var matsmönnum fyrirskipað að framkvæma viðbótarmatsgerð. Var byggt á því af hálfu gagnaðila málsins að kærendur hefðu breytt kröfugerð sinni. Þann 19. nóvember 1998 vísaði dómurinn málinu frá.

Áfrýjunardómstóll ómerkti frávísunardóminn 18. maí 1999 og vísaði málinu heim til nýrrar efnismeðferðar. Þann 30. september 1999 fyrirskipaði undirréttur öflun tveggja nýrra matsgerða sem lagðar voru fram 20. febrúar 1999. Þann 11. október 2001 dæmdi undirréttur kæranda 50.000 pólskar slotur í bætur. Kærandi áfrýjaði dóminum. Áfrýjunardómstóll vísaði áfrýjun kæranda frá 20. júní 2002.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að dómsmál hans hefði ekki fengið meðferð innan hæfilegs tíma og brotið hefði verið gegn rétti hans skv. 1. mgr. 6. gr. Þá hélt hann því fram að honum hefði ekki staðið til boða raunhæft úrræði samkvæmt pólskum lögum vegna þeirrar óhófluga löngu málsmeðferðar sem mál hans fékk fyrir pólskum dómstólum. Taldi hann því einnig brotið gegn 13. gr.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Meðferð máls kæranda varaði í nær sex ár og fimm mánuði. Dómstóllinn féllst á það með pólska ríkinu að málið væri flókið og að nauðsynlegt hefði verið að afla matsgerða dómkvaddra matsmanna. Þá féllst dómstóllinn á að mál kæranda fyrir innlendum dómstólum hefði verið nokkuð flókið enda þurfti að afla sérfræðilegra sönnunargagna í upphafi og tvisvar aftur þegar málið var aftur tekið til nýrrar meðferðar fyrir undirrétti. Þrátt fyrir þetta féllst dómstóllinn ekki á þau rök ríkisins að rekja mætti tafir á málsmeðferð til atvika er vörðuðu kæranda. Þvert á móti virtist ástæðan fyrir því að kærandi breytti kröfum sínum við meðferð málsins stafa af þeim breytingum sem urðu á mati sérfræðinga undir rekstri málsins. Þannig var ekki fallist á að kærandi hefði misnotað réttarfarsleg úrræði sín, heldur fremur að aðgerðir hans hefðu verið lögmætar til að tryggja rétt hans.

Hvað varðaði meðferð málsins fyrir innlendum dómstólum tók dómstóllinn fram að á þeim tíma sem var til skoðunar fór mál kæranda fjórum sinnum fyrir dómstóla. Þinghöld voru haldin reglulega og tafir á meðferð málsins stöfuðu af öflun matsgerða dómkvaddra matsmanna og skýrslutöku þeirra. Meðferð máls kæranda var því talin fullnægja kröfum 6. gr.

Með vísan til málsatvika taldi dómstóllinn að lengd málsmeðferðarinnar hefði verið hæfileg og því ekki brotið gegn 1. mgr. 6. gr.

Um 13. gr.: Dómstóllinn tók fram að 13. gr. tryggi að tiltæk séu innlend úrræði til að fá framfylgt réttindum sem sáttmálinn mælir fyrir um. Þannig á 13. gr. að tryggja innlend úrræði sem taka efnislega á ágreiningi um brot á ákvæðum sáttmálsans.

Ríkið byggði á því að ákvæði 417. gr. pólsku borgaralögbókarinnar tryggði nægilega rétt kæranda en samkvæmt henni var unnt að krefjast bóta af ríkinu vegna tjóns sem opinberir starfsmenn yllu í starfi sínu. Í sambærilegum málum sem vörðuðu Pólland hafði Mannréttindadómstóllinn áður talið að ákvæði skv. 417. gr. borgaralögbókarinnar veitti ekki raunhæft úrræði í skilningi 13. gr. Ákvæði 417. gr. borgaralögbókarinnar hafði verið breytt 2004 þannig að bótaskylda ríkisins var rýmkuð. Dómstóllinn taldi breytinguna fela í sér nýja réttarstöðu. Rétturinn til að fá bætur vegna óhóflega langrar málsmeðferðar hefði nú skýra lagastoð og sá vafi sem áður var á því hvort ákvæði 417. gr. næði til krafna vegna brots á rétti til málsmeðferðar fyrir dómstólum innan hæfilegs tíma væri nú ekki lengur fyrir hendi.

Kærandi hafði ekki mótmælt því að úrræðið væri tiltækt, heldur aðeins að það væri ekki skilvirkt. Það virtist, að mati dómstólsins, ekki liggja fyrir neitt sem styddi þau rök kæranda að það úrræði sem 417. gr. mælti fyrir um væri óljóst. Þau rök að engin framkvæmd væri komin á ákvæðið gæti ekki haft úrslitaáhrif á hvort það teldist skilvirkt, enda væri það tiltölulega nýtt og því eðlilegt að framkvæmd þess væri enn óljós. Dómstóllinn féllst á með kæranda að skilvirkni úrræðisins væri háð því hvernig pólskir dómstólar tækju á málum samkvæmt ákvæðinu, sérstaklega með tilliti til þess tíma sem það tæki að fá úr málum skorið fyrir þeim samkvæmt því. Það var ennfremur rétt að fjárhæð bóta sem dæmd yrði af innlendum dómstólum fæli einnig í sér mikilvægan mælikvarða um hvort úrræðið fullnægði kröfum 13. gr. Hins

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

vegar gæti vafi um skilvirkni úrræðisins einn ekki komið í veg fyrir að kærandi ætti kost á því. Dómstóllinn gæti ekki gert ráð fyrir að pólskir dómstólar veittu ekki hinu nýja ákvæði fullt gildi og áhrif.

Með vísan til þessa komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að frá 17. september 2004, þegar umrædd lög höfðu tekið gildi, hefði málshöfðun vegna tafa á meðferð málsins skv. 417. gr. borgaralögbókarinnar öðlast stöðu sem raunhæft úrræði í skilningi 13. gr. Taldi dómstóllinn því ekki brotið gegn 13. gr.

Einn dómari skilaði séráliti.

Storck gegn Þýskalandi

Dómur frá 16. júní 2005

Mál nr. 61603/00

Sjá reifun dómsins undir 5. gr.

Nauðungarvistun. Andleg vanheilsa. Læknismeðferð.

Teteriny gegn Rússlandi

Dómur frá 30. júní 2005

Mál nr. 11084/02

Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka

Fullnusta dóma. Hugtakið eign.

7. gr. Engin refsing án laga

K.A. og A.D. gegn Belgíu

Dómur frá 17. febrúar 2005

Mál nr. 42758/98 og 45558/99

7. gr. Engin refsing án laga

8. gr. Friðhelgi einkalífs

Fyrirsjáanleg beiting refsíákvæða. Kynlífsathafnir.

1. Málsatvik

Kærendur K.A. og A.D. eru belgískir ríkisborgarar, fæddir 1945 og 1949. Á þeim tíma sem málsatvik urðu voru K.A., sem var þá dómari, og A.D., sem er læknir, ásamt eiginkonu K.A., fastagestir í kvalalosta- og sjálfspíslarklúbbsi. Lögreglurannsókn hófst á rekstri klúbbsins sem leiddi til þess að rannsókn beindist að kærendum.

Þann 30. september 1997 sakfelldi dómstóll í Antwerpen kærendur fyrir líkamsárás sem leiddi til líkamstjóns. Var K.A. ennfremur sakfelldur fyrir hvatningu til ósiðlegrar háttsemi. K.A. var dæmdur til eins árs fangelsisvistar og sektaður um 100.000 belgíska franka eða 2.478 evrur, hvort tveggja skilorðsbundið, ásamt öðrum viðurlögum, m.a. sviptingu heimildar til að framkvæma opinberar skyldur, störf eða embætti til 5 ára. A.D. var dæmdur til eins mánaðar fangelsisvistar og sektaður um 7.500 belgíska franka eða 185 evrur, hvort tveggja skilorðsbundið.

Í dóminum var vísað til þess að um væri að ræða afar ofbeldisfullar athafnir, sem framkvæmdar voru í húsnæði sem sérstaklega hafði verið leigt og útbúið til þeirra. Þá voru umræddar athafnir bannaðar í þeim kvalalosta- og sjálfspíslarklúbbsi sem K.A. og eiginkona hans höfðu áður stundað reglulega. Af myndbandsupptökum sem lagt var hald á við rannsóknina mátti sjá hve mikil grimmd einkenndi athafnirnar, sem og hvernig kærendur höfðu haft að engu endurteknar beiðnir fórnarlamba sinna um að stöðva þær. Dómstóllinn taldi umræddar athafnir svo alvarlegar, átakanlegar, ofbeldisfullar og grimmar að þær græfu undan rétti einstaklinganna til virðingar. Talið var sýnt fram á að K.A. hefði, með því að hafa frumkvæði að því við stjórnendur tiltekens kvalalosta- og sjálfspíslarklúbbs að eiginkona hans yrði þar ráðin til starfa sem „þræll“ í sérstaklega ofbeldisfullum athöfnum, gerst sekur um hvatningu til ósiðlegs athæfis og vændis enda mætti jafna athöfnunum til þeirrar háttsemi. Þá hefði hann veitt þegjandi samþykki sitt við því að birtar yrðu einkamálaauglýsingar í framangreindu markmiði. Ennfremur hefði hann um nokkurra mánaða skeið veitt eiginkonu sinni aðstoð með því að keyra hana til og frá umræddum klúbbsi, og taka við tekjum hennar.

Með tilliti til þess að K.A. hafði með framangreindum brotum grafið verulega undan virðingu embættis síns sem dómari vék æðri áfrýjunardómstóll honum úr embætti 25. júní 1998.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæurnar voru lagðar fram við Mannréttindanefnd Evrópu og sendar dómstólnum 1. nóvember 1998. Í ákvörðun deildar dómstólsins 23. maí 2002 var ákveðið að sameina kæurnar og þær lýstar að hluta til ótækar til efnismeðferðar. Með ákvörðun deildar dómstólsins 15. september 2003 voru aðrir hlutar kæranna lýstir tækir til efnismeðferðar.

Kæran

Kærendur töldu m.a. að sakfelling þeirra bryti gegn 7. gr. þar sem hún hefði ekki verið fyrirsjáanleg í ljósi framkvæmdar þeirra refsíákvæða sem hún byggðist á. Jafnframt hefði með sakfellingunni verið brotið gegn rétti þeirra til friðhelgi einkalífs skv. 8. gr. MSE.

Niðurstaða

Um 7. gr.: Dómstóllinn tók fram að það væri ekki hans hlutverk að fjalla um refsíabyrgð kærenda, það félli að meginstefnu undir mat innlendra dómstóla. Hins vegar félli það undir lögsögu dómstólsins að kanna hvort til staðar hefði verið refsiheimild sem gerði verknað þann, sem kærendur voru sakfelldir fyrir, refsiverðan að landslögum eða þjóðarétti á þeim tíma sem framinn var.

Kærendur drógu ekki í efa gildi refsiheimilda sem sakfelling þeirra byggðist á. Þeir héldu því hins vegar fram að í frjálssu samfélagi, þar sem ýmsar kynferðislegar athafnir væru látnar óáreitnar af hinu opinbera, gætu athafnir þeirra ekki verið taldar hneykslanlegar eða ósiðlegar af hinum almenna borgara. Kærendur héldu því fram að refsíabyrgð þeirra hefði ekki verið fyrirsjáanleg þar sem engin fordæmi væri að finna fyrir refsínæmi sambærilegrar háttsemi. Dómstóllinn taldi að þótt fordæmi lægju ekki fyrir gæti það ekki komið í veg fyrir sakfellingu kærenda á grundvelli refsíákvæðanna. Hvað varðaði þá röksemd kærenda að samþykki fórnarlamba þeirra gerði háttsemina lögmæta, tók dómstóllinn fram að K.A. sem dómara hefði mátt vera ljóst að samþykki fórnarlamb hefur ekki þýðingu við mat á refsínæmi verknaðar eða um sekt geranda. Gæti samþykki því ekki leyst hann undan ábyrgð.

Að mati dómstólsins þurfti að íhuga tvo þætti. Í fyrsta lagi virtust kærendur ekki hafa fylgt reglum sem almennt voru taldar gilda um slíkar athafnir. Fyrir utan töluverða neyslu áfengis, sem olli því að kærendur höfðu litla stjórn á athöfnunum, höfðu þeir einnig haft að engu áköll fórnarlamba sinna um að hætta athöfnunum. Voru þær ekki einu sinni stöðvaðar þegar fórnarlömbin notuðu tiltekin orð, sem fyrirfram voru ákveðin af þátttakendum, og gefa áttu til kynna að athöfnunum skyldi hætt. Í öðru lagi höfðu kærendur leigt húsakynni í einkaeigu sérstaklega til framangreindra athafna þar sem þeim var kunnugt að athæfið sem þeir hugðust stunda var bannað samkvæmt reglum þeirra kvalalosta- og sjálfspíslarhvataklúbba sem þeir áður sóttu. Undir þessum kringumstæðum gat kærendum ekki hafa dulist að þeir áttu á hættu að verða saksóttir fyrir líkamsárás. Þá var lögð áhersla á stöðu kærenda, þ.e. að um var að ræða lækni og lögfræðing.

Með tilliti til þess að kærendur höfðu tækifæri til að halda uppi vörnum fyrir innlendum dómstólum, sem höfðu rökstutt niðurstöður sínar hvað þetta varðaði á

7. gr. Engin refsing án laga

fullnægjandi hátt, taldi Mannréttindadómstóllinn að belgískir dómstólar hefðu ekki farið út fyrir mörk skynsamlegrar túlkunar á viðeigandi refsíákvæðum í umræddu máli. Var það einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 7. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi að réttinn til að eiga í kynferðislegu sambandi mætti leiða af sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins yfir eigin líkama sem verndaður væri af 8. gr. Af þessu leiddi að refsilöggjöf tæki almennt ekki til kynferðislegra athafna sem færu fram með upplýstu samþykki og vilja aðila. Því þyrftu sérstaklega alvarlegar ástæður að koma til svo að takmarkanir stjórnvalda í málefnum er varða kynhegðun manna væru réttlætanager á grundvelli 2. mgr. 8. gr. Taldi dómstóllinn, með tilliti til eðlis umræddra athafna, að sakfelling kærenda hefði falið í sér lögmeta takmörkun á rétti þeirra til einkalífs. Einstaklingar nytu frelsis til að taka þátt í kynferðislegum athöfnum, en sami réttur fórnarlambslíkra athafna setti því frelsi ákveðin takmörk. Kærandur höfðu ekki virt þann rétt fórnarlambanna.

Loforð kærenda um að stöðva umsvifalaust umræddar athafnir þegar fórnarlamb veitti ekki lengur samþykki sitt fyrir þeim var ekki virt. Þar að auki misstu kærandur alla stjórn á athöfnunum eftir því sem á þær leið.

Dómstóllinn féllst ekki á að refsingar kærenda og önnur viðurlög hefðu verið ósanngjörn.

Með tilliti til framangreinds taldi dómstóllinn belgísk stjórnvöld hafa haft réttmæta ástæðu til að telja saksókn og sakfellingu kærenda nauðsynlega í lýðræðislegu þjóðfélagi til verndar réttindum og frelsi annarra. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Musumeci gegn Ítalíu

Dómur frá 11. janúar 2005

Mál nr. 33695/96

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Fangelsisreglur. Aðgangur að dómstólum. Lagaheimild fyrir takmörkun bréfaskipta.

Sciacca gegn Ítalíu

Dómur frá 11. janúar 2005

Mál nr. 50774/99

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Myndataka í tengslum við opinbera rannsókn. Dreifing mynda.

1. Málsatvik

Kærandi, Carmela Sciacca, er ítalskur ríkisborgari, fædd 1948. Hún var kennari við einkaskóla sem átti fyrirtæki sem hún og aðrir kennarar skólans tengdust. Í kjölfar opinberrar rannsóknar á stjórnarháttum innan skólans var kærandi ákærð fyrir glæpsamlegt samsæri, skattsvik og skjalafals. Við rannsókn málsins útbjuggu skattrannsóknarmenn skýrslu um hana sem innihélt m.a. ljósmynd af henni og fingraför.

Eftir blaðamannafund 4. desember 1998 sem saksóknari og skattrannsóknarstjóri héldu, birtu tvö dagblöð greinar um ástæður ákærunnar. Með greininni fylgdu myndir af þeim fjórum konum sem höfðu verið handteknar og var kærandi ein þeirra. Myndin af kæranda, sem var birt fjórum sinnum, var sú sem skattrannsóknarmennirnir höfðu notað í skýrslunni og höfðu þeir dreift myndinni til fjölmiðla.

Kærandi var sakfelld fyrir þau brot sem hún var ákærð fyrir. Hún var dæmd til eins árs og tíu mánaða fangelsisvistar og sektuð um 300 evrur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn rétti hennar til friðhelgi einkalífs skv. 8. gr. þegar myndinni af henni var dreift á blaðamannafundinum.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að ljósmyndinni, sem tekin var í þeim tilgangi að setja í opinbera skýrslu, hafði verið dreift til fjölmiðla af skattrannsóknarmönnum. Engin löggjöf gildi um myndatöku af grunuðum brotamönnum og dreifingu þeirra til fjölmiðla, heldur var um að ræða svið þar sem venja hafði myndast.

Talið var að dreifing myndarinnar til fjölmiðla hefði falið í sér takmörkun á friðhelgi einkalífs kæranda. Þar sem ekki var mælt fyrir um takmörkunina í lögum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

skv. 2. mgr. 8. gr. komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda skv. 8. gr.

Talið var að niðurstaðan sjálf fæli í sér nægilegar bætur til kæranda vegna miska en kæranda voru dæmdar 3.500 evrur á grundvelli 41. gr. fyrir útlögðum kostnaði. (Dómurinn er aðeins til á frönsku.)

L.M. gegn Ítalíu

Dómur frá 8. febrúar 2005

Mál nr. 60033/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Húsleit. Úrræði til að fá skorið úr um lögmati aðgerða.

1. Málsatvik

Kærandi er ítalskur ríkisborgari, fædd 1956. Að morgni 11. september 1999 framkvæmdi lögregla leit á heimili hennar í samræmi við ákvæði löggjafar um almannaöryggi vegna gruns um að þar væri að finna ólögleg skotvopn. Var sonur kæranda grunaður um að hafa ólögleg skotvopn í fórum sínum en hann hafði áður komist í kast við lög.

Engir ólöglegir munir fundust á heimili kæranda. Lögregluskýrsla varðandi leitina var send skrifstofu saksóknara 13. september 1999 en hlaut ekki staðfestingu embættisins eins og skylt var samkvæmt lögum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kært var fyrir brot á 8. gr. og var kæran byggð á því að um ólögmeta leit á heimili kæranda hefði verið að ræða. Þá hélt kærandi fram að hún hefði engin raunhæf úrræði haft til að leita réttar síns vegna leitarinnar eða leggja fram kæru vegna hennar. Taldi hún að með því hefði verið brotið gegn 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Húsleitinn var talin fela í sér takmörkun á rétti kæranda til friðhelgi einkalífs og heimilis. Dómstóllinn tók fram að lagagrundvöll leitarinnar væri að finna í 41. gr. laganna um almannaöryggi, en samkvæmt þeim lögum þyrfti að fá staðfestingu saksóknara á skýrslum vegna leitar innan 48 klukkustunda frá því að hún var framkvæmd. Slíkrar staðfestingar væri krafist til að tryggja að athugun færi fram á því hvort um lögmeta leit hefði verið að ræða.

Í máli þessu var ljóst að saksóknaraembættið hafði brugðist skyldu sinni að kanna lögmati leitarinnar. Höfðu engar ástæður sem réttlættu þetta athafnaleysi komið fram. Var það einróma álit dómstólsins að brotið hefði verið gegn 8. gr. þar sem ákvæðum laganna í þessum efnum var ekki fylgt.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Um 13. gr.: Þar sem kærandi átti ekki kost á raunhæfum úrræðum á grundvelli ítalskra laga til að fá skorið úr um brot á réttindum hennar skv. 8. gr. taldi dómstóllinn að einnig hefði verið brotið gegn 13. gr.

Á grundvelli 41. gr. voru kæranda dæmdar 2.000 evrur í miskabætur og 3.000 evrur vegna kostnaðar og útgjalda.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)

K.A. og A.D. gegn Belgíu

Dómur frá 17. febrúar 2005

Mál nr. 42758/98 og 45558/99

Sjá reifun dómsins undir 7. gr.

Fyrirsjáanleg beiting refsíákvæða. Kynlífsathafnir.

Jankauskas gegn Litháen

Dómur frá 24. febrúar 2005

Mál nr. 59304/00

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Fangar. Bréfaskipti.

1. Málsatvik

Kærandi, Ramūnas Jankauskas, er litháenskur ríkisborgari, fæddur 1972 og býr í Litháen. Hann er fyrrverandi lögreglumaður. Þann 12. mars 1999, meðan kærandi gegndi enn starfi lögreglumanns, var hann handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um spillingu í opinberu starfi og misnotkun stöðu sinnar. Var talin hætta á því að hann reyndi að komast undan eða hafa áhrif á vitni. Þann 3. október 2000 var hann fundinn sekur um framangreind brot og dæmdur til átta ára fangelsisvistar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að meðan hann sat í gæsluvarðhaldi hefðu fangelsis-yfirvöld opnað og lesið bréfaskipti sín við litháensk stjórnvöld, óopinber samtök og einkaaðila svo sem fjölskyldu sína, ættingja og lögmann sinn. Kærandi taldi fangelsis-yfirvöld hafa brotið gegn rétti sínum til bréfaskipta skv. 8. gr. MSE þegar þau opnuðu og lásu meira en 360 bréfa hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fyrst fram að málið varðaði ekki meinta ritskoðun á bréfaskiptum kæranda við Mannréttindadómstóllinn sjálfan, en sá hluti kærunnar hafði verið lýstur ótækur til efnismeðferðar skv. 1. mgr. 35. gr. sáttmálans. Sá hluti kærunnar sem var tækur til efnismeðferðar varðaði bréfaskipti kæranda við stjórnvöld, samtök og einkaaðila á meðan hann var í varðhaldi.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Ríkisstjórn Litháen neitaði ekki að bréf kæranda hefðu verið ritskoðuð af fangelsisstjórnvöldum enda hefði það verið heimilt samkvæmt ákvæði þarlendralaga um gæsluvarðhald og reglum fangelsisins. Taldi hún ritskoðunina hafa verið nauðsynlega með tilliti til eðlis brota kæranda, stöðu hans og þeirra hagsmuna ríkisins að tryggja að kærandi yrði látinn svara til saka.

Dómstóllinn féllst á að mælt hefði verið fyrir um takmörkunina í lögum. Hvað varðaði nauðsyn takmörkunarinnar í lýðræðislegu þjóðfélagi gætu framangreindar röksemdir ríkisins að mati dómstólsins ekki réttlætt að fangelsisstjórnvöld skoðuðu kerfisbundið bréfaskipti kæranda eins og gert var. Átti þetta sérstaklega við um ritskoðun bréfaskipta við lögmann hans og bréf varðandi fangelsisvist hans og annað ótengt saksókn málsins gegn honum. Þegar á allt var litið taldi dómstóllinn ríkisstjórn Litháen ekki hafa gefið fullnægjandi skýringar á því af hverju takmörkun á rétti kæranda til bréfaskipta hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda skv. 8. gr. og dæmdi hann kæranda 1.000 evrur í miskabætur og 3.000 evrur í kostnað og útgjöld á grundvelli 41. gr.

Matheron gegn Frakklandi

Dómur frá 29. mars 2005

Mál nr. 57752/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Símhlerun. Lögmæti sönnunargagna.

1. Málsatvik

Kærandi, Robert Matheron, er franskur ríkisborgari, fæddur 1949. Árið 1993 var hann ákærður vegna ætlaðra alþjóðlegra fíkniefnavíðskipta. Sönnunargögn sem ákærvaldið hafði aflað í öðru refsímáli gegn öðrum sakborningi voru lögð fram í refsímáli kæranda. Kærandi hélt því fram að ekki væri heimilt að taka umrædd sönnunargögn til greina en ekki var fallist á kröfu hans. Var kærandi sakfelldur og dæmdur til 15 ára fangelsisvistar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs hans skv. 8. gr. þar sem sönnunargögn, sem fengin voru í tengslum við annað mál, voru notuð gegn honum. Þar sem kærandi var ekki aðili að því máli hefði hann ekki fengið tækifæri til að vefengja hvort formskilyrði laga varðandi símhlerunina hefðu verið uppfyllt.

Niðurstaða

Meginálitaefnið fyrir Mannréttindadómstólnum var að meta hvort kærandi hefði raunverulega möguleika á því að vefengja lögmæti símhlerunarinnar sem sönnunargagns í refsímáli gegn honum. Ljóst var að hann hafði ekki möguleika á að láta til

sín taka í því máli þar sem símhlerunin hafði verið heimiluð. Þá hefði æðri áfrýjunardómstóll í sambærilegum málum talið vald undirréttar takmarkað við athugun á því hvort framlagning sönnunargagna, sem fengin voru með símhlerunum, væri í samræmi við formákvæði laga.

Dómstóllinn benti á að löggjöf sem símhlerunarheimildin byggðist á væri í samræmi við ákvæði sáttmálans. Hins vegar taldi dómstóllinn að niðurstaða áfrýjunardómstólsins í máli kæranda og röksemdir fyrir henni takmörkuðu möguleika þeirra, sem þyrftu að sæta því að sönnunargögn sem aflað væri með símhlerunum í öðrum refsimálum og lögð fram í málum þeirra, til að fá skorð úr um lögætti aðgerða.

Með tilliti til málsvika allra taldi dómstóllinn að kærandi hefði ekki haft aðgang að skilvirkum úrræðum til að vefengja framangreind sönnunargögn. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 8. gr.

Kæranda voru á grundvelli 41. gr. dæmdar 3.500 evrur í miskabætur og 5.500 evrur í málskostnað og útgjöld.

Monory gegn Rúmeníu og Ungverjalandi

Dómur frá 5. apríl 2005

Mál nr. 71099/01

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Haag-samningur um brotnám barna. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

1. Málsatvik

Kærandi, György Monory, er ungverskur ríkisborgari, fæddur 1946 og býr í Ungverjalandi. Árið 1994 giftist hann C.M., sem hefur bæði ungerskan og rúmenskan ríkisborgararétt. Þann 16. febrúar 1994 fæddist þeim dóttirin V. Foreldrarir höfðu sameiginlega forsjá V samkvæmt ungverskum lögum og bjuggu í Ungverjalandi. Í desember 1998 heimsóttu kærandi og eiginkona hans fjölskyldu hennar í Rúmeníu. Kærandi sneri aftur til Ungverjalands, en C.M. varð eftir í Rúmeníu með V og lofaði að snúa aftur til Ungverjalands fyrir 30. janúar 1999.

C.M. sótti um skilnað frá kæranda 4. janúar 1999 fyrir dómstól í Rúmeníu og krafðist forsjár yfir V og framfærslueyris. Þann 17. janúar 1999 tilkynnti hún kæranda símleiðis að hún hefði ákveðið að búa framvegis í Rúmeníu, og myndi ekki leyfa kæranda að ferðast með V til Ungverjalands. Undirréttur í Rúmeníu ákvað 8. október 2003 að heimili V skyldi vera hjá C.M. þar til niðurstaða væri fengin í skilnaðarmáli kæranda og dæmdi kæranda einnig til að greiða framfærslueyri með dóttur sinni. Ennfremur veitti undirrétturinn kæranda rétt til að heimsækja V. Þessi ákvörðun varð endanleg 19. febrúar 2004.

Í millitíðinni, eða 20. janúar 1999, hafði kærandi lagt fram kröfu um það við ungerska dómsmálaráðuneytið, að dóttir hans yrði flutt til Ungverjalands á grundvelli 3. gr. samnings um einkaréttarleg áhrif af brotnámi barna til flutnings milli

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

landa sem gerður var í Haag 25. október 1980 (Haag-samningurinn). Hélt kærandi fram að V hefði verið fórnarlamb alþjóðlegs barnaráns og væri haldið ólöglega í Rúmeníu. Krafan var framsend rúmenska dómsmálaráðuneytinu sem hóf málsmeðferð fyrir hönd kæranda fyrir rúenskum dómstólum. Þann 8. júní 1999 hafnaði undirréttur í Rúmeníu kröfu kæranda og taldi ekki hafa verið brotið gegn ákvæðum Haag-samningsins. Undirrétturinn taldi að hald barnsins í Rúmeníu væri ekki ólöglegt þar sem kærandi hafði ekki haft fulla forsjá yfir V, og því ætti 3. gr. Haag-samningsins ekki við um aðstæður hans. Þann 2. febrúar 2000 hafnaði áfrýjunardómstóllinn í Rúmeníu kröfum kæranda. Áfrýjunardómstóllinn tók fram að samkvæmt ungverskum lögum færu kærandi og C.M. sameiginlega með réttindi sín sem foreldrar V. Dómstóllinn taldi V hafa aðlagast sínu nýja umhverfi, og því í samræmi við hagsmuni barnsins að það væri áfram hjá móður sinni.

Þann 28. apríl 1999 höfðaði kærandi skilnaðarmál gegn C.M. fyrir dómstólum í Ungverjalandi og krafðist einnig fullrar forsjár yfir V. Þann 29. október 2003 var leyfi til lögskilnaðar veitt og C.M. dæmd forsjá yfir V. Var kæranda gert að greiða framfærslueyri með V.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Gegn Rúmeníu: Kærandi taldi rúensk stjórnvöld og dómstóla hafa brugðist þeirri skyldu sinni að tryggja skjóta afhendingu dóttur sinnar, eftir að C.M. hélt henni eftir í Rúmeníu án samþykkis hans. Með þessu hefðu rúensk stjórnvöld brugðist skyldu sinni til að tryggja réttindi hans sem foreldris V og rétt hans til friðhelgi fjölskyldulífs skv. 8. gr. MSE.

Kærandi taldi rúensk stjórnvöld ekki hafa tryggt rétt hans til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns skv. 13. gr. MSE.

Gegn Ungverjalandi: Kærandi taldi málsmeðferð fyrir ungverskum dómstólum í skilnaðar- og forsjármáli sínu hafa tekið of langan tíma og með því hefði ungverska ríkið brotið gegn 1. mgr. 6. gr.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók fram að samband kæranda við dóttur hans félli undir gildissvið 8. gr. sáttmálans. Réttur foreldris og barns til samvista væri grundvallarþáttur í fjölskyldulífi og þær jákvæðu skyldur sem 8. gr. kveður á um, feli einnig í sér skyldur ríkja til að tryggja endurfundi foreldris við barn sitt og að þau fái notið samvista. Dómstóllinn tók fram að neikvæðar og jákvæðar skyldur ríkja skv. 8. gr. væru ekki skýrt afmarkaðar. Í báðum tilfellum þyrfti að gæta meðalhófs og hefðu ríki svigrúm til mats hvað það varðaði. Þá hefði dómstóllinn áður túlkað þessar jákvæðu skyldur í samræmi við 7. gr. Haag-samningsins. Í greininni er fjallað um aðgerðir sem ríki skulu grípa til svo tryggja megi skjóta afhendingu barna. Í ljósi þess að bæði Rúmenía og Ungverjaland voru aðilar að Haag-samningnum þegar atvik málsins urðu, taldi dómstóllinn rétt að hafa hliðsjón af þessari sömu túlkun við mat á því hvort brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn benti á að rúmenska dómsmálaráðuneytið hefði, sem móttökustjórnvald í skilningi Haag-samningsins, tekið við kröfu kæranda og hafið málsmeðferð fyrir hans hönd fyrir innlendum dómstólum. Af þessum aðgerðum taldi dómstóllinn ljóst að ráðuneytið hefði talið brottmál barnsins ólöglegt. Með því að hafna ekki kröfu kæranda strax, heldur hefja málsmeðferð fyrir hönd hans hefði móttökustjórnvaldið tekið að sér að virða þær skyldur sem á það falla samkvæmt ákvæðum Haag-samningsins.

Dómstóllinn féllst ekki á þau rök Rúmeníu að skyldur þess samkvæmt Haag-samningnum hefðu aðeins falið í sér að hefja málsmeðferð fyrir dómstólum fyrir hönd kæranda til afhendingar V. Þá féllst dómstóllinn ekki heldur á með Rúmeníu að 3. gr. Haag-samningsins ætti ekki við um aðstæður kæranda enda væri viðurkennt að mál milli hjóna ættu undir samninginn. Þessi skýring á 3. gr. Haag-samningsins ætti sér stoð í skýringargögnum við hann. Ennfremur hefðu evrópskir dómstólar túlkað samninginn þannig að hann ætti við áður en málsmeðferð hefðist á skilnaðarmáli og máli vegna forsjár.

Ungversk lög sem við áttu í málinu tryggðu foreldrunum sameiginlega forsjá og væri réttarstaða þeirra því sú sama hvað varðaði ákvörðunarvald yfir barninu. Samkvæmt ungverskum lögum bar C.M. að fá samþykki kæranda eða ungverskra stjórnvalda fyrir breytingu á dvalarstað V. Þetta gerði hún ekki. Það var ekki fyrr en 8. október 2003 að heimili V var formlega ákvarðað hjá C.M. í Rúmeníu.

Rúmensk stjórnvöld voru talin hafa brugðist skyldum sínum skv. 7. gr. Haag-samningsins með því að hafa ekki haft önnur afskipti af máli kæranda en þau að koma fram fyrir hans hönd og höfða dómsmál fyrir innlendum dómstólum. Þeim hefði borið að hlutast til um framkvæmd allra þeirra aðgerða sem komið hefðu getað í veg fyrir frekari skaða á hagsmunum barnsins, eða annarra aðila málsins.

Rúmenskir dómstólar höfðu frá upphafi talið að 3. gr. Haag-samningsins ætti ekki við um aðstæður kæranda og þar af leiðandi var kærandi ekki talinn eiga rétt á því að barninu yrði skilað til hans. Dómstóllinn tók fram að þetta hefði verið mat rúmenskra dómstóla þrátt fyrir að barnið hefði verið tekið af heimili sínu í andstöðu við ákvæði ungverskra laga. Ennfremur hefði kærandi ekki haft árangur sem erfiði í tilraunum sínum til að lögætum aðstæðum barnsins yrði aftur komið á, þrátt fyrir að hann færi með sameiginlega forsjá barnsins með móður þess. Þá túlkun rúmenskra dómstóla að 3. gr. Haag-samningsins ætti ekki við um kærendur taldi Mannréttindadómstóllinn vera í andstöðu við orðalag ákvæðisins, skýringargögn við samninginn og framkvæmd sáttmálans. Með þessu var samningurinn sviptur þeirri skilvirkni sem hann á að hafa í för með sér og réttur kæranda skv. 8. gr. sáttmálans takmarkaður. Túlkun rúmenskra dómstóla á 3. gr. Haag-samningsins leiddi þannig til þess að brotið var gegn réttindum kæranda skv. 8. gr.

Þá tók dómstóllinn fram að við mat á því til hvaða aðgerða ríki eigi að grípa til að tryggja afhendingu barns, þurfi að líta til þess hve langan tíma þær kunna að taka. Í 11. gr. Haag-samningsins er sérstaklega kveðið á um sex vikna frest til töku ákvarðana um skil barna. Þrátt fyrir brýna þörf á skjótum aðgerðum vegna hagsmuna barnsins liðu meira en 12 mánuðir frá þeim degi sem kærandi lagði fram

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

kröfu sína um skil barnsins, þar til endanleg ákvörðun lá fyrir. Engar ásættanlegar útskýringar höfðu komið fram af hálfu ríkisins vegna þessa.

Dómstóllinn minnti á að í málum eins og þessu væru hagsmunir barnsins mest um verðir. Það gæti því vel hafa verið réttmætt fyrir dómstóla að ákveða, átta mánuðum eftir að V var tekin frá Ungverjalandi, að barnið hefði aðlagast nýjum aðstæðum, og að það væri í samræmi við hagsmuni V að dvelja hjá móður sinni í Rúmeníu. Dómstóllinn þyrfti hins vegar að kanna hvort þessar breyttu aðstæður V væru til komnar vegna aðgerða eða aðgerðaleysis ríkisins.

Með tilliti til þeirrar niðurstöðu að það hefði tekið rúmenska dómstóla óhóflega langan tíma að taka endanlega ákvörðun í máli kæranda, komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að umrædd breyting á aðstæðum barnsins, sem ákvörðun rúmenskra dómstóla um heimili V byggðist á, hefði að miklu leyti verið til komin vegna seinagangs þarlendra stjórnvalda. Með þessu brugðust rúmensk stjórnvöld þeirri skyldu sinni að aðstoða kæranda á viðeigandi og skilvirkan hátt við að fá V afhenta sér. Komst dómstóllinn því einróma að þeirri niðurstöðu að Rúmenía hefði brotið gegn 8. gr. MSE.

Um 13. gr.: Með vísan til niðurstöðu sinnar um 8. gr. sáttmálans taldi dómstóllinn ekki nauðsynlegt að skera úr um hvort Rúmenía hefði einnig brotið gegn 13. gr.

Um 6. gr.: Dómstóllinn rakti að málsmeðferð skilnaðar- og forsjármáls kæranda fyrir dómstólum í Ungverjalandi hefði hafist 28. apríl 1999 og lokið 21. janúar 2004 og hefði því staðið í næstum 4 ár og 9 mánuði. Kærandi bar hins vegar sjálfur ábyrgð á töfum sem urðu frá 29. október 2003 þegar hann áfrýjaði málinu en dró síðar áfrýjun sína til baka.

Dómstóllinn tók fram að mat á hæfilegum tíma málsmeðferðar fari eftir aðstæðum mála, hversu flókið málið er, framkomu kæranda og viðeigandi stjórnvalda og þeim hagsmunum sem mál varðar. Sérstakt tillit þurfi að taka til síðastgreinda atriðisins í málum er varða deilur um forsjá barna. Með tilliti til fordæma hvað þetta varðaði, og þess að engar haldbærar skýringar höfðu komið fram af hálfu Ungverjalands á töfum málsins, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að lengd málsmeðferðarinnar hefði verið óhófleg og ekki í samræmi við kröfur 1. mgr. 6. gr. MSE. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að Ungverjaland hefði brotið gegn ákvæðinu.

Á grundvelli 41. gr. var rúmenska ríkinu gert að greiða kæranda 15.000 evrur í miskabætur, auk 500 evra í kostnað og útgjöld. Ungverska ríkinu var gert að greiða kæranda 3.000 evrur í miskabætur og 500 evrur í málskostnað.

Buck gegn Þýskalandi

Dómur frá 28. apríl 2005

Mál nr. 41604/98

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Húsleit. Haldlagning gagna. Umferðarlagabrot.

1. Málsatvik

Kærandi, Jürgen Buck, er þýskur ríkisborgari og fæddur 1938. Þann 13. mars 1997 framkvæmdi lögregla leit á grundvelli dómsúrskurðar á heimili og starfsstöð kæranda og hald var lagt á gögn. Radarskynjari hafði mælt bifreið í eigu fyrirtækis kæranda þar sem hún fór 28 km hraðar en leyfilegur hámarkshraði og náðist mynd af ökumanninum. Tilgangur leitarinnar var að bera kennsl á ökumanninn. Dómstólar báru loks kennsl á V.B., son kæranda, sem ökumanninn eftir að hafa borið vegabréfsmynd V.B. saman við mynd radarskynjarans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að leitin á starfsstöð hans og heimili og haldlagning gagna sem þar voru bryti gegn friðhelgi heimilis hans skv. 8. gr. Jafnframt taldi hann að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. þar sem heimildin í dómsúrskurði sem leitin grundvallaðist á hefði ekki verið réttléga rökstudd.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn tók tillit til þess að leitin og haldlagningin varðaði heimili kæranda og starfsstöð hlutafélags hans. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að í báðum tilvikum hefði verið um takmörkun á rétti hans til friðhelgi heimilis að ræða. Takmörkunin var byggð á lagaheimild og úrskurðurinn um leit og haldlagningu var kveðinn upp í því skyni að firra glundroða eða glæpum og til verndar réttindum annarra. Við skoðun þess hvort meðalhófs hefði verið gætt varðandi úrskurðinn um leitina og haldlagninguna leit dómstóllinn til þess að brotið sem um ræddi var umferðarlagabrot, minniháttar brot, sem taldist ekki lengur til refsiverðra brota samkvæmt þýskum lögum. Jafnframt hafði sá grunaði enga fyrri sögu af umferðarlagabrotum og að auki beindist rannsóknin ekki að kæranda sjálfum heldur syni hans, þriðja manni.

Dómstóllinn benti á að leitin og haldlagningin hefðu farið fram til að sannreyna framburð V.B., sonar kæranda, en því var borið við í máli V.B. að starfsmenn viðkomandi fyrirtækis hefðu allt eins getað ekið bifreiðinni. Sá dómari sem fyrirskipaði leitina og haldlagninguna hafði áður beint því til lögreglumanna að spyrja kæranda um starfsmenn fyrirtækis síns áður en leitin og haldlagningin fór fram. Kærandi hafði því, gagnstætt því sem hann hélt fram, tækifæri til að gefa þær upplýsingar sem óskað var eftir og komast þannig hjá leitinni. Dómstóllinn benti hins vegar líka á það að áður en dómari fyrirskipaði aðgerðina hafði hann óskað eftir vegabréfsmynd af kæranda. Svo virtist sem héraðsdómurinn sem kveðinn var upp aðeins sex dögum

eftir aðgerðina hafi stuðst nær eingöngu við þessa mynd sem sönnunargagn. Ekki var skýrt hvort það hafði áhrif á sönnunarmatið að hald hafði verið lagt á sönnunargögnin. Því hafði leit og haldlagning á gögnunum ekki verið eina leiðin til að slá fastri ábyrgð vegna hraðakstursins. Hvað varðar efni og umfang úrskurðarins voru ekki gefnar neinar skýringar á því hvers vegna gögn viðskiptalegs eðlis ættu að finnast á heimili kæranda. Úrskurðurinn var því ekki takmarkaður við það sem aðeins var nauðsynlegt í ljósi málsins.

Að lokum tók dómstóllinn tillit til þess að leit og haldlagning gagna á starfsstöð og heimili kæranda í bæ með aðeins 10.000 íbúa væri til þess fallið að skaða orðstír hans og fyrirtækis hans. Með tilliti til aðstæðna málsins, sérstaklega í ljósi þess að leitin og haldlagningin, sem hafði verið úrskurðuð í sambandi við minniháttar brot sem átti að hafa verið framíð af þriðja aðila, tók til einkaheimilis kæranda, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið gætt meðalhófs í ljósi þess markmiðs sem stefnt var að. Dómstóllinn taldi því að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda skv. 8. gr.

Þar sem dómstóllinn hafði þegar fjallað um eðli og umfang úrskurðarins um leit og haldlagningu í ljósi 8. gr. taldi dómstóllinn ekki þörf á að fjalla um sömu aðgerðir á grundvelli 1. mgr. 6. gr.

Það var samhljóða niðurstaða dómstólsins að áfellisdómur gegn þýska ríkinu fæli í sér nægjanlegar miskabætur fyrir kæranda. Dómstóllinn dæmdi kæranda 2.000 evrur fyrir útlögðum kostnaði á grundvelli 41. gr.

Þrjár dómáttir skilugu séráliti.

Wolfmeyer gegn Austurríki
Dómur frá 26. maí 2005
Mál nr. 5263/03
Sjá reifun dómsins undir 14. gr.
Refsilöggjöf. Samkynhneigðir.

Vetter gegn Frakklandi
Dómur frá 31. maí 2005
Mál nr. 59842/00
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi
8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs
Hleranir lögreglu. Jafnræði málsaðila.

1. Málsatvik

Kærandi, Christophe Vetter, er franskur ríkisborgari, fæddur árið 1975. Þegar grunur vaknaði um aðild hans að manndrápi kom lögregla fyrir hlerunartækjum í íbúð nokkurri sem kærandi heimsótti reglulega. Á grundvelli samtala sem tekin voru upp og studdu grun lögreglu var kærandi úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Kærandi hélt því fram að enga lagaheimild væri að finna í frönskum lögum fyrir notkun hlerunartækja og þau sönnunargögn mætti því ekki nota í refsimáli. Ákærudeild áfrýjunarréttar Montpellier komst að þeirri niðurstöðu að hleranir á samtölum kæranda hefðu ekki brotið gegn 81. og 100. gr. franskra laga um meðferð opinberra mála varðandi símhleranir. Ákæra á hendur kæranda var m.a. studd þeim sönnunargögnum sem aflað var með upptökunum. Þann 23. október 2000 var kærandi sakfelldur fyrir manndráp og dæmdur til 20 ára fangelsisvistar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að þar sem enga lagaheimild var að finna í frönskum lögum sem heimilaði hlerun íbúðar og upptöku samtala hans hefði verið brotið gegn réttindum hans skv. 8. gr. Hann taldi einnig að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. við meðferð málsins fyrir dómi þar sem hann hefði hvorki fengið afrit af skýrslu dómara undirréttar né greinargerð saksóknara og að áfrýjun hans, sem studdist m.a. við að brotið hefði verið gegn réttindum hans skv. 8. gr. sáttmálans, hefði verið hafnað.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn taldi að hleranir og upptökur þær sem fram fóru hefðu verið takmörkun á friðhelgi einkalífs kæranda. Hann taldi jafnframt að 100. gr. frönsku laganna um meðferð opinberra mála veitti ekki lagaheimild fyrir uppsetningu hlerunartækjanna en þar var aðeins fjallað um hlerun á símtölum en ekki talað um almenn hlustunartæki. Jafnvel þótt þessar greinar frönsku laganna um meðferð opinberra mála hefðu veitt heimild fyrir hleruninni taldi dómstóllinn að „lögin“ í þessu formi uppfylltu ekki þann áskilnað sem dómstóllinn hafði byggt á í dómafrankvæmd sinni.

Að lokum taldi dómstóllinn að frönsk lög mæltu hvorki á nægilega skýran hátt fyrir um það hversu ríkt mat stjórnvöld hefðu varðandi hleranir né heldur hvernig slíkar aðgerðir skyldu framkvæmdar. Í ljósi þess var það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi engin sérstök álitæfni varðandi 6. gr. koma til varðandi ákvörðun um að vísa frá áfrýjun kæranda byggðri á 8. gr. Hins vegar taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda skv. 1. mgr. 6. gr. við meðferð málsins fyrir yfirréttinum þar sem hvorki kærandi né lögmaður hans hefði fengið eintak af skýrslu dómara undirréttar áður en þinghald fór fram, en saksóknarinn fékk þessi gögn málsins.

Á grundvelli 41. gr. voru kæranda dæmdar 1.500 evrur í miskabætur.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)

Znamenskaya gegn Rússlandi

Dómur frá 2. júní 2005

Mál nr. 77785/01

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Ákvörðun um faðerni.

1. Málsatvik

Kærandi, Natalya Vasilyevna Znamenskaya, er rússneskur ríkisborgari og fædd 1955. Þann 4. ágúst 1997 fæddi hún andvana sveinbarn og ákvað að jarðsetja það. Barnið var við fæðingu sjálfkrafa skráð barn fyrrverandi eiginmanns hennar sem hún hafði fengið lögskilnað við í mars 1997.

Kærandi hélt því fram að kynfaðir barnsins væri G. en þau höfðu verið í sambúð síðan 1994. Þau gátu hins vegar ekki lagt fram sameiginlega yfirlýsingu um faðerni barnsins þar sem G. hafði farið í fangelsi 20. júní 1997 og þar lést hann 12. október 1997. Þann 10. ágúst 2000 krafðist kærandi fyrir dómstól að G. yrði skráður faðir hins andvana barns og það fengi nafn hans og ættarnafn. Þann 16. mars 2001 vísaði dómstóllinn málinu frá þar sem hið andvana barn hefði aldrei öðlast rétt hæfi og þau ákvæði sem um ræddi í fjölskyldulögunum áttu aðeins við um lifandi börn. Kærandi kærði ákvörðunina en án árangurs.

2. Málsmeðferð fyrir Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að þar sem dómstólar vildu ekki taka kröfu hennar til skoðunar hefði verið brotið gegn friðhelgi einkalífs hennar og fjölskyldu skv. 8. gr.

Niðurstæða

Mannréttindadómstóllinn taldi að 8. gr. ætti við í málinu. Haft var í huga að þar sem kærandi hefði myndað sterk tengsl við barnið á meðgöngu og vildi gefa því nafn og grefta, hlaut feðrun þess að hafa áhrif á einkalíf hennar sem naut verndar 8. gr. Dómstóllinn benti á að ekki var deilt um eðli né tilvist sambands kæranda og G. Enginn hafði heldur vefengt að G. hefði í raun verið faðir barnsins. Þar sem barnið hafði fæðst andvana lagði faðerni þess ekki neinar skyldur á nokkurn sem málinu tengdist. Því var ekki að sjá að neinir hagsmunir væru andstæðir hagsmunum kæranda.

Höfnun dómstóls á kröfum kæranda byggðist ekki á neinum réttmætum eða sannfærandi rökum að mati Mannréttindadómstólsins. Í samræmi við dómaframkvæmd sína taldi dómstóllinn að þegar aðstæður þar sem löglíkur væru látnar vega þyngra en líffræðilegur og félagslegur raunveruleiki, án tillits til sannaðra staðreynda eða óska viðkomandi og án þess að nokkur annar hefði hagsmuna að gæta af niðurstöðu gæti það ekki, jafnvel í ljósi svigrúms ríkisins til mats, talist samræmanlegt skyldu ríkisins til að tryggja friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Því komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda skv. 8. gr.

Voru kæranda dæmdar 1.000 evrur í miskabætur á grundvelli 41. gr. Þrír dómarrar skiluðu séráliti.

Fadeyeva gegn Rússlandi

Dómur frá 9. júní 2005

Mál nr. 55723/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs

Mengun. Friðhelgi heimilis.

1. Málsatvik

Kærandi er rússneskur ríkisborgari, Fadeyeva, fædd 1949 og býr í Cherepovets, sem er miðstöð stálframleiðslu um 300 km norðaustur af Moskvu. Stálverksmiðjan Severstal var reist á tímum Sovétríkjanna og var í eigu málmvinnsluráðuneytis rússneska sambandslýðveldisins. Verksmiðjan var, og er enn, ein stærsta stálverksmiðja Rússlands og vinna um 60.000 manns í henni. Kærandi fluttist ásamt fjölskyldu sinni í íbúð um 450 metra frá verksmiðjunni árið 1982. Vegna hættu á að mengun frá stálframleiðslunni kynni að verða of mikil, afmörkuðu stjórnvöld svæði í kringum verksmiðjuna, svokallað heilbrigðisöryggissvæði. Var þetta svæði fyrst afmarkað 1965 og náði þá yfir um 5.000 metra breitt belti í kringum verksmiðjuna. Var svæðið minnkað í 1.000 metra árið 1992. Kærandi hefur búið í íbúð á vegum félagsmálayfirvalda innan þessa svæðis frá árinu 1982.

Þrátt fyrir að markmið stjórnvalda hefði verið að skilja verksmiðjusvæðið frá íbúðarbyggð bæjarins, bjuggu þúsundir íbúa á verksmiðjusvæðinu. Með fyrirskipun ráðherraráðs rússneska sambandslýðveldisins 10. september 1974 var málmvinnsluráðuneytinu gert að koma þeim íbúum sem bjuggu á tilteknum svæðum innan öryggissvæðisins fyrir annars staðar eigi síðar en árið 1977. Þetta gekk hins vegar ekki eftir. Árið 1990 gerði ríkisstjórn rússneska sambandslýðveldisins ráðstafanir til að bæta ástand umhverfismála í Cherepovets. Ljóst var að eiturefnamengun þar var margfalt meiri en lög heimiluðu. Þá var tíðni sjúkdóma meðal íbúa svæðisins hærra en almennt gerðist. Árið 1993 keypti fyrirtækið Severstal Plc. verksmiðjuna og samhlíða því færðust íbúðir sem höfðu verið í eigu verksmiðjunnar og staðsettar voru innan öryggissvæðisins undir eignarhald bæjarins. Ríkisstjórnin setti fram nokkrar áætlanir um hvernig bæta mætti ástand mála í Cherepovets og færa til íbúðarbyggðina sem var innan öryggissvæðisins. Samkvæmt núgildandi áætlun skal útblástur frá verksmiðjunni ná öryggislágmarki á árunum 2010-2015. Samkvæmt bréfi borgarstjóra Cherepovets frá 3. júní 2004 stafa um 95% hættulegra iðnaðargufa í lofti bæjarins frá verksmiðjunni. Í skýrslu ríkisstjórnarinnar um umhverfismál frá 1999 kom fram að verksmiðjan veldur mestri loftmengun allra málmverksmiðja í Rússlandi. Mengun innan öryggissvæðisins er reglulega mæld af hinu opinbera. Kærandi hélt því fram að árin 1990-1999 hefði meðalsamsöfnun tiltekinna efna og ryks verið mun hærra en hámarksviðmiðanir heimiluðu. Loftmengun 1997-2001 var flokkuð sem mikil eða mjög mikil. Var sérstaklega mikil samsöfnun hættulegra efna.

Árið 1995 höfðuðu kærandi, og aðrir íbúar sem bjuggu innan öryggissvæðisins, mál gegn verksmiðjunni og bæjaryfirvöldum þar sem þess var krafist að íbúðarbyggð innan svæðisins yrði flutt á öruggari stað. Þann 17. apríl 1996 komst dómstóll að þeirri niðurstöðu að samkvæmt rússneskum lögum ætti kærandi rétt á því að bæjaryfirvöld útveguðu henni aðra íbúð á kostnað þeirra. Hins vegar mælti dómurinn ekki sérstaklega fyrir um að íbúðarbyggð yrði færð en mælti fyrir um að kærandi skyldi sett á forgangsbiðlista eftir nýrri íbúð. Þann 10. febrúar 1997 var málsmeðferð til þess að fullnægja dóminum hætt þar sem enginn slíkur forgangslisti var til. Var kærandi þá sett á almennan biðlista og var hún númer 6.820 í röðinni á þeim lista.

Árið 1999 stefndi kærandi bæjaryfirvöldum og gerði þá kröfu að henni yrði látin í té ný íbúð í samræmi við dóminn frá 17. apríl 1996. Dómstóll vísaði kröfu hennar frá þar sem enginn forgangsbiðlisti væri til og engar félagsíbúðir tiltækar. Taldi dómstóllinn fullnægjandi að kærandi hefði verið sett á biðlista.

Árið 2002 var kærandi greind með taugasjúkdóma sem meðal annars voru raktir til eiturefnamengunar innan öryggissvæðisins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því aðallega fram að starfræksla stálverksmiðju í nálægð við heimili hennar stofnaði heilsu hennar og velferð í hættu. Taldi hún þetta brjóta gegn 8. gr. þar sem ríkið hefði brugðist þeirri skyldu sinni að vernda heimili hennar og einkalíf.

Niðurstæða

Aðilar málsins voru sammála um að iðnaðarmengun væri á því svæði þar sem kærandi býr. Þá var ekki deilt um að meginorsök mengunarinnar væri stálverksmiðjan. Hins vegar var deilt um það hversu mikil áhrif starfsemi verksmiðjunnar og mengun frá henni hefðu á kæranda. Hélt rússneska ríkið því fram að áhrifin væru ekki það mikil að 8. gr. ætti við um aðstæður hennar. Dómstóllinn tók því til skoðunar hvort ágreiningurinn félli undir ákvæðið. Dómstóllinn tók fram að í kærum sem áður hefðu verið lagðar fyrir hann vegna álitaefna sem tengjast umhverfismálum hefði 8. gr. verið talin eiga við í nokkrum tilvikum. Til þess að 8. gr. gæti átt við í máli kæranda þyrftu réttindi hennar samkvæmt greininni að hafa orðið fyrir beinum áhrifum af því umhverfistjóni sem verksmiðjan hefði valdið. Dómstóllinn vísaði til fordæma sinna um að áhrif mengunar í umhverfi þyrftu að vera yfir tilteknu lágmarki til að 8. gr. ætti við. Mat á þessu lágmarki færi eftir atvikum máls hverju sinni, svo sem styrkleika, tímalengd og líkamlegum eða andlegum áhrifum mengunar. Þá þyrfti einnig að taka tillit til annarra almennra umhverfisáhættuþátta. Væru réttindi skv. 8. gr. ekki brotin ef mengun væri lítilvæg í samanburði við aðra áhættuþætti á sama svæði. Þannig þyrfti kærandi að sýna í fyrsta lagi fram á raunverulega skerðingu á réttindum hennar sem nytu verndar 8. gr. og í öðru lagi að áhrifin færu yfir tiltekið lágmark.

Ljóst var að heilsu kæranda hafði hrakað vegna nálægðar íbúðar hennar við verksmiðjuna. Dómstóllinn benti á að mannréttindasáttmálinn tók gildi í Rússlandi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

árið 1998. Væri því aðeins unnt að taka til skoðunar tímabilið eftir það, þegar eðli og umfang þeirrar takmörkunar sem kærandi hélt fram væri metið. Af gögnum ríkisstjórnarinnar hvað varðaði árin 1999-2003 var ljóst að um langt skeið hafði samþjöppun margvíslegra eiturefna í andrúmslofti nálægt íbúð kæranda farið langt fram úr gildandi hámarksviðmiðunum samkvæmt rússneskum lögum. Af þeim sökum hafði mengun þar í för með sér hættu fyrir heilsu og velferð íbúa. Dómstóllinn taldi ennfremur líklegt að tiltæk gögn gæfu ekki rétta mynd af ástandinu, og að það kynni að hafa verið mun verr. Þá hafði ríkisstjórnin nokkrum sinnum opinberlega viðurkennt að tíðni sjúkdóma í Cherepovets væri hærri en almennt gerðist vegna áhrifa af mengun frá verksmiðjunni.

Dómstóllinn tók einnig fram að innlendir dómstólar hefðu viðurkennt rétt kæranda til að fá sér afhent annað íbúðarhúsnæði. Þar að auki hafði rússnesk löggjöf skilgreint það svæði sem kærandi bjó innan sem óhæft til íbúðarbyggðar. Dómstóllinn taldi ljóst að þar sem mengun færi fram úr lögbundnum hámarksviðmiðunum væri hún sérstaklega hættuleg heilsu og velferð. Hér væri þó um að ræða alhæfingu sem gæti ekki verið talin eiga við í hverju einstöku tilviki. Þannig væri hugsanlegt, þrátt fyrir mikla mengun og neikvæð áhrif hennar á íbúðarbyggð svæðisins í heild, að kærandi hefði ekki beðið sérstakt tjón af búsetu sinni á svæðinu. Hún þyrfti því að sýna fram á það. Í tilviki kæranda lágu fyrir óbein gögn og ályktanir sem leiddu til þess að ætla mætti að heilsu hennar hefði hrakað vegna langvarandi snertingar við iðnaðargufur frá Severstal- stálverksmiðjunni. Þótt miðað væri við að mengunin hefði ekki valdið kæranda mælanlegu tjóni var óhjákvæmilegt að líta svo á að mengunin hefði gert kæranda varnarlausari gegn hættulegum sjúkdómum. Þá gat ekki leikið vafi á því að útblástur frá verksmiðjunni hafði haft veruleg áhrif til verri vegar á heimilislíf hennar. Með vísan til þessa féllst dómstóllinn á að skaði á heilsu og velferð kæranda væri í þeim mæli að hann félli undir vernd og gildissvið 8. gr.

Dómstóllinn tók fram að á þeim tíma sem væri til skoðunar (eftir 1998) var verksmiðjan hvorki í eigu né undir yfirráðum rússneska ríkisins. Þannig féllst dómstóllinn ekki á að ríkið hefði með beinum hætti takmarkað rétt kæranda skv. 8. gr. Hins vegar gæti brot ríkis á þeim rétti sem felst í greininni stafað af vanrækslu á að gera ráðstafanir gagnvart fyrirtækjum, m.a. með lagasetningu. Þannig varðaði málið skyldu ríkisins til að grípa til aðgerða til að tryggja rétt kæranda skv. 8. gr. Taldi dómstóllinn stjórnvöld í málinu hafa verið í aðstöðu til að meta þá hættu sem stafaði af menguninni og hafi þau getað gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir eða takmarka hana.

Dómstóllinn rakti að réttlætning rússnesku ríkisstjórnarinnar fyrir neitun um að flytja íbúðarsvæðið hafi verið réttur annarra íbúa Cherepovets til húsnæðis á vegum stjórnvalda samkvæmt rússneskum lögum. Þar sem staðbundin stjórnvöld hefðu aðeins takmörkuð fjárráð til bygginga nýrra félagsíbúða hefði forgangur kæranda til að fá nýja íbúð brotið gegn rétti annarra á biðlistanum. Ennfremur vísaði ríkið til efnahags svæðisins og ríkisins. Dómstóllinn féllst á að áframhaldandi starfsemi verksmiðjunnar í þessu máli væri mikilvæg fyrir efnahag svæðisins og að rekstur

hennar þjónaði að því leyti lögmætu markmiði, sbr. 2. mgr. 8. gr. Dómstóllinn benti á að ríki hefði svigrúm til mats þegar nauðsyn takmörkunar væri metin, enda í betri aðstöðu til að meta hana en alþjóðlegur dómstóll. Réttlætning ríkja á nauðsyn skerðingar væri hins vegar endurskoðuð af dómstólnum.

Þær afleiðingar sem Severstal-verksmiðjan hafði á umhverfi sitt voru í ósamræmi við kröfur sem giltu samkvæmt lögum og umhverfis- og heilsustöðlum og rússneska ríkið hafði sett. Ríkið hafði afmarkað tiltekið svæði þar sem heimilt var að mengun færi fram úr lögbundnum mörkum. Með tilliti til þessara innlendu öryggisstaðla ætti starfræksla verksmiðjunnar aðeins að vera heimilud, á tilteknu svæði, ef íbúðarbyggð væri afmörkuð utan hættusvæðis. Sýnt var fram á að á síðustu 20 árum hefði verið dregið úr mengun á svæðinu og hefði þannig dregið úr neikvæðum áhrifum verksmiðjunnar á íbúðarbyggð. Frá 1998 hafði magn eiturefna hins vegar farið fram úr öryggisviðmiðunum. Innan þessa öryggissvæðis hafði rússneska ríkið bannað byggingu nýrra íbúða. Í niðurstöðu dómstóla var verksmiðjan ekki talin bera ábyrgð á því að útvega kæranda nýtt húsnæði. Dómarnir fólu aðeins í sér þann rétt að kærandi yrði sett á biðlista. Frá því að kærandi var sett á biðlista hafði staða hennar ekki breyst og engin von á því að það gerðist. Úrræðin sem dómstólar höfðu veitt kæranda voru því ekki til þess fallin að veita henni raunhæfan möguleika á að fá húsnæði þar sem mengunarinnar gætti ekki. Að auki, þrátt fyrir að hin mengandi verksmiðja starfaði í andstöðu við innlenda umhverfisstaðla, lágu engar upplýsingar fyrir um að ríkið hefði staðið fyrir eða innleitt raunhæf úrræði til að tryggja hagsmuni þeirra íbúa svæðisins sem voru undir áhrifum af menguninni, eða dregið úr menguninni til samræmis við innlenda öryggisstaðla.

Það var niðurstaða dómstólsins að þrátt fyrir að ríki hefði rúmt svigrúm til mats á nauðsyn takmörkunar skv. 2. mgr. 8. gr. hefði það í máli kæranda ekki gætt að meðalhófi á milli hagsmuna samfélagsins og réttar kæranda til friðhelgi heimilis og einkalífs. Var því niðurstaða dómstólsins að ríkið hefði brotið gegn skyldum sínum skv. 8. gr.

Dómstóllinn dæmdi kæranda 6.000 evrur í miskabætur og 6.500 evrur í málskostnað og útgjöld, sbr. 41. gr. Auk þess voru henni dæmd 5.540 sterlingspund vegna málskostnaðar.

Einn dómari skilaði séráliti.

Storck gegn Pýskalandi

Dómur frá 16. júní 2005

Mál nr. 61603/00

Sjá reifun dómsins undir 5. gr.

Nauðungarvistun. Andleg vanheilsa. Læknismeðferð.

Zawadka gegn Póllandi
Dómur frá 23. júní 2005
Mál nr. 48542/99

8. gr. Friðhelgi einkalífs
Umgengnisréttur. Athafnaskylda stjórnvalda.

1. Málsatvik

Kærandi, Henryk Zawadka, er pólskur ríkisborgari, fæddur 1960. Hann var í sambúð með O árið 1994 og fæddist þeim sonurinn P. Í ágúst 1996 flutti O burt frá kæranda með P. Þann 8. nóvember 1996 gerðu kærandi og O samning um umgengni. Sættust þau á að P skyldi búa hjá móður sinni. Kærandi hafði rétt til að taka P heim með sér á tilteknum dögum og tímum árið 1996. Frá 1. janúar 1997 skyldi hann hafa umgengni við son sinn aðra hverja helgi á heimili sínu. Kærandi óskaði síðar eftir aðstoð yfirvalda til að framfylgja umgengnisrétti og hélt því fram að O hindraði umgengni sína við P. Á meðan hófust málaferli vegna forsjár P. Þann 19. maí 1997 tók kærandi son sinn frá O eftir rifrildi þeirra á milli. Kæranda var gert að skila syni sínum en gerði það ekki og fór í felur. Þann 8. ágúst 1998 tók lögregla P frá kæranda.

Þann 24. febrúar 1998 var réttur kæranda sem foreldris takmarkaður við upplýsingar um heilsufar P og að samskipti við hann færu einungis fram á heimili O. Þann 19. júní 1998 var kærandi sviptur öllum foreldrarétti gagnvart P á þeim grundvelli að hann hefði misnotað réttindi sín með því að gera syni sínum ómögulegt að hafa samband við móður sína. Talið var að það athæfi kæranda að fara huldu höfði með barnið hefði ekki verið því fyrir bestu þar sem kærandi var við vinnu og barnið skilið eftir í umsjá annarra. Lögð var áhersla á það að barnið hefði rétt til viðunandi lífsskilyrða, heimilis og stöðugleika, en kærandi hefði svipt það þessum gæðum.

Þann 27. mars 2001 var kæranda tilkynnt að O og P hefðu farið á brott til London 30. maí 2000.

2. Málsmeðferð hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að hann hefði ekki getað notið umgengni við son sinn eins og um var samið þar sem stjórnvöld veittu honum ekki næga aðstoð. Hann hélt því einnig fram að brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldulífs hans og sonar síns. Taldi hann því að brotið hefði verið gegn réttindum sínum skv. 8. gr.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn taldi að stjórnvöld hefðu hvorki beitt sér í því að hvetja aðila málsins til samvinnu um framkvæmd umgengni né tryggt viðeigandi stuðning sem hefði getað aðstoðað foreldrana og ólöggráða barn þeirra við framkvæmd umgengnisréttar. Lögð var áhersla á að vegna þessa aðgerðaleyfis hefði kærandi varanlega misst samband við barn sitt. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld hefðu ekki uppfyllt jákvæðar skyldur sínar til að veita kæranda aðstoð sem gerði honum kleift að framfylgja réttindum sínum sem foreldri.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. og dæmdi kæranda 100 evrur fyrir málskostnaði á grundvelli 41. gr. Þrír dómarar skilðu séráliti.

Bove gegn Ítalíu

Dómur frá 30. júní 2005

Mál nr. 30595/02

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs

Umgengnisréttur. Athafnaskylda stjórnvalda.

1. Málsatvik

Kærandi, Luigi Bove, er ítalskur ríkisborgari, fæddur 1965. Kærandi á dótturina C, fædda 1995. Þar sem móðir barnsins tálmaði umgengni kæranda við barnið höfðaði hann mál til ákvörðunar um umgengni. Í september 1996 ákvað dómstóllinn að kærandi skyldi njóta umgengni við barnið tvo eftirmiðdaga í viku og annan hvern sunnudag. Eftir að móðir barnsins ásaakaði föður kæranda og tvo vini kæranda um að hafa misnotað barnið kynferðislega kvað dómstóllinn upp tímabundinn úrskurð sem takmarkaði umgengni kæranda við barnið við tvö skipti í viku á skrifstofu félagsmálayfirvalda, undir eftirliti. Í janúar 2001 var umgengni hans takmörkuð enn frekar niður í einn eftirmiðdag í viku.

Í apríl 2001 var refsímál á hendur vinum kæranda fellt niður. Kærandi krafðist þess fyrir dómi að móðirin yrði svipt forsjá barnsins og honum veitt forsjáin eða þá að hann hefði frjálstan aðgang að barninu. Úrskurðaði dómstóll þann 30. janúar 2003, að samskipti kæranda og barnsins skyldu aukin á ný, en barnið neitaði að hitta hann. Þá mælti dómstóll fyrir um að gerð skyldi lokatilraun með milligöngu sálfræðings til að koma á umgengni milli kæranda og barnsins en barnið neitaði aftur. Fékk kærandi því engin tækifæri til að hitta dóttur sína. Hann fékk síðast að hitta hana í september 2002 undir eftirliti og var móðir barnsins einnig viðstödd.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn 8. gr. vegna neitunar um að veita honum forsjá dóttur sinnar og erfiðleika hans við að framfylgja umgengnisrétti.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að eftir úrskurð sinn 22. júní 2000 hefði ekki verið brugðist við á neinn hátt til að tryggja að umgengni undir eftirliti gæti farið fram eins og áformað var. Þrátt fyrir að refsímálin á hendur vinum kæranda hafi verið felld niður og faðir hans hafi látist í janúar 2003 komst umgengni ekki á. Þrátt fyrir ákvörðun frá 30. janúar 2003 um að umgengni skyldi aukin var henni ekki framfylgt.

Kærandi hafði ekki séð dóttur sína síðan í september 2002 og yfirvöld höfðu ekki áætlað neina frekari fundi þeirra. Þeir erfiðleikar sem komu upp við skipulag heim-

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

sókna áttu reyndar að hluta til rætur að rekja til fjandskapar móður í garð kæranda og einnig móttþróa barnsins við að hitta föður sinn. Hins vegar taldi dómstóllinn ekki að kærandi gæti talist ábyrgur fyrir því að umgengni fór ekki fram samkvæmt úrskurðum yfirvalda. Athafnaleysi yfirvalda hafði neytt kæranda til langvinnra og á endanum árangurslausra málaferla í því skyni að koma á umgengni.

Dómstóllinn komst að lokum að þeirri niðurstöðu að aðgerðaleysi um að framfylgja umgengnisrétti kæranda frá september 2002 hefði takmarkað rétt hans til friðhelgi fjölskyldu. Var því talið að 8. gr. hefði verið brotin hvað varðar þann hluta kærunnar.

Hvað varðar neitun um að kærandi fengi forsjá yfir dóttur sinni taldi dómstóllinn að þær ákvarðanir hefðu verið teknar málefnalega og með hagsmunum barnsins að leiðarljósi. Því var ekki talið að synjun á kröfu kæranda um forsjá gæti talist brot á 8. gr.

Talið var að niðurstaða dómstólsins fæli í sér nægilegar bætur til kæranda fyrir miska en honum voru dæmdar 3.000 evrur fyrir málskostnaði á grundvelli 41. gr.

Einn dómari skilaði séráliti.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)

10. gr. Tjáningarfrelsi

Steel og Morris gegn Bretlandi

Dómur frá 15. febrúar 2005

Mál nr. 68416/01

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

Synjun um gjafsókn. Jafnræði málsaðila. Ærumeiðingar í garð fyrirtækis.

1. Málsatvik

Kærendur eru breskir ríkisborgarar, Helen Steel, fædd 1965, og David Morris, fæddur 1954. Á þeim tíma sem um ræðir var Morris atvinnulaus og Steel var ýmist atvinnulaus eða í láglaunastörfum. Bæði tengdust þau London Greenpeace, litlum hópi, ótengdum Greenpeace International, sem barðist aðallega fyrir umhverfis- og velferðarmálum. Á miðjum níunda áratugnum hóf London Greenpeace mótmæla-herferð gegn veitingakeðjunni McDonald's. Í tengslum við hana kom út 6 blaðsíðna bæklingur sem bar titilinn „Hvað er að McDonald's?“

Þann 20. september 1990 stefndu McDonald's samsteypan og McDonald's veitingahús hf. í Bretlandi kærendum til bóta fyrir meiðyrði vegna útgáfu bækling-
ins. Kærendum var neitað um gjafsókn og fluttu þau því mál sitt sjálf öll réttarhöldin og á áfrýjunarstigi, þó með einhverri hjálp lögfræðinga í sjálfbodavinnu. Málið var flutt fyrir McDonald's af tveimur reyndum lögmonnum auk þess sem oft voru með þeim tveir aðrir lögfræðingar og fleiri aðstoðarmenn.

Voru kærendur dæmdir til að greiða stefnanda 60.000 pund í skaðabætur. Hjá áfrýjunardómstól var skaðabótafjárhæðin lækkuð niður í 40.000 pund. McDonald's gerði ekki kröfu um málskostnað og innheimti ekki skaðabæturnar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. og málsmeðferðin gæti ekki talist réttlát þar sem þeim var synjað um gjafsókn. Þau töldu einnig brotið gegn 10. gr. þar sem niðurstaða dómsins skerti tjáningarfrelsi þeirra og gengi lengra en nauðsynlegt væri í lýðræðisþjóðfélagi.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Helsta kvörtun kærenda varðandi þessa grein sáttmálans var að þau hefðu ekki notið réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi þar sem þeim var synjað um gjafsókn. Dómurinn taldi að leggja þyrfti mat á nauðsyn gjafsóknar til að málsmeðferð verði réttlát út frá staðreyndum og aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Það ylti m.a. á mikilvægi þeirra hagsmuna sem um ræddi, hversu flókin málaferlin væru og hæfni aðila til að flytja mál sitt sjálfir á fullnægjandi hátt.

Réttarhöldin stóðu í 313 daga með 28 munnlegum fyrirtökum. Áfrýjunarréttarhöldin tóku 23 daga. Þær staðreyndir sem kærendur þurftu að færa sönnur á voru

10. gr. Tjáningarfrelsi

mjög flóknar og loks var að finna í málinu gögn upp á 40.000 blaðsíður og 130 vitnaskýrslur. Málið var ekki heldur einfalt frá lagalegu sjónarmiði. Í ljósi þessa þótti nauðsynlegt að meta að hvaða leyti kærendur gátu haldið uppi virkum vörnum þrátt fyrir synjun á gjafsókn. Kærendur virtust hafa verið mælskir og úrræðagóðir og hafði þeim tekist að sanna gildi ýmissa þeirra yfirlýsinga sem þeim var stefnt fyrir. Einnig höfðu þau notið einhvern hjálpar varðandi laga- og formsatriði málsins frá lögmönnum og lögfræðingum sem störfuðu án þóknunar. Upprunalegar kröfur þeirra voru t.d. samdar af lögfræðingum. En meirihluta réttarhaldanna, þar á meðal allan þann tíma sem þau leituðust við að sanna efni bæklingins, voru þau hins vegar án lögmannaaðstoðar. Í ljósi þess að um svo flókið mál var að ræða, var hvorki hægt að telja að tilviljanakennd aðstoð sjálfboðalögfræðinga né hið mikla svigrúm sem kærendum var veitt hafi getað komið í staðinn fyrir þjónustu hæfs, reynds lögmanns sem þekkti til málsins og laga á þessu sviði. Það eitt hversu lengi réttarhöldin stóðu bar vott um skort kærenda á reynslu og færni.

Að lokum komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að synjun um gjafsókn hefði komið í veg fyrir að kærendur gætu flutt mál sitt sem skyldi og leitt til þess að ekki var jafnræði með aðilum málsins. Því var brotið gegn réttindum kærenda skv. 1. mgr. 6. gr.

Um 10. gr.: Ríkið hélt því fram að þar sem kærendur væru ekki blaðamenn ættu þeir ekki að njóta hinnar ríku verndar sem fjölmiðlum er veitt með 10. gr. Í lýðræðislegu þjóðfélagi væri hins vegar talið nauðsynlegt að litlir hópar, t.d. London Greenpeace, gætu starfað með virkum hætti. Miklir almannahagsmunir væru fólgnir í því að slíkir hópar og einstaklingar gætu miðlað upplýsingum og hugmyndum um mál sem varða almannahagsmuni, t.d. varðandi heilsu og umhverfið. Sú vernd sem blaðamönnum væri veitt skv. 10. gr. í sambandi við umfjöllun mála sem varða almannahagsmuni fæli í sér það skilyrði að þeir geri það í góðri trú, í því skyni að veita réttar og áreiðanlegar upplýsingar í samræmi við siðareglur blaðamanna. Sömu sjónarmið voru talin gilda um aðra sem taka þátt í opinberri umræðu. Í áróðursbæklingi væri hægt að þola, og jafnvel mætti búast við, vissu magni af ýkjum. En í þeim bæklingi sem um ræðir væru ásakanirnar alvarlegar og settar fram sem staðreyndir frekar en gildisdómar.

Kærendur, sem höfðu sjálf neitað því að tengjast útgáfu bæklingins, héldu því fram að krafa um að þeir sem einungis dreifðu bæklingi þyrftu að sanna hvert orð þar í, legði ópolandi skyldu á hugsjónafólk eins og þau sjálf. Þau héldu því einnig fram að fjölþjóðleg fyrirtæki ættu ekki að höfða mál vegna ærumeiðinga, að minnsta kosti ekki án þess að sanna raunverulegt fjárhagslegt tjón sitt. Einnig kvörtuðu þau yfir því að McDonald's gæti fengið þau dæmd fyrir ærumeiðingar þegar margt af því sem í bæklingnum stóð væri á almannavitorði.

Mannréttindadómstóllinn benti á að það yrði ekki talið gagnstætt 10. gr. að leggja sönnunarbyrðina á stefnanda varðandi sannleiksgildi ærumeiðandi yfirlýsinga. Talið var að sú staðreynd að stefnandi væri stórt fjölþjóðlegt fyrirtæki ætti ekki heldur að hindra að það gæti varið sig gegn ærumeiðandi yfirlýsingum eða að kærendur þyrftu

10. gr. Tjáningarfrelsi

ekki að sanna sannleiksgildi yfirlýsinga sinna. Talið var að stór fyrirtæki bjóði upp á sérstaka skoðun og mörk lögmætrar gagnrýnni séu vissulega víðari þegar kemur að slíkum fyrirtækjum. Hins vegar kæmi líka sá þáttur til álita, auk hagsmuna almennings af opinberri umræðu um starfshætti fyrirtækja, að velgengni fyrirtækja felur í sér ekki einungis hagsmuni fyrir hluthafa þeirra heldur efnahaginn í heild sinni. Því hefði ríkið ákveðið mat um það hvernig það hagaði löggjöf sinni varðandi möguleika fyrirtækja til að bregðast við ærumeiðandi yfirlýsingum.

Hins vegar var talið nauðsynlegt, í ljósi tjáningarfrelsis og frjálsrar umræðu, að ef ríkið ætlaði að veita fyrirtæki einhver slík úrræði þyrfti að tryggja réttláta málsmeðferð og jafnræði aðila. Hinir almennu hagsmunir af frjálsri dreifingu upplýsinga og hugmynda um svo öfluga viðskiptaaðila, auk hinna mögulegu fælandi áhrifa á aðra, væru einnig mikilvægir þættir sem þyrfti að skoða í samhengi. Þar sem málsmeðferð var ekki réttlát, né jafnræði með aðilum, taldi dómstóllinn að einnig hefði verið brotið gegn réttindum kæranda skv. 10. gr.

Að auki yrðu bætur dæmdar á grundvelli ærumeiðinga að vera í samræmi við þann hnekki sem mannorð viðkomandi beið. Jafnvel þó svo að enginn reki hafi verið gerður að því að innheimta bætunarn frá kærendum breytti það því ekki að hægt hafði verið að gera það allt frá því endanlegur dómur lá fyrir. Undir þessum kringumstæðum var fjárhæð bóttanna ekki talin í samræmi við það markmið sem stefnt var að.

Í ljósi þess að ekki var um réttláta málsmeðferð að ræða og fjárhæð bóta var ekki í samræmi við markmið sitt taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 10. gr. Fyrri kæranda voru dæmdar 20.000 evrur og seinni kæranda voru dæmdar 15.000 evrur fyrir málskostnaði á grundvelli 41. gr.

Ukrainian Media Group gegn Úkraínu

Dómur frá 29. mars 2005

Mál nr. 72713/01

10. gr. Tjáningarfrelsi

Ummæli um stjórnámamenn. Staðreyndir og gildisdómar.

1. Málsatvik

Kærandi, Ukrainian Media Group, er útgáfufyrirtæki í Kíev sem gefur út dagblað. Tvær greinar birtust þar dagana 21. ágúst og 14. september 1999 sem fjölluðu um úkraínsku forsetakosningarnar. Lét greinarhöfundur þung orð falla um tvo forsetaframbjóðendur, Natalia Vitrenko, leiðtoga framsækna sósíalistasflokks Úkraínu, og Petro Symonenko, leiðtoga úkraínska kommúnistasflokksins.

Báðir frambjóðendurnir höfðuðu mál gegn fyrirtækinu á grundvelli þess að greinarnar væru ósannar og þær sköðuðu æru þeirra og mannorð. Í mars og desember 2000 gengu dómar í málunum. Var þar fallist á kröfur Vitrenko og voru kröfur Symonenko að hluta til teknar til greina þar sem kæranda tókst ekki að sanna sannleiksgildi efnis greinanna. Kærandi var dæmdur til greiðslu bóta í báðum tilvikum og skyldaður til að birta leiðréttingu og úrskurðarorð dómsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn tjáningarfrelsi sínu skv. 10. gr. þar sem úkraínskir dómstólar hefðu ekki gert greinarmun á gildisdómum og staðreyndum við mat sitt á greinunum tveimur og að úrlausnir þeirra væru pólitísk ritskoðun sem takmarkaði rétt félagsins til að dreifa upplýsingum.

Niðurstæða

Dómstóllinn taldi að sú takmörkun sem gerð var á tjáningarfrelsi kæranda væri studd við lög og stefndi að lögmætu markmiði, þ.e. að verja mannorð og réttindi annarra. Þá var tekið til skoðunar hvort úkraínsk lög og framkvæmd þeirra sem slík væri í samræmi við sáttmálann og framkvæmd hans varðandi 10. gr. og hvort innlendir dómstólar hefðu ekki getað tryggt rétt kæranda til tjáningarfrelsis. Dómstóllinn leit til þess að þágildandi úkraínsk löggjöf um ærumeiðingar gerði engan greinarmun á gildisdómum og staðreyndum, aðeins var talað um yfirlýsingar og gengið út frá því að slíka yfirlýsingu gæti þurft að sanna fyrir dómstólum. Einnig var tekið tillit til nýlegra ábendinga, skýrslna og ákvarðana alþjóðastofnana og samtaka sem öll höfðu lýst miklum áhyggjum af því hvernig tjáningarfrelsi væri háttað í Úkraínu.

Skv. 7. gr. úkraínsku borgararéttarlaganna skal hver sá sem miðlar upplýsingum þurfa að sanna sannleiksgildi þeirra. Sama krafa um sönnun átti við um gildisdóma. 37. kafli úkraínskra laga um prentmiðla skyldaði viðkomandi fjölmiðil til að leiðrétta yfirlýsingu sem hann hafði miðlað ef hann gat ekki sannað hana. Ef mannorð aðila hafði skaðast vegna yfirlýsingar, jafnvel þótt hún reyndist aðeins vera gildisdómur, gátu dómstólar dæmt fjölmiðilinn til greiðslu miskabóta. Landslög gerðu því ráð fyrir að verndun æru og mannorðs opinberra aðila væri mikilvægari en möguleikinn á að gagnrýna þá aðila opinberlega. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að úkraínsk lög og framkvæmd þeirra hefði í þessu máli komið í veg fyrir að innlendir dómstólar gætu gert greinarmun á gildisdómum, réttmætum ummælum og yfirlýsingum sem ekki þurfti að sanna. Innlend lög væru því svo ströng í framkvæmd að þau gátu leitt til brota á 10. gr.

Í máli kæranda komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ummælin sem látin voru falla í báðum blaðagreinunum teldust gildisdómar, notaðir í samhengi við pólitíska umræðu, sem kærendur þyrftu ekki að sanna. Dómstóllinn leit til þess að ummælin fólu í sér gagnrýni á viðkomandi stjórnáamenn með hörðum, ádeilukennendum og hæðnislegum orðum. Vafalaust höfðu þau móðgast og jafnvel hneykslast. Hins vegar yrði að líta til þess að þegar þau völdu sér starfssvið máttu þau gera ráð fyrir að fylgst yrði náið með þeim og þau gætu verið gagnrýnd harkalega á opinberum vettvangi. Þetta væri sú byrði sem stjórnáamenn í lýðræðislegum þjóðfélögum yrðu að setta sig við.

Í ljósi umræddra greina í heild sinni og þeirra hagsmuna sem vógust á taldi dómstóllinn að það samræmdest ekki því markmiði sem stefnt var að, að dæma kæranda sekan um ærumeiðingar. Takmörkunin á tjáningarfrelsi kæranda réttlættist

ekki af brýnni þörf í þjóðfélaginu sem vó þyngra en hagsmunir almennings af lög-
mætri stjórn málaumræðu um forsetakosningarnar og frambjóðendurna. Að auki
voru þau viðmið sem úkraínskir dómstólar beittu ekki í samræmi við meginreglur
10. gr. og þær ástæður sem gefnar voru sem réttlætning á takmörkuninni gátu ekki
talist nægilegar. Dómstóllinn komst því að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði
verið gegn rétti kæranda skv. 10. gr.

Kæranda voru dæmdar 588,12 evrur í bætur fyrir fjártjón, 33.000 evrur í
miskabætur og 5.521,07 evrur fyrir útlögðum kostnaði á grundvelli 41. gr.

Independent News and Media Plc. og Independent Newspapers Ltd. gegn Írlandi

Dómur frá 16. júní 2005

Mál nr. 55120/00

10. gr. Tjáningarfrelsi

Bætur vegna ærumeiðinga. Stjórnmalamenn.

1. Málsatvik

Kærendur eru tvö írsk útgáfufyrirtæki, Independent News Plc. og Independent
Newspapers Ltd. Síðarnefnda fyrirtækið gefur út dagblöð, m.a. Sunday Inde-
pendent, og er að öllu leyti í eigu hins fyrrnefnda. Sunday Independent hefur stærsta
markaðshlutdeild sunnudagsblaða.

Þann 13. desember 1992 birti Sunday Independent grein sem fjallaði m.a. um bréf
frá árinu 1986 sem nýlega hafði komið fram. Átti það að hafa verið ritað til
miðstjórnar kommúnistaflokks Sovétríkjanna. Var staðhæft í blaðgreininni að de
Rossa, þekktur írskur stjórnmalamaður og einn forystumanna Verkamannaflokksins,
hefði verið annar þeirra sem skrifaði undir bréfið. Vísaði bréfið til nýlegra aðgerða
sem gripið hefði verið til vegna fjárskorts Verkamannaflokksins. Samkvæmt grein-
inni voru aðgerðirnar ólöglegar, meðal annars rán og peningafölsun. Sagði greinin
engan vafa á því að félagar í flokki de Rossa hefðu tekið þátt í slíkum aðgerðum.
Hins vegar hefði ekki verið sannað að de Rossa vissi hvaðan fjármagn flokks síns
kæmi. Þegar greinin birtist var de Rossa leiðtogi annars stjórnmalaflokks (the
Democratic Left) og þingmaður á írsku þinginu. Um sömu mundir tók hann einnig
þátt í viðræðum í kjölfar þingkosninga um stöðu og þátttöku flokks síns í ríkisstjórn.

De Rossa höfðaði meiðyrðamál gegn Independent News og krafðist miskabóta. Í
réttarhöldunum leiðbeindi dómari málsins kviðdómi um eðli skaðabóta og til hvers
kviðdómurinn ætti að líta við ákvörðun fjárhæðar þeirra. Lét hann meðal annars þau
ummæli falla að ef kviðdómurinn myndi fallast á bótarétt de Rossa kæmu verulegar
fjárhæðir til álita við bótaákvörðun. Kviðdómur féllst á að greinin hefði verið
ærumeiðandi og dæmdi de Rossa 300.000 írsk pund í bætur. Bótafjárhæðin, sem
staðfest var af Hæstarétti Írlands, var þrefalt hærri en hæsta bótafjárhæð sem áður
hafði verið staðfest af dómnum í sambærilegum málum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu bótafjárhæðina óeðlilega háa og að ekki hefðu verið fyrir hendi nægileg og skilvirk úrræði gegn slíkum ákvörðunum kviðdóma. Hefði með þessu verið brotið gegn tjáningarfrelsi þeirra skv. 10. gr.

Niðurstaða

Aðilar málsins deildu ekki um að bótaákvörðunin fæli í sér takmörkun á tjáningarfrelsi kærenda, að hún hefði verið kveðin upp í þeim tilgangi að vernda mannorð de Rossa eða að takmörkun á tjáningarfrelsi hefði væri lögmæt. Kærendur héldu því hins vegar fram að fjárhæðin væri ekki sanngjörn og meðalhófs hefði ekki verið gætt við ákvörðun hennar.

Dómstóllinn benti á dóm sinn í máli *Tolstoy Miloslavsky gegn Bretlandi* frá 13. júlí 1995. Í ljósi þess dóms þyrfti að svara því í málinu hvort fyrir hendi hefðu verið úrræði á fyrsta dómstigi og áfrýjunarstigi gegn ósanngjörnum bótafjárhæðum sem tryggðu að meðalhófs væri gætt á milli afleiðinga bótaskylds atviks og fjárhæðar skaðabóta vegna þess. Dómstóllinn taldi nægilegt að bótaákvörðun sé talin óvenjuleg til að dómstóllinn taki til athugunar hvort aðgengileg og skilvirk úrræði séu fyrir hendi til varnar ósanngjörnum bótafjárhæðum. Þó að ærumeiðingin væri alvarleg yrði að líta til þess að bótaákvörðunin var þrefalt hærri en hæsta bótaákvörðun sem áður hafði verið staðfest af Hæstarétti í slíku máli. Þá hafði ríkið ekki getað sýnt fram á sambærilegar bótaákvæðanir eftir það. Með vísan til fordæma taldi dómstóllinn að sú bótafjárhæð sem kærendur þurftu að greiða hefði verið það óvenjuleg, að endurskoðun dómstólsins væri nauðsynleg á því hvort úrræði kærenda til að fá hana endurskoðaða fullnægðu skilyrðum 10. gr.

Aðilar deildu um það að hvaða marki dómari gæti leiðbeint kviðdómendum um fjárhæð bóta. Dómstóllinn tók fram að ekki væri markmið sáttmálans að mæla fyrir um tiltekna alþjóðlega staðla sem ríki skyldu fylgja til að tryggja fullt samræmi í þessum efnunum. Grundvallarspurningin væri hvort vernd gegn ósanngjörnum bótaákvörðunum væri fullnægjandi, með tilliti til málsmeðferðarinnar í heild sinni.

Tók dómstóllinn fram að dómari í undirrétti hefði við meðferð málsins gefið kviðdómendum tvær mikilvægar vísbendingar um fjárhæð bóta. Hann leiðbeindi kviðdómi þannig að fjárhæð bóta þyrfti að vera slík að hún myndi á sanngjarnan og skynsamlegan hátt bæta þeim sem hin ærumeiðandi ummæli beindust að það tjón sem orðið hefði á tilfinningum hans og stöðu. Matið skyldi aðeins fara fram á grundvelli staðreynda sem teldust sannaðar og líta ætti til eðlis ummælanna, stöðu þolanda, umfangs birtingar ummælanna og framkomu blaðsins á öllum stigum málsins. Hann hafði einnig lagt fyrir kviðdóminn dæmi um mál þar sem talið var um tiltölulega lítt ærumeiðandi ummæli að ræða. Var það gert til að veita kviðdómnum einhverja viðmiðun. Þá hafði hann í framhaldinu leiðbeint kviðdómi á þá leið að yrði fallist á bótarétt, þyrfti fjárhæð bótanna að vera veruleg. Með samanburði á málinu við Tolstoy-málið taldi dómstóllinn að leiðbeiningar í máli kærenda hefðu verið ítarlegri en í Tolstoy-málinu.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fyrir Hæstarétti hafði formaður dómsins útskýrt, annars vegar, hugtakið meðalhóf í írskum lögum. Benti hann á að það að finna fullnægjandi jafnvægi á milli andstæðra stjórnarskrárvarinna réttinda (tjáningarfrelsis og æru) byggðist á meðalhófsmælikvarða sem mælt er fyrir um í írskum lögum og endurspeglaði meðalhófsmælikvarða mannréttindasáttmálans. Hins vegar útskýrði dómsformaðurinn, nokkuð ítarlega, hina óvenjulegu og eindregnu helgi sem einkennir bótaákvörðanir kviðdóma. Þá sagði hann að írskir áfrýjunardómstólar hefðu verið tregir til að endurskoða þær. Var hann ósammála þeirri endurskoðun sem fram fór fyrir breskum dómstólum á bótaákvörðunum kviðdóma þar sem hann taldi að slík endurskoðun myndi rýra þessa helgi bótaákvörðana kviðdóma og myndi leiða til þess að áfrýjunardómstólar myndu fremur byggja á ákvörðun dómara en kviðdóms. Þannig væri aðeins unnt að breyta bótaákvörðun kviðdóms ef áfrýjunardómstóll væri svo sannfærður um að bótaákvörðunin væri ekki í samræmi við það tjón sem orðið hafði, að enginn skynsamlegur kviðdómur hefði ákveðið slíkan bótarétt.

Mannréttindadómstóllinn benti á að Hæstiréttur hefði litið til þónokkurra atriða sem skipt gátu máli, m.a. alvarleika ærumeiðingarinnar, áhrifa á de Rossa og á viðræður um myndun ríkisstjórnar hans í kjölfar þingkosninga sem stóðu yfir þegar greinin var birt. Þá hefði einnig verið litið til umfangs birtingarinnar, háttsemi Independent News og Media og þess að de Rossa hefði þurft að þola tímafreka málsmeðferð fyrir dómstólum. Með tilliti til þessara atriða hafði Hæstiréttur komist að því að kviðdóminum hefði verið lögmætt að nýta bótaramma til fulls og ákvarða þannig 300.000 pund í skaðabætur.

Fjárhæðin væri vissulega há, en hafa yrði í huga að ærumeiðingin hefði verið alvarleg og meðal annars verið gefið í skyn að de Rossa hefði tengsl við eða hefði liðið alvarlega glæpi, og væri samþykkuð gyðingahatri og harðstjórn kommúnista. Með tilliti til þeirrar grundvallarreglu skaðabótaréttar að fjárhæð þeirra skyldi vera sanngjörn og skynsamleg og í hlutfallslegu samræmi við það tjón sem athöfnin sem hún átti að bæta leiddi til, hafði Hæstiréttur ekki fallist á að bótafjárhæðin sem kviðdómur ákvað, hefði farið fram úr því sem skynsamur og sanngjarn kviðdómur hefði ákveðið. Þá taldi Hæstiréttur fjárhæðina ekki í ósamræmi við það tjón sem de Rossa varð fyrir. Að lokum, með tilliti til málsatvika, sérstaklega mælikvarða Hæstaréttar, og þess svigrúms til mats sem aðildarríki hafa í þessu sambandi, taldi dómstóllinn ekki hafa verið sýnt fram á að þau úrræði sem verndað gætu gegn ósanngjörnum bótaákvörðunum kviðdóma væru ófullnægjandi eða óskilvirk.

Var því ekki brotið gegn 10. gr.

Einn dómari skilaði séráliti.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Partidul Comunistilor (Nepeceristi) og Ungureanu

gegn Rúmeníu

Dómur frá 3. febrúar 2005

Mál nr. 46626/99

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Synjun um að skrá stjórn málaflokk.

1. Málsatvik

Kærendur eru tveir, annars vegar stjórn málasamtök með heitinu Partidul Comunistilor (Nepeceristi) (PCN) og hins vegar formaður þeirra, Gheorghe Ungureanu, rúmenskur ríkisborgari, fæddur 1942. PCN voru stofnuð í mars 1996 og eru helstu markmið þeirra samkvæmt stefnuskrá, að verja réttindi verkafólks og halda uppi grundvallarhugmyndum kommúnismans. Kærandinn, Ungureanu, sótti um að skrá flokkinn á sérstakri skrá yfir stjórn málaflokka. Með dómi 19. apríl 1996 hafnaði undirréttur í Búkarest skráningunni á þeim grundvelli að PCN stefndi að pólitískum völdum til að koma á fót „mannúðlegu ríki“ sem grundvallaðist á kommúnískri hugmyndafræði. Með þessu teldu kærendur að núverandi stjórnskipan, sem hafði verið við lýði síðan 1989, væri ómannúðleg og ekki grundvölluð á raunverulegu lýðræði. Niðurstaða undirréttarins var staðfest af áfrýjunardómstóli Búkarest 28. ágúst 1996.

2. Málsmeðferð hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að brotið hefði verið gegn réttindum sínum skv. 11. gr. þegar stjórnvöld neituðu að skrá PCN sem stjórn málaflokk. Auk þess töldu þeir að brotið hefði verið gegn réttindum sínum skv. 14. gr. þar sem þeim hafi verið mismunað á grundvelli stjórn málaskoðana sinna.

Niðurstaða

Um 11. gr.: Dómstóllinn vísaði til þess að neitun stjórnvalda um að skrá PCN grundvallaðist á löggjöf um skráningu og starfsemi stjórn málaflokka. Í ljósi reynslu Rúmeníu af alræðisskipulagi taldi dómstóllinn að líta mætti svo á að þau úrræði sem notuð voru væru í þágu þjóðaröryggis og til verndar réttindum og frelsi annarra. Þar sem rúmenskir dómstólar höfðu hafnað skráningu PCN eingöngu á grundvelli laga og stefnuskrár flokksins leit dómstóllinn svo á að við mat á nauðsyn takmörkunarinnar bæri einungis að líta til þessara tveggja skjala. Ekki yrði litið til yfirlýsinga sem Ungureanu hafði gefið frá sér eftir ákvörðun um að neita um skráningu flokksins eins og rúmenska ríkið vildi halda fram. Hvað sem því leið fann dómstóllinn ekkert í þeim yfirlýsingum sem hvatti til notkunar ofbeldis í stjórn mála- legum tilgangi né nokkur stjórn mála leg markmið sem sköruðust á við lýðræðisleg gildi.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Eftir að hafa skoðað lög og stefnuskrá PCN leit dómstóllinn til þess að þar væri lögð áhersla á mikilvægi þess að viðhalda fullveldi landsins, þess eigin landsvæði, lagalegri stjórnskipan landsins og lýðræðislegum hugmyndum, þar á meðal fjölbreytni, almennum mannréttindum og frelsi til að taka þátt í stjórnámum. Ekki var að finna efni sem túlka mætti sem hvatningu til ofbeldis, byltingar af nokkru tagi eða nokkurt annað fráhrvarf frá lýðræðislegum gildum. Þar voru kaflar sem gagnrýndu þá misnotkun sem hafði átt sér stað undir stjórn kommúnistaflokksins fyrir 1989 og svo aftur kaflar sem gagnrýndu þá stefnu sem fylgt hafði verið síðan. Dómstóllinn taldi að það væri ekki réttlætning á því að hindra stjórnáflakokk sem fylgdi grunnreglum lýðræðis að vísa til þess að hann hefði gagnrýnt núverandi stjórnskipan landsins og reynt að efna til almennrar umræðu um stjórnám.

Dómstóllinn leit einnig til þess að þar sem PCN hafði verið synjað um skráningu hafði hann ekki haft tækifæri til að grípa til aðgerða sem leitt hefðu getað í ljós önnur markmið en þau sem hann lýsti yfir opinberlega. Flokksnum hefði því verið refsað fyrir það eitt að nýta tjáningarfrelsi sitt. Dómstóllinn féllst á að taka tillit til sögulegs bakgrunns og reynslu Rúmeníu af alræðisstjórn kommúnista fyrir 1989. Sú saga gat hins vegar ekki ein og sér réttlætt nauðsyn slíkra takmarkana á réttindum.

Þá komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að svo harkaleg ráðstöfun að neita PCN um skráningu sem stjórnáflakokki áður en hann hafði hafið starfsemi samrýmdest ekki kröfum um meðalhóf í ljósi þess markmiðs sem stefnt var að og því ekki nauðsynlegt í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þess vegna var brotið gegn réttindum kæranda skv. 11. gr.

Um 14. gr., sbr. 11. gr.: Þar sem krafa kæranda skv. 14. gr. var byggð á sömu staðreyndum og krafan skv. 11. gr. taldi dómstóllinn ekki ástæðu til að skoða hana einnig sérstaklega.

Á grundvelli 41. gr. voru kærendum dæmdar 100 evrur vegna útlagðs kostnaðar. Talið var að niðurstaða dómsins sjálfs fæli í sér viðunandi bætur til kæranda vegna miska.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

L.M. gegn Ítalíu

Dómur frá 8. febrúar 2005

Mál nr. 60033/00

Sjá reifun dóms undir 8. gr.

Húsleit. Úrræði til að fá skorið úr um lögmæti aðgerða.

Bubbins gegn Bretlandi

Dómur frá 17. mars 2005

Mál nr. 50196/99

Sjá reifun dóms undir 2. gr.

Mannslát vegna valdbeitingar lögreglu. Rannsókn.

Monory gegn Rúmeníu og Ungverjalandi

Dómur frá 5. apríl 2005

Mál nr. 71099/01

Sjá reifun dóms undir 8. gr.

Haag-samningur um brottnám barna. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

Krasuski gegn Póllandi

Dómur frá 14. júní 2005

Mál nr. 61444/00

Sjá reifun dóms undir 6. gr.

Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

14. gr. Bann við mismunun

Wolfmeyer gegn Austurríki

Dómur frá 26. maí 2005

Mál nr. 5263/03

8. gr. Friðhelgi einkalífs

14. gr. Bann við mismunun

Refsilöggjöf. Samkynhneigðir.

1. Málsatvik

Kærandi, Thomas Wolfmeyer, er austurrískur ríkisborgari, fæddur 1968. Hann var ákærður, og sakfelldur 23. nóvember 2000, fyrir að hafa tekið þátt í kynferðislegum athöfnum með tveimur karlkyns ungmennum. Varðaði háttsemin við 209. gr. austurrísku hegningarlöggjöfanna. Hann var dæmdur til skilorðsbundins sex mánaða fangelsis.

Kærandi áfrýjaði dóminum og í kjölfar þess leitaði áfrýjunardómstóllinn eftir áliti stjórnlagadómstóls á því hvort 209. gr. hegningarlöggjöfanna væri í samræmi við stjórnarskrá Austurríkis. Taldi stjórnlagadómstóllinn 209. gr. hegningarlöggjöfanna ekki í samræmi við ákvæði stjórnarskrár. Kærandi var sýknaður í dómi áfrýjunardómstóls. Kærandi krafðist þess að fá greiddan kostnað vegna málsins. Þrátt fyrir að kostnaður sem kærandi þurfti að leggja út í hefði verið nauðsynlegur vegna máls hans, taldi áfrýjunardómstóllinn austurrísk lög aðeins veita kæranda rétt til greiðslu að hámarki 1.091 evrur. Var sú greiðsla greidd honum sem framlag til kostnaðar hans af vörninni. Þar að auki voru kæranda dæmdar 748 evrur vegna útgjalda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi 209. gr. austurrísku hegningarlöggjöfanna hafa falið í sér mismunun þar sem samræði og/eða aðrar kynferðislegar athafnir gagnkynhneigðra eða lesbískra einstaklinga yfir 19 ára aldri, við ungmenni á bilinu 14-18 ára, með samþykki þeirra síðarnefndu væru ekki refsiverðar. Þá taldi hann meðferð máls hans fyrir austurrískum dómstólum fela í sér mismunun. Taldi hann þetta varða við 8. gr. eina og tekna saman með 14. gr. Ákærði vísaði m.a. til dóma Mannréttindadómstólsins í málum *L og V gegn Austurríki* og *S.L. gegn Austurríki frá 9. janúar 2003* og þeirra röksemda sem kærændur í þeim málum byggðu á.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi kæranda enn þólanda takmörkunar á rétti sínum samkvæmt sáttmálanum, sbr. 34. gr. MSE, enda hafði hann ekki fengið fullnægjandi bætur í kjölfar sýknu sinnar á áfrýjunarstigi. Þá hafði hvorki falist í sýknudóminum viðurkenning á því að brotið hefði verið gegn ákvæðum sáttmálans né viðurkenndur réttur kæranda til miskabóta eða fullrar endurgreiðslu málskostnaðar. Dómstóllinn

14. gr. Bann við mismunun

tók fram að hann hefði í sambærilegum málum viðurkennt rétt einstaklings til miskabóta. Þá væri til þess að líta að þættir í einkalífi kæranda höfðu verið gerðir almenningi kunnir. Taldi dómstóllinn að réttindi kæranda skv. 14. gr. MSE, sbr. 8. gr. MSE, hefðu verið brotin. Taldi dómstóllinn ekki nauðsynlegt að taka til skoðunar hvort brotið hefði verið gegn 8. gr. MSE einni.

Dómstóllinn dæmdi kæranda 10.000 evrur í miskabætur og 18.000 evrur í málskostnað og útgjöld á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

Claes o.fl. gegn Belgíu

Dómur frá 2. júní 2005

Mál nr. 46825/99, 47132/99, 47502/99, 49010/99, 49104/99, 49195/99 og 49716/99

Sjá reifun dóms undir 6. gr.

Refsiábyrgð ráðherra. Sérdomstólar.

Jahn o.fl. gegn Þýskalandi

Dómur frá 30. júní 2005 - Yfirdeild

Mál nr. 46720/99, 72203/01 og 72552/01

Sjá reifun dóms undir 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Eignarnám. Bótaréttur.

34. gr. Kærur einstaklinga

Mamatkulov og Askarov gegn Tyrklandi

Dómur frá 4. febrúar 2005 - Yfirdeild

Mál nr. 46827/99

3. gr. Bann gegn pyndingum

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

34. gr. Kærur einstaklinga

Útlendingar. Framsal. Hætta á ómannúðlegri meðferð. Frestun á framkvæmd ákvörðunar. Skylda ríkis til að tryggja raunhæfa beitingu kærurétta.

1. Málsatvik

Kærendur eru ríkisborgarar í Úsbekistan, Rustam Mamatkulov, fæddur 1959, og Abdurasulovic Askarov, fæddur 1971. Þeir voru meðlimir í ERK-frelsisflokknum (stjórnarandstöðuflokkur í Úsbekistan). Þeir voru handteknir í Tyrklandi 3. og 5. mars 1999 grunaðir um manndráp, vegna manntjóns sem varð í sprengingu í Úsbekistan og tilraun til hryðjuverkaárásar á forseta Úsbekistan. Úsbekistan fór fram á framsal kæranda á grundvelli framsalssamnings við Tyrkland. Tyrkneskir dómstólar sem fengu framsalskröfuna til umfjöllunar komust að þeirri niðurstöðu að brotin sem kærendum voru gefin að sök væru hvorki þess eðlis að vera pólitísk né hernaðarleg heldur væru þau venjulegir glæpir. Voru þeir því úrskurðaðir í varðhald þar til þeir yrðu framseldir.

Kærendur kærðu málið til Mannréttindadómstólsins þar sem líf þeirra væri í hættu og þeir myndu sæta ómannúðlegri meðferð yrðu þeir framseldir til Úsbekistan. Mannréttindadómstóllinn beindi þeim tilmælum til tyrkneska ríkisins hinn 18. mars 1999, á grundvelli 39. gr. málsmeðferðarreglna dómstólsins, að framkvæmd ákvörðunar um framsal yrði frestað þar til dómstóllinn hefði haft tækifæri til að skoða kærana við næsta þinghald sitt 23. mars 1999. Þann 19. mars 1999 gaf tyrkneska ríkisstjórnin út skipun um að kærendur skyldu framseldir og voru þeir afhentir yfirvöldum Úsbekistan 27. mars 1999. Kærendur voru sakfelldir í Úsbekistan með dómi þann 28. júní 1999 fyrir þau brot sem þeim voru gefin að sök og annar dæmdur til 20 ára og hinn 11 ára fangelsisvistar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að brotið hefði verið gegn 2. og 3. gr. sáttmálans þar sem þeim hefði staðið raunveruleg hættu af því að sæta illri meðferð eða pyndingum yrðu þeir framseldir.

Þeir töldu einnig að meðferð framsalsmáls þeirra í Tyrklandi bryti gegn 6. gr. Þá töldu þeir að með framsali þeirra hefði Tyrkland ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum þar sem það hefði ekki hegðað sér í samræmi við tilmæli Mannréttindadómstólsins, sbr. reglu 39 í málsmeðferðarreglum dómstólsins.

Niðurstaða deildar

Kveðinn var upp dómur af deild 7 dómara 6. febrúar 2003 og var einróma niðurstaða að hvorki hefði verið brotið gegn 3. gr. né 6. gr. sáttmálans. Þá var talið með sex atkvæðum gegn einu að Tyrkland hefði brotið gegn skyldu sinni skv. 34. gr. sáttmálans til að tryggja einstaklingum raunhæfan kærurétt vegna brota á ákvæðum sáttmálans. Tyrkneska ríkið skaut málinu til yfirdeildar Mannréttindadómstólsins.

Niðurstaða yfirdeildar

Um 2. og 3. gr.: Dómstóllinn tók tillit til þess að skýrslur alþjóðlegra mannréttindasamtaka lágu fyrir með upplýsingum um skipulagðar pyndingar og aðra slæma meðferð pólitískra andstæðinga stjórnarinnar í Úsbekistan. Hins vegar komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að þótt þær skýrslur fjölluðu almennt um ástandið í Úsbekistan styddu þær ekki hinar sérstöku ásakanir kæranda og þyrftu frekari gögn að liggja fyrir.

Dómstóllinn tók mið af því tímamarki þegar kærendur voru framseldir, þ.e. 27. mars 1999, við úrlausn þess hvort raunveruleg hætta væri á því að kærendur væru látnir sæta meðferð gagnstæðri 3. gr. Tyrkneska ríkið hélt því fram að kærendur hefðu verið framseldir eftir að fengist hafði trygging fyrir því hjá stjórnvöldum í Úsbekistan að eignir kæranda yrðu hvorki gerðar upptækar né yrðu kærendur látnir sæta pyndingum eða dauðarefsingu. Ríkið lagði einnig fram læknauskýrslur frá þeim læknum sem störfuðu við úsbekka fangelsið þar sem kærendur voru vistaðir.

Í ljósi fyrirbyggjandi gagna taldi dómstóllinn ekki hægt að skera úr um hvort raunveruleg hætta hefði verið á að kærendur sættu meðferð sem færi í bága við 3. gr. þegar þeir voru framseldir. Þar sem Tyrkland hafði ekki fylgt óskum dómsins, sbr. reglu 39 í málsmeðferðarreglum dómstólsins, hefði verið komið í veg fyrir að unnt yrði að meta hættu á pyndingum eða ómannúðlegri meðferð á þann hátt sem eðlilegt hefði verið. Því komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu ekki væri hægt að staðfesta að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans. Þar sem dómstóllinn hafði þegar tekið til skoðunar mál kæranda hvað varðaði 3. gr. taldi hann ekki nauðsynlegt skoða sjálfstætt kærnu um brot á 2. gr.

Um 6. gr.: Hvað varðaði kvörtun kæranda um að þeir hefðu ekki notið réttlátrar málsmeðferðar fyrir þeim dómstóli sem úrskurðaði um framsal þeirra minnti dómstóllinn á að ákvarðanir varðandi landvistarleyfi þeirra sem ekki eru ríkisborgarar aðildarríkis félli ekki undir réttindi eða skyldur að einkamálarétti né heldur væru þeir bornir sökum um refsivert brot. Því ætti 1. mgr. 6. gr. ekki við mál kæranda.

Varðandi yfirlýsingar kæranda um að enginn möguleiki væri á að þeir fengju réttláta málsmeðferð í Úsbekistan taldi dómstóllinn að hættuna á grófum réttarbrotum yrði að meta í ljósi þess sem ríkið vissi eða hefði mátt vita um þau við framsalið. Þar sem framsalið fór fram þótt beiðni hefði komið frá Mannréttindadómstólnum á grundvelli reglu 39 í málsmeðferðarreglum dómstólsins þurfti að meta hættuna á grófum réttarbrotum í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir dómstólnum lágu. Þrátt fyrir að efast mætti um, á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, að kær-

34. gr. Kærur einstaklinga

endur myndu njóta réttlátrar málsmeðferðar, voru ekki til næg sönnunargögn sem renndu stoðum undir að alvarlegir ágallar yrðu á málsmeðferð kæranda. Því var ekki talið að um brot á 1. mgr. 6. gr. hefði verið að ræða.

Um 34. gr.: Dómstóllinn tók tillit til þess að kærundur misstu samband við lögfræðinga sína eftir að þeir voru framseldir og gátu því ekki aflað sönnunargagna til að styðja yfirlýsingar sínar varðandi brot á 3. gr. Þar af leiðandi gat dómstóllinn ekki metið það sem skyldi hvort raunveruleg hættu var á illri meðferð.

Dómstóllinn benti á að í mörgum nýlegum úrlausnum alþjóðlegra dómstóla og stofnana hefur verið lögð áhersla á mikilvægi og þýðingu þess að fresta framkvæmd ákvarðana í þeim tilgangi að verja réttindi einstaklinga þegar séð væri fram á óafturkræfan skaða. Dómstóllinn lagði áherslu á að kæruréttur einstaklinga samkvæmt Mannréttindasáttmálanum hefði með árunum orðið mjög mikilvægur og væri nú lykilatriði við vernd þeirra mannréttinda sem þar er að finna. Í því samhengi taldi dómstóllinn að í ljósi meginreglna alþjóðalaga væri ekki hægt að greina að frestun framkvæmdar ákvörðunar frá virkni þeirra réttinda sem til skoðunar voru. Dómstóllinn minnti á að skv. 1. mgr. 31. gr. Vínarsáttmálans um alþjóðasamninga skyldi túlka samninga í góðri trú í samræmi við markmið þeirra og tilgang og einnig þannig að ákvæði þeirra hefðu raunverulegt gildi.

Í kerfi Mannréttindasáttmálans hafi frestun framkvæmdar ákvarðana eins og henni hefur endurtekið verið beitt, verið mikilvægur þáttur í því að forða því að óafturkræfar afleiðingar verði áður en dómstóllinn hafi fengið tækifæri til að skoða kæru og eftir atvikum tryggja réttindi kæranda samkvæmt sáttmálanum. Samkvæmt þessum skilyrðum yrði að telja að þegar ekki væri virt ósk um frestun framkvæmdar ákvörðunar drægi það úr virkni sáttmálans og kærurétti einstaklinga skv. 34. gr. og hefði ríkið þá ekki fullnægt skyldu sinni til að verja réttindi sáttmálans skv. 1. gr. nægilega vel. Ósk um frestun framkvæmdar ákvarðana hefði ekki einungis gefið dómstólnum færi á að skoða kærana heldur einnig að tryggja að sú vernd sem kæranda er veitt samkvæmt sáttmálanum yrði virk. Slík ósk um frestun framkvæmdar réttaráhrifa hefði gert ráðherranefnd Evrópuráðsins kleift að hafa umsjón með því að endanlegum dómi yrði framfylgt. Slík frestun hefði því haft það í för með sér að viðkomandi ríki gæti leyst af hendi þá skyldu sína að framfylgja hinum endanlega dómi eins og því er lagalega skylt skv. 46. gr. sáttmálans. Þar af leiðandi þyrfti að skoða áhrif þess gagnvart aðildarríki að dómstóllinn óski eftir því að framkvæmd réttaráhrifa verði frestað í ljósi skyldna þess skv. 1., 34. og 46. gr. sáttmálans.

Eins og staðreyndir málsins báru glögglega með sér gat dómstóllinn ekki rannsakað kærurnar sem bárust á þann veg sem almennt er gert þar sem kærundur voru þegar framseldir. Að sama skapi gat dómstóllinn þá ekki tryggt réttindi samkvæmt sáttmálanum. Það að kærundur hefðu verið framseldir gerði að engu möguleika þeirra til að byggja rétt sinn á sáttmálanum skv. 34. gr.

Dómstóllinn minnti á að aðildarríki sáttmálans skulu ekki á nokkurn hátt, hvorki með athöfnum né athafnaleysi, koma í veg fyrir það að einstaklingar geti byggt rétt

34. gr. Kærur einstaklinga

sinn á sáttmálanum. Neitun um að fresta framsali kæranda kom í veg fyrir að dómstóllinn gæti raunverulega tekið mál þeirra til skoðunar og hindraði þannig að þeir gætu byggt rétt sinn á sáttmálanum. Taldi dómstóllinn að ákvörðun Tyrklands um að virða ekki ósk hans um frestun framkvæmdar ákvörðunar, sbr. reglu 39 í málsmeðferðarreglum hans, væri brot á 34. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi hverjum kæranda miskabætur að upphæð 5.000 evrur og svo báðum samanlagt 15.000 evrur fyrir málskostnaði á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

Fimm dómáramar skiluðu séráliti.

Öcalan gegn Tyrklandi

Dómur frá 12. maí 2005 - Yfirdeild

Mál nr. 46221/99

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Handtökuheimild. Frelssvipting. Ómannúðleg meðferð. Réttur til að hitta lögmann. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Óvilhallur dómstóll. Dauðarefsing.

38. gr. Rannsókn máls og sattaumleitanir

Nevmerzhitsky gegn Úkraínu

Dómur frá 5. apríl 2005

Mál nr. 54825/99

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Gæsluvarðhald. Aðbúnaður fanga. Tímalengd varðhalds. Skylda ríkis til að leggja fram gögn.

46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra

Öcalan gegn Tyrklandi

Dómur frá 12. maí 2005 - Yfirdeild

Mál nr. 46221/99

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Handtökuheimild. Frelsisvipting. Ómannúðleg meðferð. Réttur til að hitta lögmann. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Óvilhallur dómstóll. Dauðarefsing.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Teteriny gegn Rússlandi

Dómur frá 30. júní 2005

Mál nr. 11084/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Fullnusta dóma. Hugtakið eign.

1. Málsatvik

Kærendur, Teterin og eiginkona hans Teterina, eru rússneskir ríkisborgarar, fæddir 1954 og 1955 og bæði fyrrverandi dómáram. Með dómi frá 26. september 1994 var fallist á kröfu kærenda þess efnis að bæjaryfirvöld létu þeim í té íbúð, a.m.k. 65 fermetra stóra, og var hún hluti af starfskjörum þeirra sem dómara. Síðan kom í ljós að ekki var unnt að fullnægja dómnum þar sem bæjaryfirvöld höfðu ekki yfir að ráða neinum lausum íbúðum.

Árið 2002 leitaði Teterin aftur til dómstóla með kröfu um að bæjaryfirvöld yrðu dæmd til að greiða fjárhæð sem samsvaraði verði íbúðar sem hann átti rétt til. Í kjölfar þeirrar málshöfðunar buðu bæjaryfirvöld kærendum 25 fermetra, tveggja herbergja íbúð, þann 19. janúar 2004. Kærendur féllust ekki á boðið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu brest á því að fullnægja dómi brjóta gegn réttindum þeirra skv. 1. mgr. 6. gr. og eignarréttur þeirra skv. 1. gr. 1. viðauka hefði verið skertur.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að réttur skv. 1. mgr. 6. gr. væri lítills virði ef ríki gætu gert endanlega dóma innlendra dómstóla að engu með því að fullnægja þeim ekki. Líta yrði á framkvæmd dóms sem grundvallarþátt í þeirri réttlátu málsmeðferð sem tryggð væri með 1. mgr. 6. gr.

Dómstóllinn leit til þess að dómur innanlandsdómstóla hafði ekki enn komið til framkvæmda að fullu og að íbúðin sem boðin var kæranda fullnægði ekki skilyrðum dómsins. Með því að hafa ekki svo árum skipti gripið til nauðsynlegra aðgerða í því skyni að framfylgja dómnum höfðu rússnesk stjórnvöld í raun svipt ákvæði 1. mgr. 6. gr. áhrifum sínum. Taldi dómstóllinn því einróma að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr.

Um 1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn tók fram að hugtakið eign í 1. gr. 1. viðauka hefði sjálfstæða þýðingu og væri ekki háð formlegum skilgreiningum innanlandsréttar aðildarríkjanna. Þá gætu önnur réttindi og hagsmunir en hlutbundin réttindi talist eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka. Rétturinn til félagslegrar þjónustu fellur ekki

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

undir samninginn og rétturinn til að fá að búa í tiltekinni eign sem aðili hefur ekki eignarrétt yfir er ekki heldur talin eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka. Hins vegar benti dómstóllinn á að undir 1. gr. 1. viðauka falli eignir sem hafa fjárhagslegt gildi, svo sem skuldakröfur sem aðili getur sýnt fram á að hann hafi lögmætar væntingar til að fá greiddar.

Dómstóllinn tók fram að innanlandsdómstóll hefði dæmt stjórnvöld til að veita kærendum rétt til afnota íbúðar sem fullnægði skilyrðum dómsins. Dómurinn fól ekki í sér að kæranda yrði veittur eignarréttur að tiltekinni íbúð, heldur nokkurs konar afnotaréttur. Á þeim grundvelli skyldi svo gerður svokallaður félagsleigusamningur milli þar til bærra stjórnvalda og kæranda. Samkvæmt skilmálum þessa samnings hefði kærandi öðlast yfirráð og notkunarrétt yfir íbúð og, undir tilteknum kringumstæðum, rétt til að öðlast eignarrétt yfir henni í samræmi við ákvæði laga um einkavæðingu húsa í eigu ríkisins. Frá því að dómur var kveðinn upp hafði kærandi þannig átt réttmætar væntingar til þess að fá afnot, og jafnvel eignarrétt, yfir eign sem hefur fjárhagslegt verðmæti. Með vísan til þessa taldi dómstóllinn nægilega sýnt fram á að krafa kæranda til félagsleigusamningsins fæli í sér eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka og að brotið hefði verið gegn rétti þeirra skv. 1. gr. 1. viðauka.

Dómstóllinn taldi rússneska ríkinu ennfremur skylt að tryggja framkvæmd réttar kæranda samkvæmt framangreindum dómi. Þá voru kærendum dæmdar 3.000 evrur í miskabætur á grundvelli 41. gr.

Baklanov gegn Rússlandi

Dómur frá 9. júní 2005

Mál nr. 68443/01

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Eignaupptaka. Lagaheimild.

1. Málsatvik

Kærandi, Baklanov, er lettneskur ríkisborgari, fæddur 1957. Þann 20. mars 1997 tók kærandi út af bankareikningi sínum 250.000 bandaríkjadali í reiðufé og bað kunningja sinn, B, að afhenda fjárhæðina í Moskvu. B lenti á Sheremetyevo-flugvelli í Moskvu síðar þennan sama dag. Hann gaf peningana ekki upp við tollyfirvöld þegar hann kom að tollhliði. Var hann handtekinn og ákærður fyrir smygl. B var sakfelldur fyrir smygl skv. 1. mgr. 188. gr. rússneskra hegningarlaga og dæmdur til tveggja ára skilorðsbundins fangelsis. Peningarnir voru gerðir upptækir. Kærandi krafðist afhendingar peninganna þar sem þeir væru lögleg eign hans og lagaheimild skorti fyrir upptökunni. Dómstólar höfnuðu kröfu hans og vísuðu til fordæmis Hæstaréttar Sovétríkjanna frá 1978 um heimild til að gera upptæka smyglaða vöru sem taldist til sönnunargagna máls.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að takmarkanir á eignarrétti hans hefðu ekki haft lagastoð. Hefði því verið brotið gegn réttindum hans skv. 1. gr. 1. viðauka.

Niðurstaða

Ekki var um það deilt að eignaupptakan fæli í sér takmörkun á eignarrétti kæranda í skilningi 1. gr. 1. viðauka, en leysa þurfti úr því hvort hún væri í samræmi við fyrirmæli ákvæðisins um heimilar takmarkanir eignarréttarins. Dómstóllinn benti á að 1. gr. 1. viðauka feli í sér að allar takmarkanir stjórnvalda á friðhelgi eignarréttar þurfi að vera reistar á lögum. Álitafni um hvort meðalhöfs hafi verið gætt milli hagsmuna samfélagsins og takmörkunar á rétti kæranda kæmi aðeins til skoðunar, að sýnt hefði verið fram á að takmörkunin væri í samræmi við ákvæði laga og ekki geðþóttaákvörðun. Með lagaáskilnaði væri sú krafa gerð að takmarkanir hefðu stoð í landslögum sem þyrftu jafnframt að vera aðgengileg og skýr og beiting þeirra fyrirsjáanleg.

Dómstóllinn benti á að 1. mgr. 169. gr. rússneskra hegningarlaga frá 1960 hefði veitt heimild til eignaupptöku á vörum sem farið væri ólöglega með yfir landamæri. Þá mælti 279. gr. tollalaga fyrir um þann möguleika að vörur væru gerðar upptækar, en aðeins í öðrum tilvikum en við smygl. Að auki hefði dómur Hæstaréttar Sovétríkjanna frá 1978 skýrt löggjöfina þannig að smyglaða hluti mætti gera upptæka. Með nýjum hegningarlögum frá 1996 hefði hins vegar fyrrgreind eignaupptökuheimild í 1. mgr. 169. gr. verið felld niður. Væri það ekki á færi dómstólsins að meta af hverju löggjafinn ákvað að endurskoða lögina á þennan hátt. Hins vegar var ljóst að sakfelling fyrir smygl skv. 1. mgr. 188. gr. hegningarlaganna gæti ekki verið lagagrundvöllur fyrir upptöku peninga kæranda. Þannig væri óljóst hvaða lagagrundvöllur, annar en dómur Hæstaréttar frá 1978 sem byggðist á lögum sem síðar voru felld úr gildi, lægi til grundvallar eignaupptöku peninga kæranda.

Dómstóllinn tók fram að vald hans til að endurskoða túlkun og beitingu stjórnvalda aðildarríkja á landslögum væri takmarkað. Hins vegar hefðu lögina í þessu tilviki ekki verið nægilega skýr til þess að fyrirsjáanlegt hefði verið fyrir kæranda hverjar afleiðingar háttsemi hans gætu orðið. Þannig taldi dómstóllinn að takmarkanir á rétti kæranda skv. 1. gr. 1. viðauka hefðu ekki uppfyllt þau skilyrði sem ákvæðið setur. Taldi dómstóllinn því rétt kæranda samkvæmt ákvæðinu hafa verið brotinn og dæmdi kæranda 3.000 evrur í miskabætur.

Einn dómari skilaði séráliti.

Jahn o.fl. gegn Þýskalandi

Dómur frá 30. júní 2005 - Yfirdeild

Mál nr. 46720/99, 72203/01 og 72552/01

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

14. gr. Bann við mismunun

Eignarnám. Bótaréttur.

1. Málsatvik

Kærendur eru fimm þýskir ríkisborgarar. Þeir erfðu land sem arfleifendur þeirra höfðu eignast í kjölfar landbúnaðarúrbótastefnu Austur-Þýskalands. Voru landlausum mönnum með því fengnar jarðir til ræktunar. Réttindi þeirra er fengið höfðu land með slíkum hætti, voru svo enn aukin með lögum frá 1990. Frá þeim tíma var landið undirorpið beinum og ótakmörkuðum eignarrétti þeirra. Í kjölfar sameiningar Austur- og Vestur-Þýskalands voru árið 1992 samþykkt lög, sem skylduðu suma erfingja jarðeigna til að afhenda ríkinu þau, án þess að nokkrar bætur kæmu fyrir og voru kærendur í þeim hópi.

Undanskildir lagaboði þessu voru þó bændur sem uppfylltu þau skilyrði þann 15. mars 1990 að þeir hefðu stundað landbúnaðarrektur, skógariðnað eða matvæla-íðnað í Austur-Þýskalandi eða hefðu stundað atvinnurektur í áðurtöldum atvinnugreinum sl. 10 ár, eða væru félagsmenn í landbúnaðarsamvinnufélagi bænda.

Þýski stjórnlagadómstóllinn staðfesti þá niðurstöðu dómstóla í málum kæranda að ekki hefði verið brotið gegn grundvallarréttindum þeirra og að ákvæði laganna frá 1992 færu ekki í bága við stjórnarskrána.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að skylda þeirra til að afhenda ríkinu landið bótaílaust hefði skert rétt þeirra til að njóta eigna sinna skv. 1. mgr. 1. viðauka. Þá töldu þeir 14. gr., sbr. 1. gr. 1. viðauka, hafa verið brotna þar sem þeir hefðu sætt mismunun.

Niðurstaða deildar

Niðurstaðan í dómi deildar Mannréttindadómstólsins frá 22. janúar 2004 var að þrátt fyrir að atvik í kringum sameiningu Þýskalands yrðu að vera talin einstök hefði skortur á bótum fyrir eignarnám jarðanna brotið gegn meðalhófsreglu 1. gr. 1. viðauka þar sem ekki var tryggt meðalhóf á milli verndar eignarréttar einstaklinganna og almannahagsmuna. Dómstóllinn taldi því brotið gegn réttindum kæranda skv. 1. gr. 1. viðauka. Þýska ríkið skaut málinu til yfirdeildar Mannréttindadómstólsins.

Niðurstaða yfirdeildar

1. gr. 1. viðauka: Kærendur byggðu á því að þeir hefðu öðlast eignarrétt að landinu fyrir arf og að eignarnám jarðanna væri ekki í samræmi við lög þar sem þýski lögjafinn hefði ranglega talið að jarðirnar gætu ekki gengið að erfðum. Ríkið hefði því sett lög sem veittu kærendum eignarrétt að jörðunum og síðar lög sem síðar

heimiluðu ríkinu eignarnám. Þetta töldu kærendur ekki unnt þar sem þeir hefðu tekið jarðirnar í arf og þannig orðið eigendur þeirra áður en lagasetningin kom til. Ríkið gæti þannig ekki veitt þeim eignarrétt að jörðunum með lögum og síðan svipt þá honum á sama hátt með eignarnámi.

Með lögnum 1992 höfðu að mati dómstólsins verið sett skýr skilyrði um í hvaða tilvikum landi sem fengið hafði verið fyrir arf yrði að skila til ríkisins. Dómstóllinn leit til þess hvort með setningu laganna frá 1992 hafi verið náð sanngjarnri máламиðlun milli almannahagsmuna og réttar til friðhelgi eignarréttar einstaklinga. Lögin hefðu verið sett til þess að draga úr þeim göllum sem á lögnum frá 1990 voru með því að jarðir einstaklinga sem ekki uppfylltu tiltekin skilyrði voru gerðar upptækar. Innlendir dómstólar hefðu fyrirskipað kærendum að láta af hendi jarðir sínar til yfirvalda í samræmi við ákvæði laganna 1992. Þýski stjórnlagadómstóllinn hafði staðfest þá niðurstöðu og talið lögin í samræmi við ákvæði grundvallarlaga. Dómstóllinn taldi túlkun innlendra dómstóla ekki umdeilanlega og tók þá fram að það væri aðallega á höndum innlendra dómstóla að beita landslögum, túlka þau og meta stjórnskipulegt gildi þeirra.

Hvað varðaði almannahagsmunum tók dómstóllinn fram að aðildarríki hefðu rúmt svigrúm til mats í þeim efnum. Leit dómstóllinn meðal annars til aðdraganda laga-setningar árið 1990. Þau lög rýmkuðu eignarrétt réttthafa umræddra landa umtalsvert. Lögin voru sett á miklu umbreytingartímabili í þjóðfélaginu og af þingi sem ekki var lýðræðislega kjörið. Stjórn málaástand í landinu var óstöðugt og voru því réttthafar ekki taldir hafa getað búist við því að hinn aukni réttur þeirra yfir umræddu landi myndi haldast óskertur um ókomna tíð. Dómstóllinn taldi þannig ekki vafa á því að ákvörðun þýska lögjafans að leiðrétta þau ósanngjörnu áhrif sem það taldi stafa af lögnum 1990 hafi verið gerð með tilliti til almannahagsmuna.

Dómstóllinn taldi að meta þyrfti hvort sá aðdragandi sem varð að eignarnámi jarða kærenda væri slíkur að réttlætt gæti það að engar bætur komu fyrir það. Ríki hafa rúmt svigrúm til mats þegar kemur að lagasetningu á tímum pólitískra og efnahagslegra breytinga. Þá yrði Þýskaland talið hafa haft rúmt svigrúm til mats við lagasetningu í kjölfar sameiningar Austur- og Vestur-Þýskalands. Dómstóllinn var ekki sammála þeirri niðurstöðu deildar Mannréttindadómstólsins frá 2004 að ekki hefði verið gætt meðalhófs milli hagsmuna kærenda og almannahagsmuna. Í fyrsta lagi voru lögin frá 1990 ekki samþykkt af lýðræðislega kjörnu þingi. Voru þau sett í millibilsástandi milli tveggja stjórnarfyrikomulaga sem einkenndist af óvissu. Undir þessum kringumstæðum gátu kærendur ekki verið vissir um að lagaleg staða þeirra myndi halda, sérstaklega þar sem í lögnum frá 1990 var ekki vísað til arfleiðslu jarðanna og staða þeirra sem ekki stunduðu landbúnað eða voru félagsmenn í landbúnaðarsamvinnufélagi var ótrygg. Í öðru lagi leið tiltölulega stuttur tími frá sameiningunni fram að setningu laganna. Með tilliti til þeirra aðgerða sem þýski lögjafinn þyrfti að standa í eftir sameininguna var ríkið talið hafa gripið inn í ástandið sem varð samkvæmt lögnum frá 1990 innan hæfilegs tíma. Væri ekki unnt að gera þá kröfu til ríkisins að það áttaði sig fyllilega á afleiðingum laganna á degi sameiningarinnar. Í þriðja lagi var tilefni laganna ekki talið ósanngjarnt. Var litið til

Þess að breytingar á lögnum voru réttlættar með tilliti til félagslegs réttlætis. Dómar stjórnlagadómstólsins voru ennfremur ekki taldir umdeilanlegir. Það var ekki talið brjóta gegn kröfum um meðalhóf að kærendum voru ekki greiddar bætur. Var m.a. vísað til þess að þeir öðluðust aukinn rétt yfir jörðunum með lögnum 1990, á kostnað hagsmuna annarra. Þá var einnig litið til þess að eignarnámið var ekki aðeins gert til hagsbóta fyrir ríkið heldur þjónaði einnig þeim tilgangi að dreifa jörðum aftur til bænda.

Með vísan til þeirrar óvissu sem var um lagalega stöðu erfingja og röksemda þýska ríkisins um félagslegt réttlæti taldi dómstóllinn að skortur á greiðslu bóta hefði ekki brotið gegn því meðalhófi sem vera þarf á milli verndar eignarréttar og almannahagsmuna. Var einkum litið til þess einstaka samhengis sem eignarnámið varð í í tengslum við sameiningu Þýskalands. Það varð niðurstaða meirihluta 11 dómara af 17 að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda skv. 1. gr. 1. viðauka.

14. gr., sbr. 1. gr. 1. viðauka: Með tilliti til lögmæts markmiðs eignarnámsins, þess að það var framkvæmt í þágu almannahagsmuna og með vísan til svigrúms aðildarríkja til mats í þessum efnum, taldi dómstóllinn leiðréttingu þá sem fólst í lögnum frá 1992 ekki ósanngjarna eða leggja á kærundur hlutfallslega þunga byrði. Ákvæði laganna frá 1992 voru því sett á fullnægjandi, hlutlægan og sanngjarnan hátt. Það varð niðurstaða meirihluta 15 dómara að ekki hefði verið brotið gegn 14. gr., sbr. 1. gr. 1. viðauka.

Átta dómarar skiluðu séráliti.

Bosphorus Airways gegn Írlandi **Dómur frá 30. júní 2005 - Yfirdeild** **Mál nr. 45036/98**

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar
Haldlagning. Löggjöf Evrópusambandsins. Framkvæmd viðskiptabanns SP.
Ábyrgð aðildarríkis.

1. Málsatvik

Kærandi er leiguflugfélag sem starfar í Tyrklandi. Þann 17. apríl 1992 leigði kærandi Boeing-þotu af flugfélaginu Yugoslav Airlines (JAT) sem starfrækt er í fyrrverandi sambandslýðveldi Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi). Leiguflugvél kæranda fór til viðhalds og viðgerðar hjá fyrirtækinu TEAM Aer Lingus á Írlandi. TEAM óskaði eftir álitni írska samgönguráðuneytisins 2. mars 1993 á því hvort kærandi félli undir ákvæði reglugerðar ráðs EB nr. 990/93 sem var sett til að framfylgja viðskiptabanni öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna (SP) gagnvart Júgóslavíu frá 30. maí 1992. Reglugerðin mælti m.a. fyrir um að ríki skyldu haldleggja allar flugvélar á yfirráðasvæði sínu sem væru í meirihlutaeigu eða undir ráðandi eigu einstaklings eða lögaðila sem starfaði í Júgóslavíu. Þann 28. maí 1993 var viðgerðarvinnu TEAM lokið og var vélin afhent kæranda. Flugmálafirvöld á flugvellinum í Dublin stöðvuðu brottför flugvélarinnar sama dag samkvæmt fyrirmælum

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Samgönguráðuneytisins sem taldi það brjóta gegn viðskiptabanni SP ef flugvél in yfirgæfi landið. Í bréfi nefndar SP um viðskiptaþvinganir frá 8. júní 1993 kom fram að þjónusta við flugvélar sem væru í eigu fyrirtækis sem starfrækt væri í Júgóslavíu bryti gegn viðskiptabanni SP. Írsk stjórnvöld lögðu hald á flugvélna 8. júní 1993.

Kærandi höfðaði mál á hendur írsku ríkinu í nóvember 1993 vegna haldlagningarinnar. Dómur undirréttar var kveðinn upp 21. júní 1994. Í túlkun sinni á reglugerð ráðsins nr. 990/93 var lítið til tilgangs reglugerðarinnar og varð niðurstaða dómsins að ákvæði sem ákvörðunin vísaði til gætu ekki verið grundvöllur haldlagningar á flugvélinni. Í kjölfarið var flugvél in haldlögð á nýjan leik, nú á grundvelli 1., 9. og 10. gr. reglugerðarinnar, og var kærandi tilkynnt um það með bréfi samgönguráðherra 5. ágúst 1994. Kærandi skaut ákvörðun ráðherra um haldlagningu flugvélarinnar til dómstóla. Með dómi áfrýjunarréttar 22. janúar 1996 var ákvörðun ráðherra felld úr gildi. Úrslitum um þá niðurstöðu réð sú töf á ákvörðun ráðherra að haldleggja flugvélna á grundvelli 9. gr. reglugerðarinnar. Taldi áfrýjunarrétturinn að ráðherra hefði brugðist þeirri skyldu sinni að rannsaka og taka ákvörðun innan hæfilegs tíma í samræmi við réttlátar málsmeðferðarreglur og með tilliti til hagsmuna kæranda.

Þann 8. ágúst 1994 áfrýjaði samgönguráðherra dómi undirréttar frá 21. júní 1994 til Hæstaréttar. Var óskað eftir forúrskurði Evrópudómstólsins á því hvort 8. gr. reglugerðarinnar skyldi túlkuð á þá vegu að hún ætti við um flugvél sem væri í eigu fyrirtækis sem er í meirihlutaeigu eða undir ráðandi eigu aðila í Júgóslavíu, en hefur verið leigð út af eiganda hennar um fjögurra ára tímabil til fyrirtækis sem er hvorki í eigu né starfrækt af aðila í Júgóslavíu. Með forúrskurði Evrópudómstólsins 19. júlí 1996 var reglugerð ráðsins nr. 990/93 talin eiga við í þessu tilviki. Þann 6. ágúst 1996 var flugvél kæranda haldlögð skv. 8. gr. reglugerðar nr. 990/93. Flugvélinni var skilað til JAT 30. júlí 1997. Kærandi missti afnot af vélinni í þrjú ár af samtals fjögurra ára leigutíma hennar. Flugvél in var sú eina sem hafði verið kyrrsett á grundvelli nefndrar tilskipunar og viðskiptabanns SP.

2. Meðferð málsins fyrir Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi haldlagningu írsku ríkisins á flugvélinni brjóta gegn friðhelgi eignarréttar hans skv. 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann. Taldi hann innleiðingu viðskiptaþvingana SP af hálfu írsku ríkisins hafa falið í sér takmarkanir réttinda sem vernduð væru í 1. gr. 1. viðauka.

Niðurstaða

Aðilar málsins, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og önnur ríki lögðu fram umfangsmiklar skriflegar athugasemdir hvað varðaði 1. gr. sáttmálans varðandi ábyrgð írsku ríkisins á innleiðingu skuldbindinga að Evrópurétti. Dómstóllinn tók fram að 1. gr. sáttmálans kvæði á um ábyrgð aðildarríkja vegna brota á réttindum einstaklinga sem eru innan yfirráðasvæðis þess. Talið var að kærandi teldist hafa verið innan yfirráðasvæðis írsku ríkisins þar sem haldlagning flugvélarinnar beindist

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

að honum. Ekki var deilt um að eignarréttur kæranda hafi verið takmarkaður, þ.e. réttur hans til að nýta hina leigðu flugvél. Aðilar deildu um hvort takmörkunin fæli í sér eignaupptöku skv. 1. mgr. 1. gr. eða takmörkun á notkun eignar í samræmi við 2. mgr. 1. gr. 1. viðauka. Dómstóllinn taldi ágreiningsefnið eiga undir 2. mgr. 1. gr. þar sem haldlagning flugvélarinnar byggðist á viðskiptabanni sem takmarkaði notkun eigna.

Aðila greindi á um það hvort haldlagning flugvélarinnar hefði verið byggð á skyldu írska ríkisins skv. 8. gr. reglugerðar nr. 990/93, og hvort þannig hefði verið lagastoð fyrir upptökunni frá upphafi. Í þessu sambandi benti dómstóllinn á að það væri aðallega á höndum innlendra stjórnvalda, einkum dómstóla, að túlka og beita landslögum, jafnvel þegar hin innlendu lög vísa til þjóðaréttar eða alþjóðasamninga. Þannig væru dómstólar Evrópusambandsins í betri stöðu til að túlka og beita Evrópurétti. Í hverju tilviki væri hlutverk dómstólsins takmarkað við að meta hvort afleiðingar slíks mats væru í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Þegar reglugerð nr. 990/93 tók gildi fékk hún bein réttaráhrif í aðildarríkjum Evrópusambandsins þannig að ekki varð vikið frá ákvæðum hennar. Reglugerðin varð hluti landsréttar frá og með birtingu hennar 28. apríl 1993. Þurfti því ekki að lögleiða reglugerðina sérstaklega á Írlandi svo að hægt væri að framfylgja ákvæðum hennar. Írsk stjórnvöld töldu sig réttilega, að mati dómstólsins, skuldbundin til að haldleggja hverja þá flugvél, sem talið var að 8. gr. reglugerðarinnar tæki til. Dómurinn nefndi einnig að mat írskra stjórnvalda hefði verið staðfest meðal annars af dómstóli Evrópusambandsins. Taldi dómstóllinn, að áfrýjunardómstólnum hefði borið að óska eftir forúrskurði frá dómstóli Evrópusambandsins og einnig að hlíta honum. Því hafi niðurstaða hans verið sú að reglugerðin tæki til umrædds tilviks. Taldi því dómstóllinn að aðgerðir írska ríkisins hefðu verið gerðar í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar ríkisins sem aðildarríkis að Evrópusambandinu. Að öllu virtu var ákvörðun ríkisins að haldleggja flugvélinu byggð á skyldum ríkisins til að framfylgja skuldbindingum sínum samkvæmt Evrópurétti.

Dómstóllinn tók fram að skýra yrði 2. mgr. 1. gr. 1. viðauka til samræmis við þau almennu skilyrði sem fram koma í 1. mgr. greinarinnar. Það markmið sem haldlagningin þjónaði voru löglegar skuldbindingar írska ríkisins vegna aðildar þess að Evrópusambandinu. Sáttmálann yrði að túlka til samræmis við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem gilda milli aðila hans. Dómstóllinn viðurkenndi einnig vaxandi mikilvægi alþjóðlegra skuldbindinga og samstarfs og nauðsyn þess að tryggja fulla virkni alþjóðastofnana. Væri það grundvallaratriði fyrir yfirþjóðlegar stofnanir eins og Evrópusambandið að tekið væri tillit til þessa. Dómstóllinn hefði því viðurkennt að framfylgni við Evrópurétt af aðildarríkjum sáttmálans væri lögmætt markmið í skilningi 1. gr. 1. viðauka.

Að mati dómstólsins er aðgerð ríkis sem framkvæmd er í lögmætu markmiði réttlæt看anleg ef grundvallarmannréttindi eru tryggð í a.m.k. sama mæli og þau eru tryggð samkvæmt sáttmálanum. Í mati sínu á því hvort aðgerðirnar hefðu verið réttlæt看anlegar tók dómstóllinn fram að mannréttindavernd innan Evrópusambandsins væri, og hefði á umræddum tíma, verið sambærileg og í framkvæmd Mann-

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

réttindasáttmála Evrópu. Því mætti gefa sér að írska ríkið uppfyllti jafnan skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum þegar það væri að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Evrópurétti. Það væri einungis í tilvikum þar sem misbrestur á vernd réttinda samkvæmt sáttmálanum væri augljós að hægt væri að halda öðru fram. Í þeim tilvikum yrði að telja að sjónarmið um alþjóðasamvinnu yrðu að víkja fyrir ákvæðum sáttmálans, sem um leið væri stjórnþæki lagalegs eðlis og hefði það hlutverk að viðhalda almannareglu á samningssvæði sínu.

Með hliðsjón af eðli afskipta stjórnvalda, þeim almannahagsmunum sem leitast hafði verið við að tryggja með haldlagningunni og dómi Evrópudómstólsins komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að haldlagning flugvélarinnar hefði ekki brotið í bága við ákvæði 1. gr. 1. viðauka.

Sjö dómarar skiluðu séráliti.

